FRÉTTABLAÐIÐ

32. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 7. FEBRÚAR 2019

# Veipbúðir mala gull

**NEYTENDUR** „Það er ekki söluaukning af því að börn og unglingar eru að kaupa þetta. Það eru bein tengsl á milli aukningar á sölu á veipi og minnkandi sölu á tóbaki,“ segir Haukur Ingi Jónsson, einn eigenda Gryfjunnar. Sprenging varð hjá versluninni og fjórum öðrum sérverslunum með rafrettur og áfyllingar árið 2017. Samkvæmt úttekt Fréttablaðsins veltu þessar helstu verslanir á sjöunda hundrað milljóna króna á sama tíma og sala ÁTVR á tóbaki í öllum flokkum dróst verulega saman. Söluaðilar á veiptengdum varningi hér á landi eru líklega á þriðja tug.



Haukur Ingi Jónsson.

**665**

**milljónir voru rekstrartekjur fimm helstu sérsverslana með veip árið 2017.**

Ný rafrettulög taka gildi 1. mars næstkomandi en Haukur á ekki von á að veipsjoppur spretti upp á hverju horni, sú þróun sé yfirstaðin. Samkvæmt úttekt Fréttablaðsins er söluaukningin milli ára hvergi jafn sýnileg og hjá Gryfjunni og Polo Vape Shop, sem báðar eru rótgrónar verslanir í bransanum ef svo má segja meðan fyrsta rekstrarár hinna var 2016. Veltan jókst um 41 prósent hjá Gryfjunni milli ára en sexfaldaðist hjá Polo. – smj / sjá síðu 6

**29%**

**samdráttur var í sölu ÁTVR á reyktóbaki árið 2017.**

# Ummæli Más Sólveigu áfall

**KJARAMÁL** „Sem fulltrúi verka- og láglaunafólks þá finnst mér þessi orðanotkun bara sjokkerandi,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, vegna ummæla Más Guðmundssonar seðlabankastjóra.



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

Már segir að ekki sé samdráttur fram undan nema til komi ný áföll. Verkföll og launahækkanir langt umfram svigrúm yrðu slíkt áfall.

Sólveig segir að sér finnist skjóta skökku við að manneskja sem samkvæmt öllum íslenskum mælikvörðum hafi mjög háar tekjur leyfi sér að tala svona til fólks sem sé að berjast fyrir því að á þremur árum verði lágmarkslaun 425 þúsund krónur á mánuði. – sar / sjá síðu 4

# Hættum að vera sóðar

Einnota plast sem fyllir heimshöfin og fita, olía og aðrir aðskotahlutir í fráveitu- og holræsakerfum eru meðal þess sem er að gera fallegu jörðina okkar að verri stað. Vandamálið er alvarlegt. Ef þróunin heldur áfram á þann veg sem horfir verður meira plast í hafinu en fiskur árið 2050. Þörf er á viðhorfsbreytingu og að fólk raunverulega breyti neysluhegðun sinni. → 12-17

» Örplast hefur fundist í drykkjarvatni hér á landi.

**12** Talið er að hver plastpoki sé notaður að meðaltali í um 12 mínútur.

» Það tekur um 1.000 ár fyrir venjulegan burðarplastpoka að brotna niður.

■ Fituhlunkar myndast þegar blautklútar, fita og önnur föst efni mætast í fráveitulögnum, verða að vöndli og halda svo áfram að hlaða utan á sig. Hafa þeir fundist í fráveitu- og holræsakerfum víða um heim. Stærsti fituhlunkur sem fundist hefur í holræsakerfi var um 250 metrar á lengd, eða á stærð við Titanic.



## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Jón Hálfdanarson eðlisfræðingur styður friðlýsingu Víkurgarðs. 25

**SPORT** Fjórir leikmenn hafa gefið flestar stoðsendingar. 18

**MENNING** Stemmingin í Goðheimum er góð. 36

**LÍFIÐ** Daði Freyr er annar umsjónarmanna nýsköpunarkeppni ungs fólks sem sýnd verður á RÚV í vor. 44



PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Norðaustan 8-15 og él, en léttskýjað S-lands. Bætir í vind SA-til í kvöld og líkur á éljum allra syðst. Frost 0 til 9 stig, mildast syðst. SJÁ SÍÐU 30

# Stjórnin skoðar frekari aðgerðir fyrir fjölmiðla

**STJÓRNMÁL** Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra útilokar ekki breytingar á fjölmiðlafrumvarpi sem hún kynnti fyrir viku og felur í sér ríkisstyrki til sjálfstæðra fjölmiðla.

Nú er skoðað að fella einnig niður tryggingagjald á launakostnað ritstjórna sjálfstæðra miðla, líkt og Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokks, lagði til í Morgunblaðinu í gær.



**Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra.**

Tryggingagjald er gjald sem launagreiðendum ber að greiða af heildarlaunum launamanna. Hlutfallið er 6,6 prósent. „Ég útiloka ekki frekari stuðning við einkarekna fjölmiðla. Frumvarpið er heillaskref. Það tekur mið af því besta sem gerist á Norðurlöndum og er viðurkenning á vandanum sem einkareknir fjölmiðlar glíma við, en það er eins og með önnur frumvörp að þau taka oft breytingum í samráðsferli,“ segir Lilja. Áfram verði unnið að því að rétta stöðu sjálfstæðra fjölmiðla. „Ég hef sagt að þetta sé ágætis byrjun. Ég er opin fyrir öllum góðum hugmyndum.“

Þingmenn innan Sjálfstæðisflokks hafa gert athugasemdir við frumvarpið og gagnrýnt að ekkert sé tekið á umfangi RÚV á auglýsingamarkaði. Óli Björn sagðist enn fremur andvígur því að komið yrði á fót „millifærslu- og styrktarsjóði til að styðja við sjálfstæða fjölmiðla,“ í grein sinni og segir ríkisstyrkina sem lagðir eru til í frumvarpinu, sem liggur í samráðsgáttinni og er opið til umsagnar, verstu leiðina til að styrkja einkarekna miðla. Fleiri þingmenn flokksins hafa efasemdir um fyrirkomulagið. Aðgerð af þessu tagi gæti skapað meiri sátt um málið meðal stjórnarliða. **– ósk**

## Gullið fægt fyrir Safnanótt



**Safnanótt verður opnuð klukkan 18 á morgun í Seðlabankanum. Sýningin verður helguð sparnaði fyrr og nú auk sýninga á völdum málverkum bankans. Meðal sýningargripa verður gull í ýmsu formi og gefst gestum kostur á að lyfta gullstöng sem verður til sýnis í fyrsta sinn. Aðeins lítið hlutfall gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans er í formi gulls en gulleign bankans var um 64 þúsund únsur í árslok 2018 og er metin á 10 milljarða króna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Samgöngunefnd boðuð til fundar

**STJÓRNMÁL** Fundur hefst í umhverfis- og samgöngunefnd klukkan 9 í dag án þess að lausn hafi verið fundin á formannskrísu nefndarinnar. Samkvæmt dagskrá á að ræða starfið fram undan og önnur mál en búist er við að kosið verði um nýjan formann strax og fundur hefst.

Ekki liggur fyrir hvernig línurnar liggja í nefndinni og því ekki ljóst hvort hefur stuðning; Jón Gunnarsson eða Hanna Katrín Friðriksson. Rósa Björk Brynjólfsdóttir mun að sögn fylgja minnihlutanum að málum en ekki er enn ljóst hvern Bergþór Ólason, formaður nefndarinnar, styður í formannssæti og ekki gefið að hann fylgi meirihlutanum þrátt fyrir að hafa staðið varaformannsembættið til boða.

Mikið mæðir á nefndarmönnum í dag því einnig á að ljúka umræðu um samgönguáætlun í þinginu í dag og greiða um hana atkvæði. **– aá**

# Hyggjast hópfjármagna hof eftir framúrkeyrslu

**Bygging hofs Ásatrúarfélagsins í Öskjuhlíð er komin fram úr áætlun og mun kosta ríflega 140 milljónum meira en til stóð. Hópfjármögnun skoðuð til að ljúka verkinu en allsherjargoði hefur ávallt vonað að hofið rísi skuldlaust.**

**TRÚFÉLÖG** Kostnaður við byggingu ásatrúarhofsins í Öskjuhlíð er kominn langt fram úr áætlun og skoðar félagið nú nýstárlegar leiðir til fjáröflunar fyrir lokasprett framkvæmdanna. Allsherjargoði segir hópfjármögnunarherferð í undirbúningi til að komast hjá skuldsetningu. Vonast er til að safna að minnsta kosti 18 milljónum króna með þessu móti.

„Það er svo mikið af fólki búið að hafa samband og vill fá að vita hvort það geti styrkt þetta á einhvern hátt,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði spurður út í málið.

„Við höfum verið að reyna að finna þessu farveg þannig að við séum ekki með betlistafinn heldur frekar að þetta sé eitthvað þar sem fólk er að fá eitthvað á móti,“ segir Hilmar Örn og segir að verið sé að hanna einhverja pakka sem bæði henta þeim sem gefa lítið og þeim sem hafa viljað gefa meira. Hópfjármögnunarsíður á borð við Karolina Fund bjóða velunnurum oft fríðindi eða eitthvað annað í staðinn fyrir styrkveitinguna. Ekki er búið að ákveða hvort Karolina Fund eða annar sambærilegur vettvangur verður fyrir valinu.

„Við höfum verið að skoða alla möguleika. Maður vill geta gert þetta með ákveðinni reisn.“

Hingað til hefur verkefnið verið fjármagnað alfarið af félagsmönnum og því fé sem félagið hefur safnað. En Ásatrúarfélagið er ekki ónæmt fyrir hættunni á framúrkeyrslu í framkvæmdum, frekar en aðrir.

„Við höfum lent í, eins og virðist vera með hverja einustu byggingu á Íslandi, að fara langt fram yfir áætlun. Upprunaleg áætlun upp á 127 milljónir er löngu sprungin,“ segir Hilmar Örn. Í dag áætlar hann að þurfi 270 milljónir til að klára verkið.

Á lögréttufundi þann 12. desember kom fram að fjárhagsstaða félagsins væri betri nú en undanfarna mánuði og hægt hafi verið að standa við allar skuldbindingar félagsins og hofkostnað án þess að það bitni á félagsstarfseminni. Nokkuð sem Hilmar segir að sé góðu fólki að þakka.

„Við höfum ekki enn þurft að taka bankalán og við viljum sjá hvað við getum lagt til sjálf og með þessu átaki. Upprunalega hugmyndin var að gera þetta skuldlaust og við þrjóskumst við enn þá.“

Hilmar segir bjartsýnustu spár gera ráð fyrir verklokum í desember, vonir standi þó til að koma félagsstarfinu inn í bygginguna í haust en smíði hvelfingar hofsins sé óvissuþáttur. **mikael@frettabladid.is**



**Ásatrúarfélaginu var úthlutuð lóð í Öskjuhlíð árið 2006 en tíu árum síðar hófust framkvæmdir. Svona var staðan í fyrradag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Við höfum lent í, eins og virðist vera með hverja einustu byggingu á Íslandi, að fara langt fram yfir áætlun.**
>
> Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði








**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Greinarnar á vefmiðli Fréttablaðsins urðu 36.700 á fyrsta starfsárinu

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið.is fagnar í dag eins árs afmæli sínu. Vefmiðillinn hefur á þessum tíma unnið sér sess á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Markmiðið er áfram að færa lesendum traustar og áreiðanlegar fréttir, öllum stundum dags.

Fréttablaðið.is hefur hlotið afar góðar viðtökur lesenda allt frá fyrsta degi, þann 7. febrúar 2018.

Vefmiðillinn var opnaður með formlegum hætti af Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, rúmri viku síðar, eða 15. febrúar 2018. Alls hafa um 36.700 greinar verið ritaðar á vefinn á þessu eina ári.

Hugmyndin um stofnun Fréttablaðsins.is var fyrst rædd árið 2016 og kom svo til framkvæmda árið 2017 þegar fyrirséð var að Fréttablaðið og Vísir.is yrðu aðskilin, en miðlarnir tveir höfðu haldist í hendur frá árinu 2004.

Gríðarleg vinna var lögð í hönnun og þróun vefsins þar sem áhersla var lögð á einfaldleika og gott aðgengi. Komu fjölmargir að verkefninu, bæði hér heima og erlendis.

Fréttablaðið þekkja langflestir landsmenn. Blaðið hefur ratað í póstkassa þeirra flestra í tæpa tvo áratugi og þannig skipað sér sess í lífi Íslendinga. Blaðinu er dreift á Stór-Reykjavíkursvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri auk þess sem sérstaka Fréttablaðskassa er að finna víða um land.

Að auki má nálgast allar fréttir blaðsins, og miklu meira til, á hinum eins árs gamla vef, www.frettabladid.is.



**Vefmiðli Fréttablaðsins var hleypt af stokkunum fyrir ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Klæddist einkennisjakka lögreglu og fékk dóm fyrir brot gegn valdstjórninni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Í fangelsi fyrir að þykjast vera lögreglumaður

**DÓMSMÁL** Maður var dæmdur í átta mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir vopnalagabrot og brot gegn valdstjórninni með því að hafa opinberlega og án heimildar klæðst einkennisjakka sem áskilinn er íslensku lögreglunni og hluti af einkennisbúningi hennar, við Lækjarvað í Reykjavík síðastliðið sumar.

Þá hafði maðurinn einnig haft í vörslu sinni útdraganlega kylfu, sem ekki er ætluð til íþróttaiðkunar og ein handjárn úr málmi.

Ekki kemur fram í dómnum hvernig maðurinn komst yfir umræddar eignir lögreglunnar en tækin voru, auk jakkans, gerð upptæk samkvæmt dómsorði. Maðurinn var einnig dæmdur fyrir fíkniefnabrot og fyrir umferðarlagabrot. **– aá**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Segir ummæli seðlabankastjóra innsýn í afstöðu hans til fólks

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segist sjokkeruð á ummælum seðlabankastjóra um afleiðingar verkfalla og launahækkana. Félagsmenn sínir séu aðeins að berjast fyrir mannsæmandi launum fyrir störf sín. Efling beinir sjónum sínum að ríkisstjórninni með nýrri skýrslu um skattamál sem kynnt verður í dag.

**KJARAMÁL** „Það sem gerðist á þessum fundi var allavega það að í næstu viku munum við ræða launaliðinn. Það verður að koma í ljós hvort Samtök atvinnulífsins muni þá leggja fram eitthvert alvöru tilboð,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

Áttundi fundur Samtaka atvinnulífsins (SA) og Eflingar, VR, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Grindavíkur fór fram í gær. Aðilar munu hittast næst á miðvikudaginn í næstu viku.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í gær að það væri að slakna á spennu í þjóðarbúskapnum en það væri ekki samdráttur fram undan nema til kæmu ný áföll. Verkföll og launahækkanir langt umfram svigrúm yrðu slíkt áfall.

„Sem fulltrúi verka- og láglaunafólks þá finnst mér þessi orðanotkun bara sjokkerandi. Að það sé áfall ef við komumst skrefinu nær því að hér náist einhvers konar efnahagslegt réttlæti,“ segir Sólveig Anna.

Henni finnst skjóta skökku við að manneskja sem samkvæmt öllum íslenskum mælikvörðum hafi mjög háar tekjur leyfi sér að tala svona til fólks sem sé að berjast fyrir því að á þremur árum verði lágmarkslaun 425 þúsund.

„Okkar félagsmenn eru að berjast fyrir því að fá greitt eitthvað sem mætti kalla mannsæmandi laun. Þetta er fólk sem hefur með sinni miklu vinnu keyrt hér upp uppgang í efnahagslífinu og komið íslensku samfélagi upp úr kreppu með sinni geigvænlega miklu vinnu.“



**Sólveig Anna segir félagsmenn sína einungis vera að berjast fyrir mannsæmandi launum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Sem fulltrúi verka- og láglaunafólks þá finnst mér þessi orðanotkun bara sjokkerandi.**
>
> Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Ummælin séu þó góð innsýn í vissan hugarheim og afstöðu gagnvart lífi og tíma fólks.

Í dag verður kynnt ný skýrsla um skattamál sem Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, og Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, unnu að beiðni Eflingar.

„Við erum að krefjast þess að atvinnurekendur mæti okkur af sanngirni en jafnframt að sækja mjög markvisst fram gegn stjórnvöldum. Við þurfum að snúa af þessari ömurlegu vegferð sem við höfum verið á. Það þarf að nota skattkerfið sem raunverulegt jöfnunartæki með því að endurúthluta gæðunum.“

Skattkerfið gagnist einkum ríkasta fólkinu beinlínis á kostnað láglaunastétta sem í raun haldi samfélaginu gangandi. „Það er ekki bara þessi viðbjóðslega samræmda láglaunastefna sem hér hefur tíðkast heldur ber ríkisvaldið stóra ábyrgð á lífskjörum fólks með því að nota skattkerfið gegn því.“ **sighvatur@frettabladid.is**



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep
THERE'S ONLY ONE




# NÝR NISSAN LEAF TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Nú eigum við örfáa Nissan Leaf sem eru lausir til afgreiðslu strax og því um að gera að bregðast skjótt við. Nissan Leaf er mest seldi og tæknilegasti rafbíll í heimi. Komdu og kynntu þér möguleikana á að skipta yfir í grænni lífsstíl á glænýjum Nissan Leaf.

**Nissan Leaf Acenta.**
**Verð frá 4.490.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ 120.000 KM

WINNER WORLD CAR AWARDS 2018 WORLD GREEN CAR

Nýr Nissan Leaf var kjörinn **The World Green Car 2018** á alþjóðlegu bílasýningunni í New York. Verðlaun World Car Awards eru ein þau eftirsóttustu sem veitt eru í bílaiðnaðinum á heimsvísu.

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



SSANGYONG REXTON HLX
Raðnúmer 590263
Nýskráður: 2019 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 1.000 km.
Verð: 7.590.000 kr.

Bílar með reynslu!
Smelltu á notadir.benni.is



OPEL KARL
Raðnúmer 680020
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 1.000 km.
Verð: 2.290.000
Tilboð: 1.990.000 kr.



OPEL ASTRA ST INNOVATION
Raðnúmer 150243
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 1.000 km.
Verð: 4.690.000
Tilboð: 3.990.000 kr.



HYUNDAI I10 COMFORT
Raðnúmer 150149
Nýskráður: 2016 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 17.000 km.
Verð: 1.750.000
Tilboð: 1.550.000 kr.



TOYOTA YARIS ACTIVE PLUS
Raðnúmer 445416
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 23.000 km.
Verð: 2.590.000
Tilboð: 2.190.000 kr.



HYUNDAI IX35
Raðnúmer 103626
Nýskráður: 2012 / Bensín
Sjálfskiptur/ Ekinn: 145.000 km.
Verð: 1.790.000
Tilboð: 1.490.000 kr.



NISSAN QASHQAI TEKNA
Raðnúmer 445213
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 27.000 km.
Verð: 4.690.000
Tilboð: 3.890.000 kr.



HONDA CR-V ELEGANCE
Raðnúmer 445398
Nýskráður: 2016 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 106.000 km.
Verð: 3.490.000
Tilboð: 2.990.000 kr.



AUDI A3 SPORTBACK E-TRON
Raðnúmer 112580
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 4.000 km.
Verð: 4.950.000
Tilboð: 4.790.000 kr.

Bílabúð Benna
NOTAÐIR BÍLAR
Skoðaðu úrvalið á notadir.benni.is
Reykjavík
Krókháls 9 | Sími: 590 2035
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Opnunartímar:
Virka daga 10-18
Laugardaga 12-16
* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl.

# Veipsjoppur velta mörg hundruð milljónum

**Á sama tíma og sprenging varð í sölu sérverslana með rafrettur og áfyllingar árið 2017 dróst sala ÁTVR á tóbaki verulega saman. Ný lög um vöruna væntanleg en verslunareigandi býst ekki við fjölgun og býst við jafnvægi á næsta ári.**

**NEYTENDUR** Fimm af helstu sérverslunum með rafrettur og nikótínvökva veltu alls hátt í sjö hundruð milljónum króna árið 2017. Merkja má töluverða tekjuaukningu milli ára samkvæmt ársreikningum. Á sama tíma og veipsjoppur fundu fyrir uppgangi og söluaukningu milli áranna 2016 og 2017 greindi ÁTVR á sama tíma frá því að tekjur af sölu tóbaks drógust saman í öllum flokkum. Einn eigenda veipverslunarinnar Gryfjunnar segir þetta sýna að veipur eru fyrst og fremst hjálpartæki til að hætta tóbaksneyslu fremur en nikótíngildra fyrir börn og unglinga eins og oft sé haldið fram.

„Það er ekki söluaukning af því að börn og unglingar eru að kaupa þetta. Það eru bein tengsl á milli aukningar á sölu á veipi og minnkandi sölu á tóbaki,“ segir Haukur Ingi Jónsson, einn eigenda Gryfjunnar. Hann áætlar að 95 prósent viðskiptavina þeirra séu fólk sem er að reyna að hætta.

Þegar ársreikningar fimm af helstu veipsjoppum landsins eru skoðaðir, og þá eru undanskildar verslanir sem selja veitingar og aðrar vörur fyrst og fremst, má sjá að sprenging varð árið 2017. Rekstrarfélög þeirra veltu hátt í sjö hundruð milljónum, velta og hagnaður jókst. En á sama tíma greindi ÁTVR frá því að sala reyktóbaks hefði dregist saman um 29 prósent, sala á sígarettum um 9,4 prósent og vindlum um 13 prósent. Meira að segja sala á neftóbaki dróst saman um tæp sex prósent.

Tugir smásöluaðila með veiptengdan varning eru á Íslandi og því ljóst að velta greinarinnar í heild sinni er mun meiri en þessar tölur úttektar Fréttablaðsins gefur til kynna.

Ný lög um rafrettur og áfyllingar taka gildi 1. mars 2019 og fela þau í stuttu máli í sér lögleiðingu á þessum varningi. Haukur Ingi kveðst eiga von á því að markaðurinn leiti jafnvægis á næsta ári enda hafi sprengingin í greininni þegar átt sér stað.

„Sprengingin er búin. Þegar við byrjuðum fyrir fjórum árum voru kannski tvær búðir en í dag eru þær örugglega um þrjátíu,“ segir Haukur Ingi sem kveðst líkt og kollegar sínir fagna nýju lögunum sem kallað hafi verið eftir um árabil. Ekki væru allir sáttir en heilbrigðisráðherra hafi gert vel, þegar upp var staðið.

Í úttekt Fréttablaðsins er söluaukningin milli ára hvergi jafn sýnileg og hjá verslunum Gryfjunnar og Polo Vape Shop, en báðar eru rótgrónar verslanir í bransanum ef svo má segja meðan hinar áttu sitt fyrsta rekstrarár árið 2016. Veltan jókst um 41 prósent hjá Gryfjunni milli ára en hjá Polo sexfaldaðist hún. Allar upplýsingar eru fengnar úr ársreikningum viðkomandi rekstrarfélaga fyrir árið 2017. Ársreikningar ársins 2018 liggja ekki fyrir. Haukur Ingi segir síðasta ár hafa verið mun jafnara en árið 2017.

**mikael@frettabladid.is**



### Veltuaukning hjá veipsjoppum

| Fyrirtæki | Tekjur 2017 | Aukning frá fyrra ári | Hagnaður 2017 |
|---|---|---|---|
| Gryfjan | 188,3 millj. | 41% | 43,8 milljónir |
| Polo Vape Shop | 151.5 millj. | 604% | 45,5 milljónir |
| Fairvape | 136,6 millj. | 798% | 1,8 milljónir |
| Djákninn | 113.4 millj | 687% | 11,3 milljónir |
| Icevape | 75,4 millj. | 4088% | 6,6 milljónir |

> **Það er ekki söluaukning af því að börn og unglingar eru að kaupa þetta. Það eru bein tengsl á milli aukningar á sölu á veipi og minnkandi sölu á tóbaki.**
>
> Haukur Ingi Jónsson, eigandi Gryfjunnar



# Forsætisráðherra boðar matvælastefnu sem þegar er í mótun hjá Kristjáni Þór

**STJÓRNMÁL** Hugmyndir um matvælastefnu, sem forsætisráðherra hyggst ræða á fundi ríkisstjórnar á morgun, eru þegar í mótun í verkefnastjórn sem Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, setti á fót síðastliðið haust með það að markmiði að drög að matvælastefnu yrðu tilbúin í árslok 2019.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins líta báðir ráðherrar svo á að málið sé á þeirra borði en Katrín Jakobsdóttir mun kynna tillögur sínar um mótun atvinnustefnu í ríkisstjórn á morgun.

Katrín segir fulltrúa fernra samtaka hafa óskað eftir fundi með sér um mótun matvælastefnu; Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök ferðaþjónustunnar og Bændasamtök Íslands.

Athygli vekur að um sömu samtök er að ræða og eiga sæti í verkefnastjórn Kristjáns Þórs, að Samtökum ferðaþjónustunnar undanskildum.

„Mér finnst frábært hjá atvinnurekendum að stíga fram og segjast vera til í samtal á breiðum grunni,“ segir Katrín. Hún boðaði fleiri ráðherra á fund með samtökunum, ráðherra landbúnaðar og sjávarútvegs, ferðamála og iðnaðar og umhverfis. „Ég mun svo koma með tillögu til ríkisstjórnar á föstudaginn um hvernig við getum brugðist við þessu erindi,“ segir Katrín og leggur áherslu á að mikilvægt sé að taka þessi mál upp á næsta stig og horfa á þau í breiðara samhengi til dæmis út frá umhverfis- og heilbrigðisþáttum.

Ekki náðist í Kristján Þór við vinnslu fréttarinnar en samkvæmt upplýsingum úr ráðuneyti hans er litið svo á að málið sé enn á hans borði þar sem verkefnastjórn hafi verið skipuð og vinni að stefnunni. **– aá**



# SENSAI

Fullkomin hreinsun




## Tvöföld hreinsun

## Tvöföld rakagjöf




Öflugur raki

## Einstök áhrif fyrir þína húð

# SENSAI KYNNINGARVIKA 7.-13. FEBRÚAR

Upplifðu einstaka húðumhirðu frá SENSAI.

Á SENSAI kynningardögum færðu Þrep 2 með 50% afslætti þegar þú kaupir Þrep 1 í tveggja þrepa hreinsilínunni.
Einnig er Lotion (rakavatn) á 50% afslætti þegar þú kaupir Emulsion (rakakrem) í tveggja þrepa rakagjöfinni.

Ráðgjafar SENSAI verða í Hagkaup Kringlu og Smáralind frá 11-18 alla kynningardagana.
Vertu velkomin að koma við hjá okkur og fá ráðgjöf og prufur.

TAX FREE SNYRTIVÖRU DAGAR

DAGANA 7.-11. FEBRÚAR

HAGKAUP

Meira svona alla daga

## Harðorður um Brexit-sinna

**BRETLAND** „Ég hef verið að velta því fyrir mér hvernig sá krókur helvítis, sem ætlaður er þeim sem þrýstu á Brexit án nokkurrar hugmyndar um framkvæmdina, lítur út,“ sagði Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, á blaðamannafundi í gær. Tusk hafði þá lokið fundi með Leo Varadkar, forsætisráðherra Írlands, í Brussel.



**Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins.**

Fundur Tusks og Varadkars snerist um Brexit. Pattstaða er í málinu þar sem breska þingið hafnaði samningi er ríkisstjórn Theresu May hafði gert við ESB og nú vilja Bretar fá umdeildu ákvæði um varúðarráðstöfun breytt. Ákvæðið varðar fyrirkomulag landamæra Bretlands og Írlands. Tusk sagði að varúðarráðstöfunin væri ekki á förum.

Þá sagðist hann vita að margir Bretar og Evrópubúar óskuðu þess að hætt yrði við Brexit. „Ég hef alltaf staðið með því fólki. En staðreyndir málsins eru þær að forsætisráðherrann og leiðtogi stjórnarandstöðunnar útiloka slíkt. Það er ekkert raunverulegt pólitískt afl sem vill beita sér fyrir áframhaldandi veru í ESB. Það er ekkert gleðiefni en sú er staðreyndin.“ – **þea**

# Makedónar færast nær NATO

**Sögulegur dagur að mati framkvæmdastjóra NATO. Makedónía skrefi nær því að verða meðlimur bandalagsins. Utanríkisráðherra landsins boðar breytingu á nafni ríkisins.**



**Nikola Dimitrov og Jens Stoltenberg á sameiginlegum blaðamannafundi í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

**MAKEDÓNÍA** Atlantshafsbandalagið (NATO) undirritaði í gær samkomulag við Makedóníu um aðild ríkisins að varnarbandalaginu. Þetta þótti óhugsandi fyrir fáeinum árum vegna afstöðu Grikkja. Eftir að Makedónar og Grikkir sömdu um breytingu á nafni fyrrnefnda ríkisins og að Grikkir myndu þá ekki beita neitunarvaldinu gegn aðild Makedóna að NATO og ESB er þetta orðin raunin.

Undirritunin færir Makedóna nær því að breyta nafni ríkisins í Lýðveldið Norður-Makedónía. Ríki Atlantshafsbandalagsins eiga eftir að fullgilda sáttmálann. Nikola Dimitrov, utanríkisráðherra Makedóna, sagði að í kjölfar undirritunar taki aðeins fáeina daga að breyta nafninu.

„Þessi niðurstaða var ekki óhjákvæmileg. Hún var ekki einu sinni líkleg. Ég tek ofan fyrir leiðtogum beggja hliða sem sýndu fram á að hið ómögulega er í raun mögulegt [...] Á næstu dögum munum við útkljá síðustu deilumálin sem við eigum við nágranna okkar,“ sagði Dimitrov.

Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, sagði

> Ég tek ofan fyrir leiðtogum beggja hliða.
>
> Nikola Dimitrov utanríkisráðherra

daginn sögulegan. Heimasíða Nató greindi frá því að Stoltenberg óskaði stjórnvöldum í Grikklandi og Makedóníu til hamingju og hrósaði þeim fyrir hugrekkið sem stjórnirnar hafi sýnt.

Val Stoltenbergs á orðinu „hugrekki“ er skiljanlegt enda markar samkomulagið endalok áratugalangrar deilu Grikkja og Makedóna. Frá því Makedónar fengu sjálfstæði frá Júgóslavíu 1991 og völdu þetta nafn á ríki sitt hafa Grikkir verið ósáttir.

Óánægja Grikkja er tvíþætt. Þeir óttast að með nafninu að vopni geri Makedónar tilkall til grísks landsvæðis, það er að segja gríska héraðsins Makedóníu. Hins vegar þykir þeim nafnið ótækt í sögulegu samhengi. Hið forna konungsríki Makedónía, sem Alexander mikli stýrði til að mynda, var að mestu leyti innan grísku Makedóníu og er álitið hluti af menningararfi Grikkja.

Þótt stjórnvöld beggja ríkja hafi nú samið um nafnbreytingu og um að hvorugt ríkið geri tilkall til landsvæðis hins er stór hluti grísks almennings ósáttur, já og gríska þingsins. Skoðanakannanir benda til að meirihluti Grikkja sé á móti samkomulaginu. Sextíu prósent samkvæmt mælingu Pulce RC í janúar. Kyriakos Mitsotakis, formaður stjórnarandstöðuflokksins Nýs lýðræðis, hefur til að mynda gagnrýnt að Grikkir viðurkenni makedónska tungu með gerð samkomulagsins.

Og Makedónar eru margir ósáttir sömuleiðis. Vilja ekki beygja sig undir Grikki og breyta nafni ríkisins. Ljóst er þó að ávinningurinn er mikill að mati makedónskra stjórnvalda. Fá að öllum líkindum langþráða aðild að bæði NATO og ESB.

**thorgnyr@frettabladid.is**


NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6




**LAND ROVER Discovery 5 240D HSE**
Nýskr. 6/2018, ekinn 3 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 13.690.000 kr.**
Rnr. 420002.



**LAND ROVER Discovery Sport HSE**
Nýskr. 7/2015, ekinn 46 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.990.000. kr.**
Rnr. 145166.



**RANGE ROVER Evoque 180D HSE Dynamic**
Nýskr. 2/2016, ekinn 40 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.490.000 kr.**
Rnr. 103733.



**JAGUAR XE 240D R-sport AWD**
Nýskr. 1/2018, ekinn 13 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.290.000 kr.**
Rnr. 145557.



**MINI Cooper**
Nýskr. 12/2017, ekinn 8 þús. km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.390.000 kr.**
Rnr. 430349.



**LAND ROVER Discovery 4 S 3.0 TDV6**
Nýskr. 6/2015, ekinn 87 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.890.000 kr.**
Rnr. 103852.



**RANGE ROVER Sport HSE Dynamic 3.0 SDV6**
Nýskr. 1/2016, ekinn 53 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 12.490.000 kr.**
Rnr. 10388.



**LAND ROVER Discovery 5 240D SE**
Nýskr. 11/2017, ekinn 54 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 10.500.000 kr.**
Rnr. 145504.

ENNEMM / SÍA / NM92224

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is


KRÓNAN
Enga skeifu ...
Við erum mætt á svæðið!
Opnum í dag í Skeifunni!
OPIÐ >> ALLA DAGA 9-21
-50%
Avocado þroskað 3 stk.
315 kr. pk.
Verð áður 629 kr. pk.
-20%
Bláber í fötu, 500 g
699 kr. pk.
Verð áður 899 kr. stk.
-15%
Ungnautalund, hreinsuð, Írland
4999 kr. kg
Verð áður 5999 kr. kg
-50%
Introjuice, 250 ml
135 kr. stk.
Verð áður 269 kr. stk.
Pssst ... Þessi tilboð gilda aðeins í Skeifunni
INTROJUICE SUPERFOOD
-50%
Happ súpur, 700 ml
950 kr. stk.
Verð áður 1899 kr. stk.
SJÁVARRÉTTA SÚPA
MEXÍKÓSK KJÚKLINGA SÚPA
+ = 
toppur
Veldu salat frá Eldhúsinu (4 teg.) og Topp 0,5 l. sítrónu/hreinn
999 kr. pk.
GOTT VERÐ
FERSKT
Á FERÐ
www.kronan.is
Tilboðin gilda 7.-10. febrúar í Skeifunni eða á meðan birgðir endast.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Seðlabankinn svartsýnni á hagvöxtinn

**Seðlabankinn lækkaði hagvaxtarspá um eitt prósentustig í 1,8 prósent fyrir árið 2019. Lækkunina má rekja til breytts landslags í ferðaþjónustu. Fækki ferðamönnum enn frekar gæti hagvöxtur reynst enn minni. Seðlabankastjóri varar við óhóflegum launahækkunum.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Það kom ekki á óvart að Seðlabankinn skyldi lækka hagvaxtarspá sína fyrir 2019 um eitt prósentustig, í 1,8 prósent. Ég átti von á að spáin yrði lækkuð,“ segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, og bendir á að Íslandsbanki reikni með að hagvöxtur verði 1,1 prósent á þessu ári.

Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, bendir á að Seðlabankinn spái nú mun hægari vexti en gert var í nóvember. „Þetta er í ágætu samræmi við okkar væntingar og




Már Guðmundsson segir að launahækkanir umfram svigrúm og verkföll myndi leiða til hærri stýrivaxta og aukins atvinnuleysis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



# MARKAÐURINN

**Ýmislegt bendir til þess að 2,4 prósenta samdráttur í komum ferðamanna í ár sé í bjartsýnni kantinum, til að mynda ferðamannatölur í janúar og gjaldþrot Germania**



Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur hjá Arion banka

spá, til að mynda gerir hagspá okkar sem birt var í október síðastliðnum ráð fyrir 1,3 prósenta hagvexti í ár," segir hún.

Til samanburðar reiknaði Seðlabankinn í nóvember með að hagvöxtur yrði 4,4 prósent árið 2018 en hann var 3,6 prósent árið 2017, samkvæmt gögnum frá Hagstofu. Endanlegar tölur fyrir árið í fyrra liggja ekki fyrir.

### Breytt landslag í ferðaþjónustu

„Það sem veldur þessari lækkun á hagvaxtarspá Seðlabankans er fyrst og fremst breytt landslag í ferðaþjónustunni. Þannig er Seðlabankinn að spá því að útflutningur þjónustu dragist saman í ár, í fyrsta sinn frá árinu 2018. Í nýjasta hefti Peningamála er talað um farþegaspá Isavia, en í henni er gert ráð fyrir 2,4 prósenta samdrætti í komum ferðamanna til landsins," segir Erna Björg.

Ef Seðlabankinn styðst við þá spá telur Erna Björg að hætta sé á að hagvöxtur geti reynst „enn minni" en 1,8 prósent, eins og Seðlabankinn gerir ráð fyrir. „Ýmislegt bendir til þess að 2,4 prósenta samdráttur í komum ferðamanna í ár sé í bjartsýnni kantinum, til að mynda ferðamannatölur í janúar og gjaldþrot Germania. Þá liggur ekki endanlega fyrir hvert flugframboð íslensku flugfélaganna verður," segir Erna Björg.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri varaði við verkföllum og óhóflegum launahækkunum í yfirstandandi kjaraviðræðum í skýringarmyndbandi sem Seðlabankinn birti samhliða vaxtaákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans. „Nú slaknar á spennu í þjóðarbúskapnum en það er ekki samdráttur fram undan nema að við verðum fyrir nýjum áföllum. Verkföll og launahækkanir langt umfram svigrúm yrðu slíkt áfall. Afleiðingin yrði hærri vextir og meira atvinnuleysi. Reynum að forðast það," sagði hann.

### Kjarasamningar stærsta skerið

Jón Bjarki segir að Seðlabankinn kveði skýrt að orði. „Kjarasamningar eru stærsta skerið á siglingunni næsta kastið. Það er óhætt að taka undir orð seðlabankastjóra. Enn fremur er vert að hafa í huga að ef það á að lækka skatta á þá sem lægstar tekjur hafa, þarf að sýna því skilning að á móti þurfi að draga úr útgjöldum ríkisins, eða sækja sambærilega upphæð í aðrar skatttekjur," segir hann.

Erna Björg segir að verðbólguhorfur hafi heldur versnað á undanförnum mánuðum. „Líkt og kom fram í máli aðalhagfræðings Seðlabankans í morgun er áhættan upp á við. Hafa ber í huga að línur eru ekki farnar að skýrast í kjaraviðræðum

**Kjarasamningar eru stærsta skerið á siglingunni næsta kastið**



Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka

og því er Seðlabankinn að styðjast við svipaða spá um launaþróun og gert var í nóvember. Hvað varðar yfirstandandi kjaraviðræður þá tel ég óbreytta vexti gott innlegg í þær, vaxtahækkun hefði líklega verið eins og olía á eldinn. Ný spá Seðlabankans sýnir hins vegar svart á hvítu að það er að hægja á efnahagsumsvifum og útlit er fyrir minni vinnuaflseftirspurn. Því þarf að vanda til verka þegar samið er um framtíð vinnumarkaðarins," segir hún.

### Mildari tónn

Seðlabankinn kaus að halda stýrivöxtum óbreyttum í 4,5 prósentum eins og þeir hafa verið frá því í nóvember. Áður voru þeir 4,25 prósent. Jón Bjarki segir að tónninn í yfirlýsingu peningastefnunefndar sé að mildast. „Það var aðeins slegið á tal um þörf á auknu aðhaldi. Þessi breyting tengist væntanlega því að verðbólguálag og -væntingar hafa lækkað frá síðustu vaxtaákvörðun og taumhald peningastefnunnar miðað við raunstýrivexti hefur því aukist á ný. Undanfarið hefur peningastefnunefndin haft vaxandi áhyggjur af hækkun verðbólguvæntinga og er því þessi nýlega þróun henni talsverður léttir, að minnsta kosti í bili."


Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Þann 7. febrúar gefur Pósturinn út þrjú frímerki til að minnast merkisafmæla 2019. Lýðveldið Ísland 75 ára, Vestmannaeyjabær 100 ára kaupstaðarafmæli og Póstmannafélag Íslands 100 ára. Einnig koma út fjögur frímerki tileinkuð landslagsarkitektúr í útgáfuröðinni íslensk samtímahönnun.




Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050. Netfang: stamps@stamps.is Heimasíða: www.stamps.is facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN FRÍMERKJASALAN






iPhone XR og AirPods

Þú færð AirPods á aðeins 10.000 kr. þegar þú kaupir iPhone XR hjá Vodafone.

Tryggðu þér þessa flottu tvennu í næstu verslun. Við erum í Kringlunni, Smáralind, á Suðurlandsbraut 8 og Glerártorgi.

Tilboðið gildir til 10. febrúar 2019

vodafone Hluti af sýn

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



# Bann við plastpokum liður í stærri aðgerð

**Frumvarp um bann á burðarplastpokum hefur verið kynnt. Viðskiptavinir matvöruverslana þurfa að finna nýjar leiðir til að bera vörur sínar heim. Skref í átt að minnkun notkunar á einnota plasti hér á landi, enda eflaust kominn tími til.**

Til stendur að banna burðarpoka úr plasti hér á landi. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, mælti í síðustu viku fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mengunarvarnir sem varðar notkun burðarpoka en samkvæmt því verður frá og með 1. júlí 2019 óheimilt að afhenda alla burðarpoka, þar með talið burðarpoka úr plasti, án endurgjalds á sölustöðum vara og skal gjaldið vera sýnilegt á kassakvittun. Frá og með 1. janúar 2021 verður síðan óheimilt fyrir verslanir að afhenda burðarpoka úr plasti. Ekki skiptir máli hvort það er með eða án gjalds. Bannið á sem sé einungis við um plastpoka og ekki burðarpoka úr öðrum efnum.

Burðarpokar úr plasti eru bæði þykku pokarnir sem hægt hefur verið að fá eða kaupa í stykkjatali á afgreiðslukössum verslana og þunnu pokarnir sem til dæmis hefur verið hægt að fá endurgjaldslaust í grænmetiskælum matvörubúða. Bannið tekur ekki til plastpoka sem eru söluvara í hillum í verslunum, svo sem nestispoka og ruslapoka sem seldir eru margir saman í rúllum.

## Mun bann við burðarplastpokum leysa plastvanda heimsins?

„Banninu við burðarplastpokum er ekki ætlað að vera allsherjarlausn á plastvandanum, heldur ein aðgerð af mörgum. Mikilvægt er að horfa á stóru myndina og takast á við verkefnið með margvíslegum lausnum. Burðarplastpokar hafa þegar verið bannaðir í fjölda ríkja og brýnt að minnka það magn plastpoka sem er í umferð. Um leið verðum við að horfa til dæmis á plastumbúðir og allt það magn af einnota plasti sem við höfum vanið okkur á að nota. Ég vil taka þessi mál föstum tökum,“ segir Guðmundur Ingi.

„Samráðsvettvangur um aðgerðir í plastmálefnum skilaði mér í nóvember síðastliðnum 18 tillögum til að takast á við plastmengun. Þær eru afar fjölbreyttar. Á vettvangi Evrópusambandsins er síðan umfangsmikil vinna í gangi varðandi plastmengun og gert ráð fyrir að nú í vor verði ný tilskipun samþykkt þar sem aðildarríkjum verður m.a. gert skylt að draga úr notkun matarumbúða og drykkjarbolla úr plasti, merkja skuli dömubindi, blautþurrkur og blöðrur til að upplýsa um að varan sé úr plasti og hafi neikvæð umhverfisáhrif og ábyrgð sett á framleiðendur tiltekinna vara að sjá um meðhöndlun úrgangs sem af þeim verður. Tilskipunin verður innleidd hér á landi, samhliða því sem unnið verður úr öðrum tillögum sem ég fékk afhentar. Margt er þannig í kortunum, enda margvíslegra aðgerða þörf.“

Plast er efni sem unnið er úr olíu og nánast ómögulegt fyrir efnið að eyðast náttúrulega. Það er því hentugt til ýmissa nota og iðulega notað sem einnota efni. Gallinn er sá að einnota plast er ekki einnota, þó það sé oft notað aðeins einu sinni. Plast getur enst í tugi, jafnvel hundruð ára sem úrgangur.

Plast hverfur ekki eða eyðist við náttúrulegt niðurbrot heldur brotnar það í smærri einingar og verður á endanum að örplasti. Venjulegur burðarplastpoki sem fæst meðal annars í matvöruverslunum tekur um 1.000 ár að brotna niður og eru um tvær milljónir slíkra poka notaðir á hverri mínútu í heiminum. Talið er að hver plastpoki sé notaður að meðaltali í um 12 mínútur. Örplastið sem brotnar niður fer svo út í umhverfið og inn í hringrás lífsins.

„Eitt af því sem samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum lagði til er að hreinlætisvörur sem innihalda örplast verði bannaðar. Örplast er að finna í ýmsum vörum eins og sápu, sturtusápu, andlits- og líkamsskrúbbum og tannkremi, og endar því iðulega í niðurföllum, vöskum og sturtubotnum þaðan sem það á greiða leið út í haf. Í fyrra tók í gildi bann í Bretlandi við framleiðslu og sölu hreinlætis- og snyrtivara sem innihalda örplast. Samráðsvettvangurinn lagði til að frá og með næsta ári yrði bannað að flytja inn og framleiða hreinlætis- og snyrtivörur sem innihalda örplast hér á landi. Þetta mál er nú til skoðunar og hvernig hægt væri að útfæra þetta.“

## Örplast fannst í mannslíkömum

Óttast hefur verið að örplast rati í líkama manna. Nýlega var í fyrsta skipti rannsakað hvort örplast væri að finna í saursýnum fólks. Rannsóknin var unnin af Umhverfisstofnun í Austurríki og tóku átta manneskjur þátt frá Evrópu, Japan og Rússlandi. Örplast fannst í saursýnum þeirra allra. Vísindamenn drógu þá ályktun að örplast mætti því finna í saur helmingi mannkyns en þó þyrfti að staðfesta það með stærri rannsókn. Enn er lítið vitað um áhrif örplasts á bæði manninn og umhverfið en á Íslandi hefur einnig fundist örplast í neysluvatni.

„Örplast í drykkjarvatni er áhyggjuefni og sýnir okkur í raun umfang þess sem við er að etja. Daglegt líf okkar er fullt af plasti og mikið af því endar úti í náttúrunni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Það eyðist ekki og hverfur ekki heldur brotnar bara niður í smærri hluta og verður að endingu að örplasti. Sem líffræðingur hef ég áhyggjur af því hver áhrif þessa á lífríkið verða til lengri tíma litið, bæði á okkur mennina og aðrar lífverur. Við þekkjum þessi áhrif í raun ekki enn,“ segir Guðmundur Ingi.

„Mér þótti sláandi að heyra fréttina um búrhvalinn sem fannst dauður í Indónesíu í lok síðasta árs og var með 6 kg af plasti í maganum. Í maganum á honum fundust m.a. tvö pör af sandölum úr plasti, 25 plastpokar og 115 einnota plastbollar, alls yfir 1.000 plasthlutir. Það góða er að fólk, fyrirtæki og ríki heims eru að ranka við sér.“

Örplast hefur enn ekki fundist í blóðrás mannsins, en ætli það sé aðeins tímaspursmál? Plastnotkun er óheyrilega mikil í heiminum í dag og er notkunin svo samofin okkar hversdagslega lífi að erfitt getur verið fyrir marga að takmarka plast eða minnka notkun þess. Talið er að á hverri mínútu séu um milljón einnota plastflöskur notaðar í heiminum. Gert er ráð fyrir um 21 prósents aukningu fyrir árið 2021.

> **En, við stefnum hiklaust hærra. Eitt af forgangsmálum mínum sem umhverfis- og auðlindaráðherra er að takast á við plastmengun, neyslu og sóun.**
>
> Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindarráðherra



## Plastmengun er forgangsmál

„Hvað plastflöskurnar varðar þá skila þær sér almennt vel til endurvinnslu. Hlutfallið hefur verið um 85-90%. Við viljum þó að sjálfsögðu sjá töluna enn hærri og mikilvægt er að róa öllum árum að því að svo verði. Síðan er stór spurning hvort við þurfum yfirhöfuð allar þessar flöskur til að byrja með. Ein leið okkar í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að nálgast þetta hefur verið með samstarfssamningi við Umhverfisstofnun um verkefnið „Hreint vatn í krana“. Því er ætlað að fræða ferðamenn um að vatn á Íslandi sé nánast alls staðar hreint og öruggt til neyslu og óþarfi sé að kaupa hér vatn í einnota umbúðum. Af notkun og flutningi plastflaskna hljótist óþarfa loftslagsáhrif og önnur neikvæð umhverfisáhrif,“ segir Guðmundur Ingi.

„En, við stefnum hiklaust hærra. Eitt af forgangsmálum mínum sem umhverfis- og auðlindaráðherra er að takast á við plastmengun, neyslu og sóun. Allt tengist þetta saman og þessi ósjálfbæra neysla er á endanum loftslagsmál. Það er frábært að verða vitni að þeirri miklu vitundarvakningu sem orðið hefur um þessi mál og það fyllir mig bjartsýni. Í ráðuneytinu er mikil vinna í gangi varðandi þessi mál og plastpokabannið er einungis ein aðgerð af mörgum. Almennt varðandi plastið er ágætt að hafa í huga að plast er í of stórum stíl einnota, þ.e.a.s. hent eftir eina notkun. Þetta eru matarumbúðir sem enduðu beint í tunnunni, plastbollar sem drukkið var úr í örfáar mínútur, plastpokar sem fóru einungis heim úr versluninni og enduðu síðan í ruslinu. Við þurfum að takast á við þennan einnota hugsunarhátt og breyta honum yfir í fjölnota.“




**Hlynnt/ur eða andvíg/ur banni við einnota plastpokum í verslunum?**

- mjög andvíg
- frekar andvíg
- frekar hlynnt
- mjög hlynnt
- hvorki andvíg né fylgjandi

## Staðreyndir um plast

- Frá árinu 1950 hafa verið framleiddir um 8,3 milljarðar tonna af plasti í heiminum og í raun hefur framleiðslan tvöfaldast á þessum tíma.
- Aðeins um 9% af þessum 8,3 milljörðum tonna hafa verið endurunnin.
- Sums staðar í heiminum hefur algjört bann verið lagt við notkun á plasti, t.d. í Kenýa.
- Í Bandaríkjunum eru um 500 milljón rör notuð á hverjum degi.
- 73% af rusli við strandlengjur heimsins eru plastdrasl svo sem flöskur, flöskutappar, sígarettustubbar, matarumbúðir, burðarplastpokar og fleira.
- Milljón plastflöskur eru keyptar á hverri mínútu í heiminum.
- Plast drepur yfir 1,1 milljón sjófugla og annarra dýra á hverju ári.






GUERLAIN
NÁTTÚRULEGT ÚTLIT ALLAN DAGINN
FYRIR HÚÐINA ÞÍNA
L'ESSENTIEL
NÝI ANDLITSFARÐINN
97% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI*
& 16 TÍMA NÁTTÚRULEGUR LJÓMI**
Þekur vel - létt áferð.
Rakagefandi. Sólar- og mengunarvörn.
Klínískar prófanir sýna að húðin verður fallegri með hverjum degi.
Fæst í 12 litatónum.
NÝTT
L'ESSENTIEL
ÉCLAT NATUREL - TENUE 16H
NATURAL GLOW - 16H WEAR
Guerlain
*Útreikningur byggður á ISO staðli 16128. Eftirstandandi 3% eru efni sem viðhalda eiginleikum og áferð formúlunnar.
**Prófin voru framkvæmd á 20 konum af óháðri rannsóknastofu.






30% AFSLÁTTUR
~~20% AFSLÁTTUR~~

## KENYA

Hægindastóll. Holly grænt, dökk grátt eða brúnt sléttflauel.

**34.993 kr.** ~~49.990 kr.~~

LA-Z-BOY



40% AFSLÁTTUR
~~25% AFSLÁTTUR~~

## ETHAN

Svart, ljósgrátt og brúnt FL-leður.
St: 81 × 103 × 109 cm

**131.994 kr.** ~~219.990 kr.~~



35% AFSLÁTTUR
~~20% AFSLÁTTUR~~

## MAX

Hornsófi. Rocco grátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri.
Stærð: 286 × 200 × 87 cm

**97.494 kr.** ~~149.990 kr.~~




65% AFSLÁTTUR
~~50% AFSLÁTTUR~~

## RIA

Nettur 2ja sæta sófi. Holly grænt áklæði.
Stærð: 152 x 83 x 79 cm

**27.997 kr.** ~~79.990 kr.~~



35% AFSLÁTTUR
~~25% AFSLÁTTUR~~

## FRIDAY

Tungusófi með hnakkapúða. Tunga getur verið beggja vegna. Ljósgrátt áklæði. Stærð: 236 × 175 × 88 cm

**123.494 kr.** ~~189.990 kr.~~



## ALEXANDRIA

Vandaðir 2ja og 3ja sæta sófar frá LA-Z-BOY.
Dökkblátt, rautt eða ljóst sléttflauel.

2ja sæta blár og ljós: 159 x 86 x 86 cm

**155.994 kr.** ~~259.990 kr.~~

3ja sæta blár, rauður og ljós: 220 x 86 x 86 cm

**167.994 kr.** ~~279.990 kr.~~




40% AFSLÁTTUR
~~25% AFSLÁTTUR~~

# RISA ÚTSALA LOKAVIKAN

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

**BATILD**
Borðstofustóll.
Svart PU-leður og
11.992 kr. ~~14.9~~



30% AFSLÁTTUR
~~20% AFSLÁTTUR~~

**KAMMA**
3ja sæta sófi með háu baki og stóll.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 201 x 91 x 105 cm

Sófi
97.993 kr. ~~139.990 kr.~~

Stóll
62.993 kr. ~~89.990 kr.~~



50% AFSLÁTTUR
~~40% AFSLÁTTUR~~

**WILMA**
Borðstofustóll. Slitsterkt grátt áklæði og viðarfætur.
4.995 kr. ~~9.990 kr.~~



30% AFSLÁTTUR
~~20% AFSLÁTTUR~~

**AURORA**
Borðstofustóll,
ljósbrúnt leður og stálfætur.
19.593 kr. ~~27.990 kr.~~



furninova

60% AFSLÁTTUR
~~40% AFSLÁTTUR~~

**PASO DOBLE**
U-sófi frá Furninova. Hægri eða vinstri tunga.
Corrie Night gráspengt áklæði.
Stærð: 375 × 156/258 × 80 cm
199.996 kr. ~~499.990 kr.~~



50% AFSLÁTTUR
~~25% AFSLÁTTUR~~

**LARAMIE**
Hægindastóll. Mjög endingargott brúnt microfiber áklæði.
Stærð: 114 x 95 x 95 cm
74.995 kr. ~~149.990 kr.~~

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

## TILVERAN

# Plastið og heilsan

Veruleg umræða hefur skapast vegna plastnotkunar, umhverfisáhrifa þess og þá núna upp á síðkastið heilsu og líðan einstaklinga. Plastmengun virðist hafa áhrif á nokkuð margvíslegan hátt, plastagnir og þá sérstaklega efni sem eru notuð við framleiðslu eru að hluta eitruð og því ástæða til að hafa áhyggjur. Það eru til möguleikar á að mæla hleðslu slíkra efna í líkamanum, en þær eru flóknar og almennt ekki á færi venjulegra rannsóknarstofa.

Helst er verið að nefna þalöt og BPA sem þau efni sem eru talin skaðleg og geta komist í snertingu við líkamann í gegnum húð, með innöndun og einnig inntöku svo leiðirnar eru margar og talið er líklegt að við verðum fyrir samtímaáreiti í raun. Umræðan um áhrif þessara efna er enn að hluta til þess eðlis að erfitt er að staðhæfa nákvæmlega eða magnsetja áhrif og toxísk mörk. Ljóst er að efnin hafa áhrif á efnaskiptakerfi, hormónastarfsemi, hafa áhrif á fóstur og svo framvegis. Nokkrar rannsóknir hafa verið að sýna fram á tengingu við frjósemi karla, sáðfrumuframleiðslu og magn testósteróns.

Þessu til viðbótar er talið að áhrif á lifur og starfsemi hennar, bris og þar með insúlín séu einhver og geti haft neikvæð áhrif á þróun sykursýki. Hjarta- og æðasjúkdómar eru einnig nefndir sem og breytingar sem menn hafa séð í heilavef og tengjast minnisstöðvum hans. Erfitt er eins og kom fram að tengja saman öll púslin og má segja að rannsóknir á þessu sviði séu enn aðeins of skammt á veg komnar til að fullyrða nákvæmlega um orsakasamhengi og öryggismörk sem er mikilvægt í umræðu sem þessari. Hagsmunatengsl eru augljós og plast er allt um kring í okkar daglega lífi of neyslumynstri.

Það þarf hins vegar ekki að horfa langt til að átta sig á því að við erum þegar búin að valda töluverðum skaða á umhverfinu í kringum okkur og þá líklega heilsu okkar í leiðinni þó það sé ekki eins sjáanlegt. Mikilvægt verður að fylgjast með framleiðslu og innihaldi í tengslum við plastiðnað og að reyna eftir fremsta megni að skýra orsakasamhengi. Ef þau verða augljós þá er engin önnur leið en að reyna að finna aðrar nálganir en plast og plastefni eða íblöndunarefni þeirra. Grænni leiðir verða lykilatriði hér og að breyta notkun plastefna almennt en ekki síst fyrir heilsu okkar og líðan.

Mest vitum við eins og fram kom um þau efni sem notuð eru í iðnaði, míkróplast er svo önnur umræða þar sem litlar agnir safnast saman og geta með þeim hætti haft áhrif á líkamann með ýmsum hætti. Míkróplast er aðskotahlutur í líkamanum og sem slíkur veldur það bólgusvari og ónæmiskerfið bregst við því. Þá dregur plast að sér ýmis efni og getur bundið þau, efni sem geta verið skaðleg eða eitruð fyrir líkamann líkt og kvikasilfur, díoxín og önnur efni sem við vitum í dag að eru krabbameinsvaldandi. Það er því að mörgu að huga en í dag er líklega besta leiðin, sem einstaklingar geta farið til að verja sig, að vera meðvitaður um þetta og breyta neyslumynstri sínu.

**Það þarf hins vegar ekki að horfa langt til að átta sig á því að við erum þegar búin að valda töluverðum skaða á umhverfinu í kringum okkur og þá líklega heilsu okkar í leiðinni þó það sé ekki eins sjáanlegt.**



**Teitur Guðmundsson**
læknir
Doktor.is



# Möguleiki er á að hér myndist fituhlunkar

**Mikil aukning hefur verið á notkun blautklúta á síðustu árum og að þeim sé sturtað í klósettið. Einnig er algengt að fitu sé hellt í fráveitukerfið. Þessu ásamt fleiri aðskotahlutum má líkja við uppskrift að nokkurs konar skrímsli.**

Svokallaðir fituklumpar eða fituhlunkar (e. fatbergs) hafa verið að finnast í holræsa- og fráveitukerfum víða um heim. Fituhlunkar myndast þegar aðskotahlutir líkt og blautþurrkur, smokkar, tannþræðir og fleira blandast saman við olíu og fitu sem hefur verið sturtað niður í klósett eða hellt ofan í niðurföll vaska. Þessi efni blandast svo saman, harðna og hlaða utan á sig.

Allra stærstu fituhlunkarnir sem fundist hafa eru tugir metra á lengd og hafa fundist meðal annars í holræsakerfum í London, New York, Denver, Valencia og Melbourne. Fituhlunkur sem fannst í Shepherd's Bush í London árið 2014 var á stærð við Boeing 747 flugvél en sá stærsti sem fundist hefur hingað til var árið 2017 í Whitechapel, austur af London. Sá var 250 metrar á lengd, næstum jafn langur og sjálft Titanic. Fyrirbærið hefur einnig verið kallað „skrímsli“.

Í fráveitukerfi Veitna hafa myndast stíflur vegna fituhlunka sem hafa valdið tjóni. Þeir fituhlunkar hafa ekki verið af þeirri stærðargráðu sem við fáum fréttir af frá útlöndum, en engu að síður nógu stórir til að valda vandræðum.

„Því miður höfum við verið að sjá mikla aukningu í notkun blautklúta á síðustu árum og einnig er algengt að fitu sé hellt í fráveitukerfið. En það er ekki bara hjá okkur sem lagnir stíflast af þessum sökum því lagnir heimila gera það líka en enginn vill lenda í því að stífla hjá sér klósettið. A.m.k. tvær sögur hafa borist Veitum um heimlagnir í leikskólum sem hafa stíflast og komið hefur í ljós að þær hafa verið stútfullar af blautklútum,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Veitna.

„Það er alveg hugsanlegt að við getum lent í svipuðu og önnur lönd hafa þurft að kljást við.“

Ljóst er að blautklútar valda vandræðum og miklum kostnaði í fráveitukerfinu og kostnaður Veitna vegna aðgerða sem ráðast þarf í vegna blautklúta hefur verið metinn á yfir tug milljóna króna á ári. Þá er ótalinn kostnaður annarra fráveitna, en Veitur reka fráveitukerfi fyrir tæplega 40% landsmanna og hreinsa skólp frá 60% þeirra.

„Sem dæmi má nefna að í einni dælustöð Veitna þurfti að meðaltali að fara tvisvar í viku að losa stíflur úr dælum, sem oftast mátti tengja vöndlum af blautklútum. Þar sem þetta var ekki ásættanlegt voru keyptar nýjar dælur í stöðina en slíkur búnaður kostar sitt. Eins þarf að greiða fyrir urðun á því rusli sem endar í síum hreinsistöðva og er það gjald hærra fyrir sóttmengaðan úrgang, eins og þann sem kemur úr fráveitunni, en annað rusl. Ótalinn er svo kostnaðurinn fyrir umhverfið,“ segir Ólöf.

„Mörg sveitarfélög á landinu eru ekki með skólphreinsistöðvar og þá enda blautklútarnir sem hent er í klósettið út í sjó.

Hið sama á við þegar stöðva þarf starfsemi í einhverri af dælu- eða hreinsistöðvum Veitna vegna bilana eða viðhalds. Blautklútarnir eru oft úr fínum plasttrefjum og leysast ekki upp og má því búast við að þeir séu í sjónum í mörg ár eða fljóti upp í fjörur.“

Að sögn Ólafar eru stíflur í lagnakerfum vegna fitu sem betur fer ekki algengar, en þó þurfi að losa slíkar nokkrum sinnum á ári. Stíflur vegna blautklúta og annarra óæskilegra efna í dælustöðvum eru algengari.

„Við höfum verið í átaki við að upplýsa þjóðina en margir hafa haldið að í lagi sé að henda blautklútum í klósett. Það er ekkert undarlegt þar sem fjöldi framleiðenda merkir þær sem „flushable“ sem þýðir að þeim má sturta niður. Sem er ekki tilfellið,“ segir Ólöf.

„Veitur hafa verið að benda sérstaklega á blautklúta og fitu/olíu, sem stærsta stífluvaldinn. Það er allt of mikið magn af bæði fitu og blautþurrkum í kerfinu. Það er samt sem áður vert að benda á að ekkert rusl á heima í fráveitukerfinu, bara líkamlegur úrgangur og klósettpappír. Við segjum stundum að ekkert eigi að fara í klósettið nema það hafi verið borðað áður. Dæmi um hluti sem stundum enda í klósettinu en eiga ekki heima þar eru dömubindi, tíðatappar, bómull, smokkar, eyrnapinnar, tannþráður og hár.“



Maður að störfum við að hreinsa fituhlunk í holræsakerfi í London.

**Því miður höfum við verið að sjá mikla aukningu í notkun blautklúta á síðustu árum og einnig er algengt að fitu sé hellt í fráveitukerfið.**

Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Veitna












# Til leigu

## Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 $m^2$ atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR

# Minna einnota og meira fjölnota

**Í Háskóla Íslands hefur tekist vel að innleiða ýmsar aðgerðir sem miða að því að minnka notkun einnota plasts og nota fjölnota í auknum mæli. Í Hámu hefur tekist að minnka sölu á einnota matarboxum og drykkjarmálum. Næst á dagskrá eru kaffibollarnir.**

Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is



Félagsstofnun Stúdenta (FS) hefur unnið að því markvisst síðustu ár að minnka notkun einnota plasts í matsölu sinni, Hámu, í Háskóla Íslands. Sem leið að því markmiði hafa þau hafið sölu á fjölnota matarboxum og boðið upp á fjölnota drykkjarmál í stað plastmála auk þess sem þeim sem mæta með fjölnota matarbox eða mál til að kaupa sér kaffi eða mat býðst að borga lægra verð.

Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi FS, segir í samtali við Fréttablaðið að þau hafi fyrst byrjað árið 2017 á því að kaupa fimm þúsund fjölnota plastmál með skilaboðum á ensku og íslensku þar sem biðlað var til fólks að skila glösum eftir notkun.

„Þetta bar árangur því árið á undan höfðu farið um 78 þúsund einnota plastglös, eða um 6.500 á mánuði. En árið 2017, eftir að merktu glösin komu, notuðum við um 31 þúsund einnota glös, eða um 2.600 á mánuði. Á síðasta ári voru einnota glösin fjarlægð frá vatnsvélunum og eru ekki notuð nema í neyð,“ segir Rebekka.

Hún segir að þau hafi tekið til þessa ráðs því í gegnum tíðina hafi horfið mikið magn af leirtaui og hnífapörum, bæði úr Hámu og af kaffistofum stúdenta, sem staðsettar eru víða á háskólasvæðinu.

„Þetta brotnar afar sjaldan, postulínsmálin eru nánast óbrjótandi, og því er það ráðgáta hvað verður af þessu öllu því stór hluti skilar sér ekki til okkar eftir notkun. Sumt fer úr húsi og annað í ruslið. Því miður oft nokkurt magn. Við höfum frétt af Hámubollum uppi í hillum heima hjá fólki og til sölu á nytjamörkuðum. Oft sárvantar margt, sérstaklega hnífapör og bolla, og þá neyðumst við til að bjóða upp á plast og pappa,“ segir Rebekka.



**„Nú vorum við að hækka verð á einnota boxunum í 100 krónur og lækka á fjölnota boxum og verðum með þau á tilboði út febrúar. Vonandi skilar það árangri,“ segir Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi FS.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**Í Hámu er ekki hægt að fá einnota plastglös heldur bara fjölnota glös.**




**Með fjölnota matarboxunum tókst FS að minnka sölu á einnota matarboxum um helming á einu ári.**




**Með því að koma með fjölnota mál og kaupa græna kaffikortið er hægt að spara heilmikinn pening árlega.**



**Í Hámu er hægt að fá ýmis litrík og falleg fjölnota mál á lágu verði.**

### Helmingi færri einnota matarbox seld á einu ári

Í fyrra hafi þau síðan tekið matarboxin í gegn. Árið 2017 voru seldir 57.026 heitir réttir í Hámu. Sama ár voru seld um 23 þúsund einnota matarbox. Það má því gera ráð fyrir að um 46 prósent allra heita rétta hafi verið seld í slíkum einnota boxum. Til að minnka það hófu þau í fyrra sölu á fjölnota matarboxum.

Átakið skilaði sér vel því árið 2018 var seldur 64.581 heitur réttur og aðeins um 13.400 einnota box. Þá var hlutfallið sem fór út af heitum réttum í einnota boxum komið niður í 21 prósent.

„Nú vorum við að hækka verð á einnota boxunum í 100 krónur og lækka á fjölnota boxum og verðum með þau á tilboði út febrúar. Vonandi skilar það árangri,“ segir Rebekka.

Hún segir að næsta vígi þeirra sé kaffisala.

„Stúdentar og starfsfólk HÍ er kaffiþyrst fólk en árlega hellum við upp á tæplega 300 þúsund bolla af kaffi. Þó að við séum sífellt að bæta við postulínsmálum velja enn of margir frekar pappamál og um 200 þúsund slík fara hjá okkur árlega. Þessari sóun viljum við útrýma,“ segir Rebekka.

Hún segir að til að reyna að hvetja fólk til að nota fjölnota kaffi- og temál og vatnsflöskur látu þau framleiða slíkt fyrir sig og selji það með lítilli álagningu í Hámu, á kaffistofum stúdenta og í Bóksölu stúdenta.

Einnig noti þau aðrar leiðir, eins og að gefa þeim afslátt sem koma með sín eigin fjölnota mál. Þann 1. febrúar hófu þau, sem dæmi, sölu á nýjum 20 bolla afsláttarkortum fyrir kaffi og te. Einungis þau sem koma með sín eigin fjölnota mál geta nýtt þau. Þegar keypt er almennt kaffikort fá stúdentar bollann á 150 krónur, en með græna kaffikortinu er verðið talsvert lægra, eða 115 krónur fyrir bollann.

> **Hér í þessu samfélagi starfa um tvö þúsund manns og stúdentar eru um tólf þúsund. Það er hægt að heimfæra þetta upp á önnur svæði og ímynda sér hversu mikil sóun er í gangi og hverju við erum að breyta.**

„Þetta er partur af umhverfisátaki okkar til að draga úr notkun á einnota og hvetja fólk til að koma með sitt eigið fjölnota. Hvað varðar kaffikortin, þá geturðu komið með þitt eigið mál og það getur verið að hámarki 400 millilítrar, sem er talsvert stærra en bollarnir, þannig að þú færð ekki bara kaffibollann ódýrari heldur færðu líka meira í bollann þinn. Þannig erum við að draga úr sóun á einnota umbúðum en líka að taka umhverfisvænt skref. Því þótt fólk sé að nota postulín þá er það rafmagn, sápa og vatn sem fer í að þrífa það,“ segir Rebekka.

Hún segir að árangurinn þyki þeim merkilegur, en á sama tíma sé erfitt að hugsa út í sóunina sem á sér stað víða í samfélaginu.

„Okkur finnst þetta mjög merkilegt. Þetta er rosalega stórt átak og þegar þú sérð þessar tölur þá eru þær skuggalegar því mannfjöldinn er svo mikill. Hér í þessu samfélagi starfa um tvö þúsund manns og stúdentar um tólf þúsund. Það er hægt að heimfæra þetta upp á önnur svæði og ímynda sér hversu mikil sóun er í gangi og hverju við erum að breyta,“ segir Rebekka að lokum.

Háskóli Íslands er einn stærsti vinnustaður landsins. Við skólann eru skráðir 12.470 nemendur. Auk þeirra starfa við háskólann um tvö þúsund manns. Háma er staðsett á Háskólatorgi, í Stakkahlíð, Háskólabíói, Eirbergi og Árnagarði. Háma heimshorn er í Tæknigarði og Háma salatbar á Háskólatorgi. Kaffistofur stúdenta eru í Læknagarði, Odda og Öskju. Í Hámu og á kaffistofunum er fjölbreytt úrval af mat og drykk.




PIER
ALLT FYRIR STOFUNA
PORTLAND sófi 79.900,- 63.920,-
215x85x80
Allir gólfpúðar
á 20% afslætti!
Gólfpúðar, 7.990,- 6.395,-
LEIDEN borð
19.990,- 15.992,-
GARDÍNUR,PÚÐAR
25%
AFSLÁTTUR
LOÐSKINN
OG TEPPI
25%
AFSLÁTTUR
Loðpúði
2.490,- 1.867,-
Hringpúði
3.990,- 2.992,-
Velúrpúði 1.990,- 1.492,-
NICKOLAI stóll 79.900,- 63.920,-
L82xW81xH68cm
ALLIR SÓFAR OG
STOFUHÚSGÖGN
20%
AFSLÁTTUR
MANHATTAN sófi 189.900,- 151.920,-
220x90x77cm
PAPLE BORÐ
mið 25.900,- 20.720,-
MANHATTAN skemill 59.900,- 47.920,-
L99xW99xH47cm
PAPLE BORÐ
lítið 15.990,- 12.972,-
PAPLE BORÐ
stórt 45.900,- 36.720,-
www.pier.is
SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS
Gildir 7. febrúar - 13. febrúar. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# TILVERAN

## Margir lýsa stuðningi við konurnar

23 konur birtu opinberlega sögur sínar af kynferðislegri hegðun Jóns Baldvins Hannibalssonar í þeirra garð um árabil. Konurnar eru á öllum aldri í frásögnunum og margar voru aðeins börn á þeim tíma. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, sagði í færslu á Facebook-síðu sinni að Jón Baldvin hefði sýnt „algjöran skort á sómakennd“ með framgöngu sinni í tengslum við þann fjölda ásakana sem hafa verið lagðar fram á hendur honum. Bryndís Schram, eiginkona Jóns Baldvins, hafnaði öllum ásökunum gagnvart eiginmanni sínum í aðsendri grein í Fréttablaðinu í vikunni. Hún hafnaði því alfarið að vera meðvirk í ósæmilegri hegðun og velti fyrir sér hvort hún byggi í „sjúku þjóðfélagi“. Jón Baldvin kom fram í Silfrinu síðasta sunnudag og ræddi sína hlið málsins. Aldís Schram, dóttir Jóns og Bryndísar, hefur óskað eftir að fá sama tækifæri.

**» Bryndís stendur þétt við bak eiginmanns síns, Jóns Baldvins, þrátt fyrir allt.**

## Íslandspóstur hækkaði laun á hverju ári

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að laun stjórnar Íslandspósts hefðu hækkað um 65 prósent frá árinu 2014. Frá þeim tíma hafa laun stjórnarmanna ÍSP hækkað á hverju ári og hefur hækkunin verið á bilinu ellefu til tólf prósent ár hvert. Í upphafi síðasta árs ákvað stjórn Íslandspósts ohf. (ÍSP) að greiða starfsmönnum fyrirtækisins launauppbót í ljósi góðrar afkomu fyrirtækisins. Rétt rúmu hálfu ári síðar fékk fyrirtækið 500 milljóna króna neyðarlán frá ríkissjóði til að forðast gjaldþrot. Um svipað leyti lagði stjórn ÍSP það til að hækka laun sín. Þetta er meðal þess sem lesa má úr fundargerðum stjórnar.

**» Íslandspóstur lenti í miklum fjárhagsvanda eftir að hafa hækkað laun stjórnar ótt og títt.**







# Vikan

Jón Baldvin og frásagnir af kynferðislegri hegðun hans gagnvart stúlkum og konum í gegnum tíðina, fjárhagslegur vandi Íslandspósts, Bára í dulargervi og enginn kynjakvóti á ársþingi KSÍ er meðal þess sem var fréttnæmt í liðinni viku. Tilveran tók saman það helsta.



## Segja Báru hafa verið í dulargervi

Fjórir þingmenn Miðflokksins sem sátu á Klaustri bar að kvöldi 20. nóvember fara fram á að Bára Halldórsdóttir, sem tók upp samtal þeirra og tveggja þingmanna Flokks fólksins, verði sektuð og að Persónuvernd afli efnis úr eftirlitsmyndavélum á Klaustri umrætt kvöld. Persónuvernd hefur óskað eftir því við aðstandendur barsins að fá upptökur úr eftirlitsmyndavélum frá kvöldinu þegar þingmenn Miðflokksins og Flokks fólksins sátu þar að sumbli. Persónuvernd vill einnig upptökur Báru. Frásögn Báru telja þingmennirnir vera ótrúverðuga og telja þeir ljóst að hún hafi gengið einbeitt til aðgerða sinna og leiða að því líkur að um „samverknað“ sé að ræða. Þá telja þeir hana hafa farið í dulargervi til að fullkomna glæpinn.

**» Klausturshópurinn vill að Bára verði sektuð fyrir að taka upp samtal þeirra.**

## Aðeins 7 konur af 132 fulltrúum KSÍ

Ársþing KSÍ fer fram um helgina. Á þingi verður kosið til nýrrar stjórnar, um tillögu til fjárhagsáætlunar og fleira. Á þinginu eru skráðir um 132 aðalfulltrúar en af þeim eru aðeins sjö konur skráðar sem aðalfulltrúar. Þær eru því aðeins 5,3 prósent fulltrúa. Þá eru níu konur skráðar sem varafulltrúar á þinginu, sem er um tíu prósent af öllum varafulltrúum, en þeir eru samtals 88. Engir kynjakvótar eða reglur eru hjá sambandinu um tilnefningar félaga á þingið. Formaður segir hlutfallið of lágt og framkvæmdastjóri málið flókið.

**» Engir kynjakvótar eða reglur eru hjá KSÍ um tilnefningar félaga á ársþingi.**

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins











**Glæsilegt og fullbúið parhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr á frábærum útsýnisstað við Mosagötu í Urriðaholti Garðabæjar. Um er að ræða eign sem er skráð skv. F.M.R. 227 fm og þar af er bílskúr 40 fm. Mikil lofthæð, sérsmíðaðar innréttingar frá Parka, granítborðplötur, vönduð heimilistæki, hjónasvíta með fataherbergi og baðherbergi, gólfsíðir gluggar, gólfhiti á neðri hæð og frábært útsýni er meðal þess sem einkennir þetta glæsilega hús. Svefnherbergin eru fjögur og baðherbergi þrjú. Mikið er lagt í lýsingu sem er innfelld halógenlýsing og útilýsing er meðfram húsinu. Gólfefni er vandaðar parketflísar. Húsið er flísalagt með vönduðum ítölskum parketflísum frá Parka. Hellulagt bílaplan er fyrir framan hús með snjóbræðslu í bílastæði, skjólveggir o.fl. Frábær staðsetning þar sem örstutt er út í fallega náttúru, skóla og leikskóla.**

# LJÚFFENGUR HELGARMATUR Í NETTÓ

**Grísahnakki**
Úrbeinaður m/epli og kanil
**1.959** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.198 KR/KG
-30%





-30%

**Lambalærissneiðar**
í raspi
**1.749** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.498 KR/KG




-30%

**Lambalæri**
Léttreykt
**1.959** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.798 KR/KG



-50%

**Grísaskankar**
**499** KR/KG
**ÁÐUR:** 988 KR/KG



-25%

**Grísa T-Bein steik**
**2.249** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.998 KR/KG



-25%

**Lambahryggur**
**1.792** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.298 KR/KG




-27%

**Grandiosa pizzur**
5 tegundir
**499** KR/PK
**ÁÐUR:** 679 KR/PK

**Bleikjuflök**
2 flök
**2.249** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.998 KR/KG



-25%



-50%

**Perludraumur**
Tertusprengja
**365** KR/STK
**ÁÐUR:** 729 KR/STK

**Ananas**
Gold Del Monte
**195** KR/KG
**ÁÐUR:** 389 KR/KG



-50%

nettó
Lægra verð – léttari innkaup



**VERSLAÐU Á NETINU**
**www.netto.is**

**Tilboðin gilda 7.-10. febrúar 2019**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Njósnari með skyggnigáfu?



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Varla er til of mikils mælst að þingmenn þjóðarinnar séu sæmilega skynsamir og búi yfir rökhugsun. Ef í ljós kemur að þingmenn eru haldnir verulega slæmum dómgreindarskorti er best fyrir alla að þeir hverfi af þingi.

Þegar er ljóst að fjórir þingmenn Miðflokksins, sem kenndir eru við barinn Klaustur, búa ekki yfir nægilegri skynsemi og rökhugsunin er heldur ekki upp á það besta. Í stað þess að hafa hægt um sig, eins og fólk gerir venjulega þegar það skammast sín vegna athæfis síns, hafa þingmennir hátt og kasta fram alls kyns fullyrðingum sem hvert skynsamt mannsbarn sér að geta ekki staðist.

Nú halda þingmennirnir því fram að Bára Halldórsdóttir sem tók upp fyllirísraus þeirra á barnum, hafi brugðið sér í dulargervi þegar hún tók upp samtalið og hafi ákveðið dulargervið áður en hún mætti á staðinn.

Í fjölmiðlum hefur ítrekað verið rætt við Báru, en þar hefur hvergi komið fram að hún búi yfir skyggnigáfu. Hún á samt að hafa vitað fyrirfram hvenær þingmennirnir myndu vera á þessum tiltekna bar. Ekki nóg með það, heldur á hún einnig að hafa gert sér grein fyrir því að þeir myndu verða ofurölvi, keppast við að klæmast og rægja samstarfsfólk sitt.

Nú skulum við útiloka að Bára Halldórsdóttir búi yfir skyggnigáfu. Ef hún hefði þá gáfu hefði það vísast komið fram í fjölmiðlum. Um leið er eina mögulega skýringin á því að hún hafi fyrirfram vitað að hún myndi komast í feitt sú að hún hafi áður séð og heyrt til þessara þingmanna á barnum og því vitað að þeir væru klámkjaftar þegar þeir væru komnir í glas. Ekki passar það við yfirlýsingar þingmannanna sjálfra sem segjast ekki hafa þekkt sig í orðunum sem þeir létu falla á barnum.

Það er næsta óhuggulegt að fjórir þingmenn úr sama flokki skuli bjóða landsmönnum upp á þá vitleysislegu skýringu að ásetningur Báru hafi verið svo sterkur að hún hafi brugðið sér í dulargervi. Staðreyndir málsins eru mjög einfaldar og verður ekki haggað: Þingmennirnir fóru á barinn, drukku og klæmdust og höfðu hátt. Þeir helltu sig sjálfir fulla. Áfengi var ekki þvingað ofan í þá með þeim afleiðingum að þeir fóru skyndilega að tala tungum.

**Áfengi var ekki þvingað ofan í þá með þeim afleiðingum að þeir fóru skyndilega að tala tungum.**

Vel mætti ætla að í hópi þessara fjögurra þingmanna væri allavega einn réttlátur sem gerði sér ljóst hversu galna samsæriskenningu þeir eru að bera á borð fyrir landsmenn. En þingmennirnir halda hópinn. Það hlýtur að vera vegna þess að formaður Miðflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, vill haga málum á þennan veg. Staðreyndir málsins blasa samt við öllu skynsömu fólki. Þingmönnunum var ekki fjarstýrt af Báru Halldórsdóttur. Þeir eru ekki fórnarlömb. Skömmin er þeirra, en þeir kunna ekki að skammast sín.






## Halldór




## Frá degi til dags

**Sofið hjá óvininum**

**Vinstri græn fögnuðu 20 ára afmæli í gær þótt einhverjum finnist sósíalísku berin heldur hafa súrnað á þessum tveimur áratugum og þyki nú síðast illt að sörfa hægri ölduna með utanríkisráðherra í Venesúela. Í fyrstu stefnuyfirlýsingu VG kvað við sígildan tón um jöfnuð og félagslegt réttlæti. Sjálfsagt má deila um það hvernig þau mál hafa þróast á þessum 20 árum. Eitt er þó víst að það hefði væntanlega þurft að segja Steingrími J. og félögum það þrisvar við stofnun flokksins að eftir 20 ár leiddi hann ríkisstjórnarsamstarf með höfuðóvinunum í Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum.**

**Tveir litlir Klaustursdrengir …**

**Þótt allt virðist ganga smurt hjá ríkisstjórn sem hefði þótt óskapnaður í árdaga VG, hlýtur forsætisráðherra að taka eftir samdrættinum milli Miðflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Þótt Miðflokkur, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafi ekki haft þingstyrk til að mynda ríkisstjórn eftir kosningar þá gæti fjölgað um tvo í Miðflokknum á næstunni eftir að tveir úr Flokki fólksins fóru á rall og þótt einn úr Miðflokknum hafi drukkið flösku af ólyfjan gæti fjölgað í hópnum þannig að eftir standi 33 sem duga vel til að halda VG í skefjum á umbrotatímum.**

sighvatur@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

# Plastpokabann – mikilvægt skref



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfisráðherra

Plast er efni sem endist afar lengi og er því hentugt til ýmissa nota. Einmitt þessi eiginleiki þess gerir það hins vegar einstaklega óhentugt sem einnota efni. Vörur úr plasti sem hent er eftir örskamma notkun geta enst í tugi og hundruð ára sem úrgangur.

Burðarplastpokar hafa verið bannaðir í fjölda ríkja og í síðustu viku mælti ég fyrir frumvarpi sem felur í sér að frá og með 1. janúar 2021 verði óheimilt að afhenda burðarpoka úr plasti á sölustöðum vara. Með þessu tökumst við á við það mikla magn plastpoka sem er í umferð en höfum auk þess víðtækari áhrif. Aðgerðin snertir daglegan veruleika heimilanna í landinu og virkjar okkur til að hugsa á annan hátt en áður um plast og eigin neyslu.

Með frumvarpinu fylgi ég eftir tillögum frá samráðsvettvangi um aðgerðir í plastmálefnum sem í sátu fulltrúar atvinnulífs, sveitarfélaga, umhverfisverndarsamtaka, opinberra stofnana, Alþingis, ráðuneyta og fleiri. Tillaga þeirra um aðstoð við neytendur sem mæta með margnota umbúðir undir keypta matvöru hefur þegar komið til framkvæmda og undirbúningur stendur yfir varðandi viðurkenningar fyrir framúrskarandi plastlausar lausnir. Verið er að vinna úr öðrum tillögum auk þess sem fyrir liggur að tilskipun ESB til að takast á við plastmengun verður innleidd en þar er t.d. lagt til að ríkjum verði gert skylt að draga úr notkun matarumbúða og drykkjarbolla úr einnota plasti. Bannið við afhendingu burðarplastpoka er þannig ein aðgerð af mörgum sem gripið verður til.

**Bannið við afhendingu burðarplastpoka er þannig ein aðgerð af mörgum sem gripið verður til.**

Heyrst hefur að plastpokarnir séu aðeins hluti af plastvandanum og ekki ætti að horfa til þeirra heldur gera þess í stað eitthvað annað. Ég segi: Gerum margt. Verkefnið fram undan er umfangsmikið og við þurfum margs konar lausnir. Plastvandinn er stór og við verðum að taka hann alvarlega. Hvernig borðar maður fíl? Einn bita í einu. Frumvarpið um plastpokana er einn slíkur biti – aðgerð sem virkjar okkur með beinum hætti við að hugsa um lausnir án plasts. Saman getum við lyft grettistaki.

Bann við burðarplastpokum virkjar okkur til að hugsa á annan hátt en áður um plast og eigin neyslu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hversdagssaga

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Saga þjóðar hvílir á þrem meginstoðum. Fyrsta stoðin er sagan eins og sagnfræðingar skrá hana skv. skrifuðum heimildum, einkum stjórnmála- og menningarsaga og persónusaga – oftast af sjónarhóli þeirra sem mest máttu sín. Næsta stoð er sagan eins og hún horfir við skáldum og fræðimönnum. Nærtækt dæmi er Íslendingasögur sem nútímamenn skoða yfirleitt sem skáldverk í samræmi við bókfestukenninguna frekar en sem annála.

**Þriðja stoðin þéttir söguna**

Fyrsta stoðin stóð ein lengi vel. Önnur stoðin, framlag skáldanna, reis varla í vitund manna að heitið geti fyrr en á 19. öld þegar bókfestukenningin ýtti sagnfestu til hliðar, kenningunni um Íslendingasögur sem sannsögulegar heimildir. Þriðja stoðin er félagssagan, stundum nefnd hversdagssaga, alþýðusaga fólks sem hvergi komst á blað í hefðbundinni sagnfræði. Þessi þriðja stoð reis ekki að ráði fyrr en á níunda áratug 20. aldar með aukinni lýðræðisvitund almennings. Hér er átt við sögur venjulegs fólks í dagsins önn, fólks sem kemur yfirleitt hvergi við sögu sagnfræðinganna og yfirleitt ekki heldur skáldanna. Frásagnir þessa fólks fylla og þétta þjóðarsöguna, bregða nýrri birtu á hana og breyta stefnu hennar og inntaki.

Sagnfræðingar tóku að gefa slíku efni meiri gaum eftir því sem traust almennings til yfirvalda tók að dvína eftir 1980. Þá steig fram fleira fólk en áður til að segja sögu sína. Þetta er helzta burðarstoð íslenzkrar sjálfsævisöguritunar. Frásagnir alþýðufólks hafa lengi lifað með þjóðinni þótt þær yrðu ekki viðfangsefni sagnfræðinga fyrr en undir lok 20. aldar. Sjálfsbókmenntirnar stóðu á gömlum merg persónusögu sem flokka má sem þjóðlegan fróðleik. Þegar félagssagan ruddi sér til rúms komu sagnfræðingar um síðir auga á þennan merkilega hluta menningararfsins og tóku að nýta hann til að rannsaka sögu alþýðunnar. Fyrir þann tíma var litið á slíkt efni sem skemmtibókmenntir sem ættu lítið erindi við vísindi.

**Sjaldgæf innsýn**

Á fyrri tíð þegar sagan var fyrst og síðast saga þeirra sem mest máttu sín komust aðrir ekki á blað, t.d. konur. Það gerðist t.d. ekki fyrr en 2012 að út var gefin Dagbók Elku Björnsdóttur verkakonu í Reykjavík frá árunum 1915-1923 í bókaröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar sem Sigurður Gylfi Magnússon prófessor í Háskóla Íslands á veg og vanda af ásamt Má Jónssyni og Davíð Ólafssyni samstarfsmönnum sínum. Elka hafði frá ýmsu að segja sem ella hefði fallið í gleymsku, t.d. um Spænsku veikina, fullveldisfagnaðinn 1. desember 1918, fundi Bókmenntafélagsins og stofnun verkakvennafélagsins Framsóknar. Frásögn hennar komst ekki á þrykk fyrr en alþýðusagan fékk byr undir vængi seint á 20. öld. Í bókaflokknum Merkir Íslendingar (sex bindi, 1947-1957) eru 96 ritgerðir um enn fleiri karla; ég segi „enn fleiri“ því tvær ritgerðir fjalla um feðga.

Aðrar bækur af sama toga eru m.a. sjálfsævisaga Theódórs Friðrikssonar rithöfundar Í verum (1941), bók Gísla Jónssonar alþingismanns Frá foreldrum mínum. Íslensk baráttusaga (1966) og ævisaga Hafsteins Sigurbjarnarsonar rithöfundar frá 1974, saga alþýðumanns sem mátti frá ungum aldri berjast fyrir lífi sínu og móður sinnar frá degi til dags. Önnur markverð dæmi eru dagbækur alþýðuskáldsins Magnúsar Hj. Magnússonar, sem var fyrirmynd Halldórs Laxness að Ólafi Kárasyni Ljósvíkingi í Heimsljósi, sjálfsævisaga Tryggva Emilssonar Fátækt fólk (1976-1979) og minningabækur Hannesar Sigfússonar skálds Flökkulíf (1981) og Framhaldslíf förumanns (1985).

Enn eitt fróðlegt dæmi er Bræður af Ströndum þar sem dagbækur tveggja bræðra, bréf og annað efni veita sjaldgæfa innsýn í daglegt líf fólks á ofanverðri 19. öld undir leiðsögn Sigurðar Gylfa Magnússonar. Margar aðrar bækur misvel þekktra höfunda mætti nefna auk mikils fjölda sjálfsævisagna þjóðþekktra karla og kvenna.

**Sjónarhóll hagnýtrar sagnfræði**

Bækur sem þessar, sögur fólks sem sagnfræði með gamla laginu horfir fram hjá, birtast enn, stundum aðallega til heimabrúks. Arngrímur Sigurðsson kennari birti Hver ein tíð: Minningavefur einnar aldar (þrjú bindi, 2004). Nýrra dæmi er Jón og Jóna frá 2017, saga Jóns Hjaltalíns Gunnlaugssonar læknis og konu hans Jónu Halldóru Bjarnadóttur eftir Kristínu Jónsdóttur. Of lítið er gefið út af slíkum bókum af sjónarhóli hagnýtrar sagnfræði, e.t.v. af því að höfundarnir sjálfir, fjölskyldur þeirra eða útgefendur treysta ekki á áhuga óvandabundins fólks á slíkum sögum, vanmeta gildi þeirra og telja efnið því ekki eiga erindi út fyrir raðir fjölskyldunnar. Því kann margt gott efni að koma fyrir sjónir færra fólks en vert væri.

Mikils er um vert að sagnfræðingar og aðrir vinni skipulega úr birtum sem óbirtum endurminningum, sjálfsævisögum, samtalsbókum, bréfum, dagbókum og skráðum svörum við spurningalistum Þjóðminjasafnsins þar sem hefur verið safnað saman miklu efni um hversdagsmenningu íslenzkrar alþýðu s.l. 150 ár. Slíkar heimildir eru verðmæt uppspretta vitneskju um liðna tíð handa þeim sem vilja kynnast högum ekki bara höfðingjanna heldur einnig venjulegs fólks.




# Gætum að orðavali okkar



**Freydís Kjartansdóttir**
nemi við Háskólann á Akureyri

Fyrir nokkrum dögum þegar ég var að lesa gegnum kommentakerfið á Twitter þá fékk ég allt í einu skrítna tilfinningu sem ég áttaði mig ekki á. Mér leið eins og ég væri áhorfandi að atburðarás sem væri engan veginn í lagi. Ég áttaði mig síðan fljótlega á því hvað það var, það voru orðin sem margir notuðu, já, það voru ljót orð og setningar sem blöstu við mér á Twitter og á Snapchat. Um leið áttaði ég mig á því að þetta ljóta orðaval er það sem er líka notað á öðrum samskiptamiðlum.

Mig langar að biðja allt það fólk sem er að tjá sig á opnum samskiptamiðlum, eins og til dæmis á Twitter sem er vinsæll samskiptamiðill, að hafa í huga hvaða orð eru valin. Það fer ekki mikið fyrir málefnalegum umræðum á þessum opnu samskiptamiðlum. Það er of áberandi að fólk svari hvort öðru með: „Ertu fatlaður eða ertu mongolíti.“ Til þess síðarnefnda var vægast sagt vísað á mjög óviðeigandi hátt í fjórða sjónvarpsþættinum af Ófærð þegar einn leikarinn sagði: „Hann er svona korter í Downs.“ Sem betur fer brást fólk við og tjáði sig um að þetta væri bæði niðrandi og særandi fyrir foreldra sem eiga börn með Downs.

**Það lýsir meira innri manni þess sem notar niðrandi orð um annað fólk heldur en að það lýsi á einhvern hátt þeim sem talað er svona niðrandi um.**

Við þurfum alltaf og allstaðar að passa okkur á því hvað við segjum við fólk, um fólk og hvaða orð og setningar við notum í samskiptum hvar sem við erum og þá sérstaklega á opinberum vettvangi. Mér finnst t.d. hugmynd fyrir þjóðina að hætta að nota niðrandi orð um vini eða ættingja eða sem eitthvert flipp. Það lýsir meira innri manni þess sem notar niðrandi orð um annað fólk heldur en að það lýsi á einhvern hátt þeim sem talað er svona niðrandi um. Svona framkoma er allavega undir engum kringumstæðum í lagi og alls ekki fyndin.

Við ættum að sameinast um það sem samfélag árið 2019 að vanda okkur betur í samskiptum og tala af virðingu um fólk og við fólk og segja ekki annað en það sem við viljum að sé sagt um okkur.

# Fíllinn í hjarta Reykjavíkur



**Hanna Katrín Friðriksson**
þingmaður Viðreisnar



Það kannast flestir við fílinn í stofunni. Það sem allir vita en enginn vill ræða. Stundum gengur ágætlega upp að lifa með fílnum, en oftast er tilvist hans óþolandi. Sérstaklega þegar hún veldur því að mikilvæg samfélagsleg hagsmunamál eru ekki leidd til lykta.

Á hinum pólitíska vettvangi eru nú mörg mikilvæg og umfangsmikil mál til umræðu og úrlausnar. Mál sem varða hagsmuni þjóðarinnar mikið. Það má nefna hér tillögur ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum og samgönguáætlun sem er verið að ræða á Alþingi þessa dagana. Enn fremur áherslur varðandi aðstæður og uppbyggingu í ferðaþjónustunni og síðast en alls ekki síst stefnu ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

Þessi mál hafa öll verið kynnt af hálfu ríkisstjórnarflokkanna þriggja án þess að vikið hafi verið orði að fílnum sem í þessu tilfelli er vel sýnilegur og áþreifanlegur mitt í hjarta Reykjavíkur.

Hvernig er hægt að leggja til bestu mögulegar lausnir á húsnæðisvandanum á höfuðborgarsvæðinu; lóðaframboð, hverfauppbyggingu og skipulag byggðar, án þess að víkja orði að þeirri staðreynd að undir flugvellinum í Reykjavík liggja bestu og dýrmætustu lóðirnar sem ríkið getur boðið til lausnar á húsnæðisvandanum?

Hvernig er hægt að leggja til úrbætur í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu 15 árin; öryggismál og umferðarflæði, án þess að taka inn í myndina áhrifin sem uppbygging íbúðahverfa í Vatnsmýrinni myndi hafa á þau mál?

Ríkisstjórn VG, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hefur kynnt háleit markmið í loftslagsmálum. Hvernig fara þau mikilvægu markmið, og markmið í tengslum við stefnu sína um umhverfismál almennt, saman við þá tímaskekkju að hér situr flugvöllur inni í miðri borg?

Og ferðaþjónustan. Það er ítrekað kallað eftir stefnu í þessari stóru og mikilvægu atvinnugrein. Hvernig fer það saman að setja markmið um meiri dreifingu ferðamanna um allt land, m.a. með tilliti til þolmarka á ákveðnum landsvæðum og hagsmuna ferðaþjónustuaðila á landsbyggðinni, án þess að taka alvöru umræðu um áhrif þess að hinir erlendu gestir okkar þurfa að fara alla leið inn í miðbæ Reykjavíkur ef þeir vilja halda áfram flugleiðis út á land?

Hvassahraunið er ákjósanlegur kostur fyrir flugvöll sem sinnir bæði innanlands- og millilandaflugi. Fyrir bæði ferðamenn og íbúa landsbyggðarinnar eru fleiri jákvæðir þættir samfara því fyrirkomulagi en flugvöllur í miðborg Reykjavíkur.

Reykjavíkurflugvöllur verður þar sem hann er þar til samstaða næst um aðra lausn. Það er dapurlegt að verða vitni að því að ríkisstjórn VG, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar er einhuga um að leita ekki eftir samstöðu. Þessi ríkisstjórn hefur komið sér huggulega fyrir í stofunni við hlið fílsins. Það er vissulega svolítið þröngt en þröngt mega jú sáttir sitja. Og á meðan þurfa þessir íhaldsflokkar ekki að hrista upp í kerfinu.

JAGUAR F-PACE

ÞAÐ VILJA EKKI ALLIR VERA EINS OG ALLIR HINIR.

JAGUAR



ENNEMM / SÍA / NM92225 Búnaður bíls á mynd er frábrugðinn auglýstu verði

Búnaður í Jaguar F-Pace er m.a.: 18" álfelgur, halógen-aðalljós með dagljósum, framsæti með vönduðu áklæði og átta stefnu handvirkri stillingu, baksýnisspegill með sjálfvirkri deyfingu, gljásvart króm á skrautlista, 10" Touch Pro, upplýstar sílsahlífar úr málmi með Jaguar-áletrun.

Jaguar F-Pace Prestige.
VERÐ FRÁ: 8.890.000 KR.

JAGUAR
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

# BÓNUS

## NÝTT Í BÓNUS




Öflugur 900W
**BLANDARI**
Aukahlutir:
2 hnífar
1 stórt glas
2 lítil glös
2 lok

**6.998**
kr. stk.

**Power Blender Blandari**
900W




**1kg**

**479**
kr. 1 kg

**Kellogg's Corn Flakes**
1 kg

**400g**



**579**
kr. 400 g

**Jarðarber**
Spánn, 400 g




**500g**

**998**
kr. 500 g

**Bláber**
Chile, 500 g

Verð gildir til og með **10. febrúar** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Umhverfisvænni
**UMBÚÐIR**
Sömu góðu súpurnar




**1kg**

**1.598** kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa,** 1 kg
**Ungversk Gúllassúpa,** 1 kg
**Íslensk Kjötsúpa,** 1 kg

Matarmiklar súpur
**FULLELDAÐAR**
Aðeins að hita

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt




**1.398** kr. kg

**SS Lambalæri**
Krydduð, haustslátrun 2018

**SAMA VERÐ**
**UM LAND ALLT**



**395** kr. kg

**Blómkál og Spergilkál**
Spánn



**198** kr. kg

**Bökunarkartöflur**
Bretland, í lausu

Aðeins
**70kr.**
dósin




**698** kr. ks.

**Egils Kristall**
10 x 330 ml, 2 teg.




**89** kr. 500 ml

**Egils Pilsner**
500 ml

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 7. FEBRÚAR 2019



**Tónlistarmaðurinn Hrafn Bogdan kemur fram á Vetrarhátíð í Reykjavík á laugardag. Hann flytjur eigið efni fyrir sundlaugargesti Vesturbæjarlaugar á Sundlaugarnótt, sem er hluti hátíðarinnar.** ➜4

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.






Ævar Þór Benediktsson, Hrund Atladóttir og Gissur Páll Gissurarson verða öll áberandi á Safnanótt í Kópavogi. Ævar leggur Bókasafnið undir Þín eigin-heiminn, Hrund lýsir upp kirkjuna og holtið og Gissur flytur sönglög fyrir gesti og gangandi í fordyri Salarins við undirleik Árna Heiðars Karlssonar. MYND/ANTON BRINK

# Þín eigin Vetrarhátíð fer fram í Kópavogi

Vetrarhátíð fer fram í Kópavogi dagana 8. og 9. febrúar. Safnanótt er haldin föstudaginn 8. febrúar og laugardaginn 9. febrúar er komið að Sundlauganótt. Mikið er lagt í Vetrarhátíð nú sem endranær og metnaðarfull dagskrá í Kópavogi bæði kvöldin. ➜2

Framhald af forsíðu ➪

Að vanda er dagskrá Safnanætur í Kópavogi fjölbreytt og einkar áhugaverð. Hún ber yfirskriftina Þín eigin safnanótt þar sem Ævar Þór Benediktsson er sérstakur gestur á Bókasafni Kópavogs á Safnanótt en hann er höfundur bókaflokksins góðkunna. Ratleikur í anda bókanna fer fram á öllum hæðum safnsins og Ævar Þór leiðir áheyrendur á vit ævintýranna með skemmtilegum viðburðum.

„Já, Þín eigin-heimurinn tekur yfir bókasafnið og þá erum við sérstaklega að horfa á Þína eigin þjóðsögu, Þitt eigið tímaferðalag og Þína eigin hrollvekju,“ segir Ævar ánægður. „Svo ætla ég á klukkutíma fresti að koma mér fyrir á nýjum og nýjum stað á bókasafninu og lesa upp úr hverri bók fyrir sig og leyfa áheyrendum að velja hvað gerist og eins og við má búast getur lesturinn bæði endað mjög vel og mjög illa. Við endum á hrollvekjunni enda verður þá komið svartamyrkur og bara fyrir þá allra hugrökkustu að vera með þá,“ bætir hann við og segir jafnframt frá því að persónur úr bókunum verði á vappi um bókasafnið.

Ævar hefur unnið að hugmyndinni frá því komið var að máli við hann í sumar. „Bókasafn Kópavogs er eitt af mínum uppáhaldsbókasöfnum á landinu því afi og amma áttu heima rétt hjá og ég laumaðist til að vera með kort þar þegar ég var lítill. Þannig að það má alveg segja að einhverjar af persónunum úr Þín eigin-bókunum hafi orðið til á Bókasafni Kópavogs.“

Þess má til gamans geta að yfirskrift allra viðburða Safnanætur er vísun í bækurnar. Þar má til dæmis geta viðburðarins Þín eigin náttúra þar sem Kópavogskirkja og Borgarholtið taka á sig óvenjulega mynd með vörpun á vídeóverki Hrundar Atladóttur en Hrund hefur getið sér gott orð fyrir óvenjulega og spennandi vídeólist. Inni í kirkjunni verður Þín eigin raftónlistarupplifun undir stjórn Arnljóts Sigurðssonar, tónlistar- og myndlistarmanns, og séra Sigurður Arnarson veitir leiðsögn um nýuppgerða glugga Gerðar Helgadóttur á suðurhlið kirkjunnar undir yfirskriftinni Þínir eigin kirkjugluggar en fáar kirkjur á Íslandi státa af jafn fögrum steindum gluggum og Kópavogskirkja. Fleiri skemmtileg dæmi má sjá á dagskránni sem birt er hér á síðunni.

Í Náttúrufræðistofu verða lífverur í vötnum, sýnatökur og rannsóknir til umfjöllunar, sérfræðingar sýna aðferðir og svara spurningum forvitinna gesta undir yfirskriftinni og í Gerðarsafni verður boðið upp á hefðbundna dansleiðsögn um sýninguna Ó, hve hljótt en sýningin samanstendur af völdum kvikmyndum, hljóð- og vídeóverkum eftir bæði íslenska og alþjóðlega samtímalistamenn. Kristín Dagmar Jóhannesdóttir safnstjóri veitir hefðbundna leiðsögn en Saga Sigurðardóttir leiðir gesti með dansi. Þá leiðir Curver Thoroddsen viðburð þar sem gestir varpa eigin vídeóverki á veggi. Midpunkt gallerí tekur þátt og sýnir einnig brot af verkum frá síðustu sýningum.

Í Salnum verða tvennir tónleikar með Gissuri Páli Gissurarsyni. „Við Árni Heiðar Karlsson píanisti verðum með sönglagadagskrá þar sem við ætlum að flytja ítölsk og íslensk lög í bland,“ segir Gissur Páll aðspurður um efni tónleikanna og bætir við. „Þetta verða tvennir hálftíma tónleikar sem byrja klukkan níu og tíu. Tónleikarnir verða í anddyri Salarins en ekki í stóra salnum sem býður upp á meira kósí og meiri nánd og afslöppun. Þetta er eiginlega hugsað sem svona kaffihúsa salonstemming svo fólk getur kíkt við og hlustað á nokkur lög á leið sinni um Safnanótt.“

Sjálfur er Gissur Páll upp alinn í Kópavogi og finnst gaman að koma á heimaslóðirnar. „Það er frábært að vera á Safnanótt í Kópavogi, allt pakkað af skemmtilegum viðburðum.“

Loks má þess geta að í Héraðsskjalasafni Kópavogs verða sýndar kvikmyndir frá ýmsum tímum undir leiðsögn valinkunnra sagnaþula bæjarins.

Dagskráin hefst klukkan 18 og stendur til 23. Það eru Menningarhúsin í Kópavogi, Kópavogskirkja og Midpunkt gallerí sem taka þátt í Safnanótt auk þess sem Pure Deli í Gerðarsafni verður opið til miðnættis en þar verður Þín eigin hamingjustund og tónlist.

Kvöldið eftir er svo komið að Sundlauganótt sem að þessu sinni fer fram í Salalaug en Sundlauganótt hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Dagskrá hefst klukkan 18.10 með Aqua Zumba en ókeypis er í laugina frá klukkan 18. Jóga og samflot hefjast klukkan 19 og Bjarni töframaður skemmtir sundlaugargestum klukkan átta og svo aftur klukkan níu. Á bakkanum verður rómantísk stemming og tónlist og börn fá ís. Sundlauginni er svo lokað klukkan 22.

Allar nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Þín eigin safnanótt og Þín eigin Sundlauganótt og á kopavogur.is.W



Kópavogskirkja og holtið í kring verða strigi vídeólistakonunnar Hrundar Atladóttur á Safnanótt og mun náttúran vera þar innblástur meðal annars.



Náttúrufræðistofa Kópavogs tekur vel á móti forvitnum vísindamönnum á öllum aldri og kynnir bæði lífríki og rannsóknir á Safnanótt í Kópavogi.



Sundlauganótt verður að vanda haldin í Sundlaug Kópavogs kvöldið eftir Safnanótt og þar verður skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

# Vetrarhátíð í Kópavogi

## Safnanótt 8. febrúar

**Kl. 18.00 til 23.00** **Þín eigin náttúra**. Kópavogskirkja og holtið upplýst með vídeóverki Hrundar Atladóttur.
**Þinn eigin ratleikur** í anda bókaflokks Ævars Þórs Benediktssonar í Bókasafni Kópavogs.
**Þín eigin rannsókn**. Lífverur í vötnum skoðaðar í Náttúrufræðistofu Kópavogs. Rannsóknarstofan er opin til kl. 21.00.
**Þinn eigin hugur**. Slökun og hugleiðsla í Beckmannsstofu bókasafnsins á 2. hæð.
**Þín eigin svipmynd** af Kópavogi. Kvikmyndir frá ýmsum tímum sýndar undir leiðsögn í Héraðsskjalasafni Kópavogs, Digranesvegi 7.
**Þín eigin ást**. Laufléttt verkefni sem tengjast ástinni í Midpunkt Gallerí í Hamraborg 22.

**Kl. 18.00** **Þínir eigin spíralar og mynstur**. Tilraunir með liti og pappír með Doddu Maggý í Gerðarsafni.
**Kl. 18.15** **Þín eigin raftónlistarupplifun** með Arnljóti Sigurðssyni.
**Kl. 19.00** **Þín eigin kirkja**. Gluggar Gerðar Helgadóttur, kertaljós og höklar kirkjunnar til sýnis. Hrafnkell Karlsson nemi leikur á orgelið.
**Kl. 19.00** **Þín eigin tvíundakóðun**. Hressir tölvunarfræðinemar kenna gestum í bókasafninu.
**Þín eigin dýrateikning**. Teiknarinn Árni Jón Gunnarsson leiðbeinir í Náttúrufræðistofu.
**Kl. 19.00** **Þín eigin dans**. Saga Sigurðardóttir dansar með gesti um sýninguna Ó, hve hljótt í Gerðarsafni.
**Kl. 20.00** **Þínir eigin kirkjugluggar**. Sr. Sigurður Arnarson sóknarprestur veitir leiðsögn um nýuppgerða glugga Gerðar Helgadóttur í Kópavogskirkju.
**Kl. 20.30** **Þín eigin leiðsögn**. Kristín Dagmar Jóhannesdóttir safnstjóri veitir leiðsögn um sýninguna Ó, hve hljótt í Gerðarsafni.
**Kl. 21.00** **Þitt eigið vídeóverk**. Curver Thoroddsen stýrir viðburði í Gerðarsafni.
**Kl. 21.00** **Þinn eigin óperusöngvari**. Gissur Páll Gissurarson flytur sólarlög í fordyri Salarins.
**Kl. 21.00** **Okkar eigin rannsóknir**. Erindi um rannsóknarferðir og fjölbreytta starfsemi Náttúrufræðistofunnar.
**Kl. 22.00** **Þinn eigin taktur**. Arabísk dansveisla í Bókasafninu.
**Kl. 22.30** **Þinn eigin hlátur**. Andri Ívars uppistandari kitlar hláturtaugarnar í Bókasafninu.
**Þín eigin hamingjustund**. Notalegheit alla Safnanótt í Pure Deli í Gerðarsafni. Opið til 24.

## Sundlauganótt í Salalaug 9. febrúar

**Aðgangur ókeypis og rómantísk stemning. Tónlist á bakkanum og ís fyrir alla!**

Dagskrá
**Kl. 18.00** Aqua zumba.
**Kl. 19.00** Jóga í vatni.
**Kl. 20.00** Bjarni töframaður skemmtir sundlaugagestum.
**Kl. 21.00** Bjarni töframaður skemmtir sundlaugagestum enn meira.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
**Útgefandi.** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður.** Kristín Þorsteinsdóttir
**Umsjónarmenn efnis.** **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768
**Sölumenn.** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# ALGJÖRT VERÐHRUN!

# 60-80%

## afsláttur

Verðdæmi

**MOS MOSH** skyrta ~~25.980~~ nú **5.196**

**BITTE KAI RAND** kjóll ~~32.980~~ nú **9.894**

**GARDEUR** buxur ~~16.980~~ nú **3.396**

**DRANELLA** kjóll ~~14.980~~ nú **4.494**

**LEBEK** úlpa ~~24.980~~ nú **9.992**

**HÖGL** skór ~~29.980~~ nú **5.996**

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjáhrafnhildi.is












Hér er Hrafn í ljósbrúnu stuttbuxunum sem eru í miklu uppáhaldi. Blái bolurinn er frá J.Crew. MYND/ANTON BRINK

# Stuttbuxur þægilegar

## Hrafni Bogdan finnst þægilegast að vera í stuttbuxum heima. Hann kemur fram á Vetrarhátíð næsta laugardag.

Tónlistarmaðurinn Hrafn Bogdan kemur fram á Vetrarhátíð í Reykjavík næsta laugardag en þá mun hann flytja eigið efni fyrir sundlaugargesti Vesturbæjarlaugar á Sundlaugarnótt, sem er hluti Vetrarhátíðar. „Þar mun ég spila eigin lög fyrir sundlaugargesti, fyrst og fremst á gítar en kannski líka píanó. Þetta verður ljúfur fílingur fyrir gestina enda er ég fyrst og fremst að leita eftir að skapa skemmtilega og þægilega stemningu og leyfa fólki að njóta góðrar tónlistar og söngs.“ Tónleikarnir hefjast kl. 20 og standa yfir í hálftíma.

Hrafn, sem er nýorðinn 22 ára gamall, hóf ungur tónlistarnám. „Ég var sex ára gamall þegar ég hóf að læra á píanó ásamt því að syngja í drengjakór. Á svipuðum tíma byrjaði ég í raun líka að semja tónlist en það voru bara lítil lög á píanóið með engum söng. Um tólf ára aldurinn byrjaði ég svo að semja lög með söng og texta.“

### Hógvær stíll

Sem strákur hlustaði Hrafn mest á klassíska tónlist en um tólf ára aldurinn segist hann hafa einbeitt sér meira að söng og eigin lagasmíðum ásamt því að halda áfram í klassíkinni. „Þegar ég var 19 ára byrjaði ég að kenna sjálfum mér á gítar og er á fullu í því verkefni. Tónlistinni minni er best lýst sem poppi og byggist stíll minn mest á því að spila á tónleikum. Ég er búinn að taka upp „live“ EP-plötu sem ég mun gefa út á Spotify í lok þessa mánaðar og svo er stefnan sett á aðra hefðbundna EP-plötu síðar á árinu.“

Hann lýsir fatastíl sínum sem frekar hógværum en samt aðeins í klassíska átt. „Hann samanstendur yfirleitt bara af einfaldri peysu eða skyrtu og dökkum buxum. Fatastíllinn hefur helst mótast í gegnum árin af fólkinu í kringum mig, t.d. vinum, fjölskyldu og ýmsum listamönnum sem ég hef litið upp til. En hann hefur þó í grunninn verið meira og minna sá sami síðan ég var lítill. Ég fylgist ekkert sérstaklega með tískunni heldur skoða frekar hvað hentar persónuleika mínum og læt bara vaða. Þó er ég aðeins meðvitaður um hvað er inni og hvað ekki, en þó alls ekki mikið.“

*Hvar kaupirðu þér helst föt?*

Það er engin sérstök búð sem ég fer í umfram aðrar. Ég kaupi bara það sem mér finnst fallegt hverju sinni, sem getur verið hvar sem er.

*Hvaða litir eru í uppáhaldi?*

Það breytist reglulega en akkúrat núna eru það dökkgrænn og brúnn, helst í dekkri kantinum.

*Áttu minningar um gömul tískuslys?*

Það var helst þegar ég gekk einu sinni með forljóta og allt of stóra prjónahúfu sem ég bjó til þegar ég var í Hagaskóla. Hún passaði engan veginn við það sem ég klæddist en ég gekk með hana í nokkur skipti. Fljótlega fékk ég þó nóg og keypti mér almennilega húfu.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn?*

Það eru Nike innanhúss-skór sem ég keypti í byrjun árs 2012.

*Áttu einhverjar uppáhaldsverslanir?*

Nei, ég held ekki upp á neina sérstaka.

*Áttu eina uppáhaldsflík?*

Ég á mér nokkrar en sú sem ég nota kannski mest núna eru ljósbrúnar galla-stuttbuxur. Mér finnst alltaf langþægilegast að vera í stuttbuxum þegar ég er heima og er í raun eins oft í þeim og ég get.

*Bestu og verstu fatakaupin?*

Sem dæmi um bestu fatakaupin má nefna sparijakkann minn sem ég nota alltaf mikið og svo Nike innanhúss-skórnir. Í raun á ég mér engin verstu kaup því yfirleitt er ég alltaf viss um hvað ég ætla að kaupa mér.

*Notar þú fylgihluti?*

Ég notaði úr fyrir nokkrum árum en það brotnaði og ég hef ekki keypt mér nýtt síðan.

# ÚTSÖLULOK

**Síðustu dagar**

**útsölunni lýkur á laugardag**

**30-50% afsláttur**

icebreaker MERINO

100% Merino ullarfatnaður, stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.

Einnig fáanleg í barnastærðum

## OSPREY BAKPOKAR

**30-50% afsláttur**

Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur

**30% afsláttur**

FERRINO

GSI OUTDOORS

Svefnpokar, vindsængur, pottar, pönnur, hita-og kælibrúsar ofl. frá GSI og Ferrino með góðum afslætti

~~19.990 kr.~~ **9.995 kr.**

## GÖNGUSKÓR OG SANDALAR

**30-50% afsláttur**

KEEN

~~19.990 kr.~~ **9.995 kr.**

patagonia

vörur með góðum afslætti

**20-70% afsláttur**

Allar GRIVEL og singing rock vörur með góðum afslætti

**Afsláttarborðin verða að sjálfsögðu á sínum stað með enn betri kjörum!**

# GG•sport

**Opið**
**fimmtudag 10-18**
**föstudag 10-18**
**laugardag 11-18**

GG-sport
BÓNUS
BYKO

**Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi, sími: 571 1020 www.ggsport.is**

Evonia




Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.



Fyrir Eftir

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira. Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is




Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

FRÁBÆR

útsölulok

60–80%

afsláttur

Gerið góð kaup á fallegri vöru á frábæru verði

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

# Fatalína Biebers seldist strax upp

**Söngvarinn Justin Bieber hefur hannað sportlegan klæðnað undir merkinu Drew. Fötin hafa slegið í gegn hjá unga fólkinu þótt verðmiðinn sé í hærra lagi. Fötin eru í anda söngvarans, víð og frjálsleg.**

**Elín Albertsdóttir**
elin@frettabladid.is

Línan er framleidd undir merkjum Drew House. Broskallar eru í merki Drew á bolum og hettupeysum. Litirnir eru gulir og ljósbrúnir. Frá því var greint í nóvember að Justin hefði hug á að setja á markað eigið fatamerki. Nafnið Drew sækir hann í sitt eigið nafn þar sem það er millinafn hans. Hönnunin hefur staðið yfir í eitt ár en hefur loksins litið dagsins ljós. Fötin komu í takmörkuðu upplagi og aðeins í Los Angeles í Bandaríkjunum. Þau henta fyrir bæði kynin og kosta frá 48 dollurum fyrir bol sem er um 5.800 krónur upp í 148 dollara fyrir buxur eða 17.800 krónur. Allar vörurnar sem komu fyrst á markað eru uppseldar samkvæmt heimasíðu Drew House.

Justin Bieber og eiginkona hans, Hailey Bieber fyrirsæta, hafa verið dugleg að setja innlegg á Instagram um fatalínuna. Justin klæddist lengi vel íslenskri hönnun frá Inklaw Clothing, 66°North og JÖR. Kannski hann hafi fengið einhvers konar hugmyndaljómun í íslensku fötunum. Bieber hefur alltaf verið hrifinn af frjálslegum fatnaði.

Bieber er langt í frá sá eini frægi sem hefur hannað tískulínu. Það virðist reyndar vera í tísku um þessar mundir að koma með eigin hönnun á markað. Rihanna hefur nýlega sent frá sér nýtt fatamerki sem hefur verið vel tekið, Nicki Minaj gerði tískulínu fyrir Kmart árið 2013 og er þá aðeins litið brot nefnt af því fræga fólki sem hefur komið nálægt tískuheiminum. Svo má ekki gleyma Victoriu Beckham sem einu sinni gerði garðinn frægan með Spice Girls en er nú einn af vinsælustu tískuhönnuðum heimsins.

Bieber verður 25 ára þann 1. mars næstkomandi en var aðeins 14 ára þegar hann var uppgötvaður og er fyrsta alþjóðlega stjarnan sem til verður á YouTube.




Nýja línan sem Justin Bieber hannaði seldist upp í hvelli þótt fötin séu ekki ódýr.




Justin Bieber hefur gengið í broskallabol eftir sjálfan sig síðan í haust.



Poppstjarnan deildi þessari á Instagram-síðu sinni.




Stuttbuxur Biebers fyrir þá sem þora.


BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242
Nýjar vörur


Liturinn var áberandi á herratískusýningu Fendi í Mílanó í janúar.


Fyrirsætan fræga Kendall Jenner á tískusýningu fyrir Burberry.


Af tískusýningu Prada í Mílanó.


Balmain í París. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

# Drapplitað í sumar

**Einn af þemalitum sumarsins verður drapplitaður. Liturinn var vinsæll á vor- og sumarsýningum stóru tískuhúsanna og er nú einnig farinn að sjást á götum stórborganna.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Fyrirsætan Hailey Baldwin þykir fyrirmynd þegar kemur að tísku. Það að hún klæddist drapplitum fötum frá toppi til táar þegar hún skellti sér í bæjarferð í New York á dögunum hefur því heilmikið að segja um hversu áberandi liturinn mun verða í vor og sumar.

Baldwin klæddist gerðarlegri ullarkápu frá MM6 Maison Margiela og við hana samlitum íþróttagalla úr kasmír frá Chloé og sömuleiðis drapplitum íþróttaskóm.

Eins og margar stjörnur er Baldwin með stílista á sínum snærum. Sú heitir Maeve Reilly, og hafa þær stöllur verið að prófa sig áfram með stíl fyrirsætunnar að undanförnu. Þótti hún til að mynda mun fágaðri í útliti þennan vetrardag en oft áður.


Tom Ford

Fyrirsætan Hailey Baldwin í köflóttri ullarkápu frá MM6 Maison Margiela og skóm í stíl.

Sumarlínan 2019 frá Christian Dior var sýnd á tískuvikunni í París en þar kom drappaði liturinn sterkur inn.

FERMINGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna
kemur út þriðjudaginn 26. febrúar.
**Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.**



**Áhugasamir auglýsendur hafi samband við sérblaðadeild Fréttablaðsins**
Sími 550 5078/ serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# LANCÔME MASKAR

ÞVÍ EKKI AÐ DEKRA VIÐ SJÁLFA SIG EÐA EINHVERJA SEM ER ÞÉR KÆR?
HJÁ LANCÔME FINNUR ÞÚ ÚRVAL **LÚXUSMASKA**
SEM DEKRA VIÐ ÞIG DAG OG NÓTT.




### ROSE JELLY MASK

Maskinn rakanærir og róar húðina. Inniheldur meðal annars hunang, rósavatn og hyaluronic sýru. Berið ríkulega á hreina þurra húð og látið vera á yfir nótt. Hentar þurri og viðkvæmri húð.




### **NÝTT** - RÉNERGIE MULTI-LIFT TIGHTENING LIFTING MASK

Nýr þéttandi og lyftandi maski í Rénergie línunni. Maskinn nærir og gefur húðinni raka samstundis með býflugna- og Carnauba vaxi. Maskinn er borinn á andlit og háls á kvöldin og látinn vera á yfir nóttina. Nótt eftir nótt verður húðin fylltari, þéttari og fínar línur og hrukkur virðast minni og útlit húðarinnar fallegra. Þú bæði séð og finnur árangurinn.




### EXFOLIATING ROSE SUGAR SCRUB

Maskinn bráðnar á húðinni og myndar létta hitatilfinningu um leið og hann losar um dauðar húðfrumur. Berið á hreina raka húð og nuddið í 1 mín. Hreinsið þá af með vatni. Notist 2-3 í viku. Hentar öllum húðgerðum, líka viðkvæmum.




### ABCOLUE PRECIOUS CELLS REVITALIZING NIGHT RITUAL MASK

Næturmaski sem dekrar við húðina meðan þú sefur. Húðin verður fersk, rakafyllt og þétt að morgni og betur varin gegn áreiti dagsins. Við mælum með notkun þessa lúxusmaska 2 kvöld í viku.




### ABSOLUE PRECIOUS CELLS NOURISHING AND REVITALIZING ROSE MASK

Það besta frá Lancôme. Maski með dýrmætu rósaseyði og rósavatni sem dekrar við andlitið, róar, rakafyllir og endurheimtir ljóma, mýkt og frískleika húðarinnar á aðeins 10 mínútum. Má nota daglega.




### GÉNIFIQUE HYDROGEL MELTING MASK

**Nýjasta trendið.** Við viljum ekki bíða með að árangur komi í ljós: Þú hefur maskann á í 10, 20 eða 30 mín og hann gefur samstundis ljóma, fyllingu og mýkt. Maskinn inniheldur góðgerlaþrennu og sama magn af Bifidus Extracti og er í einu glasi af Génifique Serum 30 ml.




### ENERGIE DE VIE ILLUMINATING & PURIFYING EXFOLIATING MASK

Þessi 2-í-1 raka- og kornamaski hentar mjög vel til að losa um dauðar húðfrumur líflausrar húðar svo fersk ljómandi húðin fái að njóta sín og húðholur verði minna sjáanlegar. Notist 2 í viku í 3 mín.




### ENERGIE DE VIE ANTIOXIDANT OVERNIGHT RECOVERY SLEEPING MASK

Næturmaski sem rakafyllir og þéttir húðina sem verður fersk og sjáanlega jafnari. Hann kælir húðina og undirbýr hana fyrir nóttina. Notist á hverju kvöldi sem næturkrem eða 2 – 3 í viku í 10 mín. sem orkugefandi maski sem vinnur á þreytumerkjum.




### ENERGIE DE VIE PURIFYING & REFINING CLAY MASK

Mjúkur, grænn kremaður leirmaski. Hreinsar húðina, vinnur gegn stífluðum húðholum, hreinsar farða og mengun af húðinni sem verður hrein, fersk, húðholur minna sjáanlegar og húðlitur bjartari. Notist 2 í viku í 5 mín.



Við kjólinn var Katrín í svörtum sokkabuxum og skóm frá L.K.Bennett.

## Kjóllinn setti í brýnnar

Nokkrir aðdáendur bresku konungsfjölskyldunnar voru eitthvað ósáttir við kjólaval Katrínar Middleton þegar hún birtist í heimsókn í barnaskóla í kjól frá Eponine London sem virtist setja í brýnnar. Katrín kom í Lavender-skólann í Enfield-hverfinu í London til að taka þátt í heilsuviku sem nú stendur yfir í breskum skólum. Kjóllinn kostar rúmlega 300 þúsund krónur og þykir einstaklega glæsilegur eins og flest allt sem kemur frá Eponine London. Við kjólinn var hún í svörtum sokkabuxum og skóm frá L.K.Bennett, sem kallast Marissa Black Suede Ankle Boots og kosta 31 þúsund krónur. Handtaskan var frá Mulberry.

En þegar Katrín steig út úr bílnum virtust krumpurnar í kjólnum búa til svip svo eftir var tekið. Aðdáendur konungsfjölskyldunnar tístu, fóru á Facebook og jafnvel skrifuðu ummæli á Instagram-síðu Kensington-hallarinnar um kjólinn og svipinn sem hann bauð upp á.

Sumir vildu meira að segja meina að hertogaynjan væri að senda dulin skilaboð og fýlukjóllinn væri alls engin tilviljun. Hún væri augljóslega að senda skilaboð til Meghan, svilkonu sinnar, en innanbúðarmenn innan konungsfjölskyldunnar segja ansi stirt á milli þeirra. Hvort sem það er rétt eða ekki var Katrín hin glæsilegasta og sló í gegn meðal barnanna.



Heilbrigðar varir eru til prýði.

## Mjúkur koss á Vetur konung

Það er frost í kortunum næstu daga og það þýðir aukið álag á varirnar. Ískalt loft, nístandi vindar og svo upphitað húsnæði geta gert varirnar þurrar og skorpnar og um leið minna kyssilegar en ella. Þegar við kappklæðum okkur til að verjast vetrarhörkunum er munnurinn oftast ber og óvarinn.

- Ekki sleikja varirnar. Það getur haft þveröfug áhrif og gert illt verra. + Notið feitt varasmyrsl á sprungnar varir. Það heldur rakanum inni og lagfærir skurði og rifur.
- Forðist varasalva sem innihalda kamfóru, júkalyptus og mentól. Þau efni þurrka varirnar og vítahringur skapast þegar borið er meira af salvanum á varirnar.
- Forðist að bursta eða nudda flagnaðar varir því slíkt getur valdið sárum. Notið heldur feitt varasmyrsl til að mýkja varirnar og gera þær heilar á ný.
- Meðhöndlið sprungnar og þurrar varir strax.

# Íslenskur fatahönnuður vekur athygli

Hefur þú heyrt um tískumerkið Rotate Birger Christensen? Ef svarið er nei ættir þú að gefa því gaum, segir á tískusíðum norska vefmiðilsins VG. Bent er á tískuvikuna í Kaupmannahöfn sem fram fór í lok janúar. Þar var meðal annars sýnd tískulína undir þessu nafni en hönnuðir eru Jeanetta Friis Madsen og Thora Valdimarsdottir.

Það er gaman að geta þess að Thora er af íslenskum ættum en hefur verið búsett í Danmörku frá fjögurra ára aldri. Þóra, eins og hún heitir á íslensku, hefur gert garðinn frægan í tískuheiminum í Danmörku og í London. Rotate-merkið kom fyrst á markað í fyrra og hafa fötin náð miklum vinsældum. Hægt er að skoða úrvalið á vefversluninni rotatebirgerchristensen.com

Þóra stundaði á sínum tíma nám í tískuviðskiptafræði við University of the Arts London. Um tíma starfaði hún sem aðstoðartískuritstjóri danska tímaritsins Costume.



Jeanetta Friis Madsen og Thora Valdimarsdottir vöktu athygli á tískuvikunni í Kaupmannahöfn.




**atv.is FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI**

## Ísbúð í verslunarmiðstöð



**Til sölu** sérlega vel staðsett ísbúð í einum helsta og fjölfarnasta verslunarkjarna Hafnarfjarðar. Öll tæki nýleg sem og búnaður. Tryggur leigusamningur.
Ásett verð aðeins 3,9 millj. Nánari upplýsingar veitir Björgvin í s. 773-4500 eða sendu línu á bjorgvin@atv.is

**Dæmi um önnur spennandi tækifæri á skrá:**

Fasteignafélög ásamt eignasöfnum eða framkvæmdarreitum • Upplýsingaþjónusta á netinu • Veitingastaður Suðurnes • Veitingastaður í 101 • Bílaþjónusta Rvk • Ísframleiðsla m/eigin innflutning • Geymslufyrirtæki Rvk • Fataleiga • Rafvöruverslun • Kaffihús í 101 • Bifreiðaverkstæði • Fyrirtæki í ferðaþjónustu

**ATV slf. | Dugguvogi 10 | Reykjavík | (354) 517 3500 | atv@atv.is**

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Stækkun fiskeldis Matorku í Húsatóftum úr 3.000 tonnum í 6.000 tonn, Grindavíkurbæ**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Matorku ehf. er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

### VESTMANNAEYJABÆR
### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Vestmannaeyjum.

**Áshamar, íbúðarsvæði ÍB-4**
Á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. janúar 2019 og Bæjarstjórnar Vestmannaeyja þann 31. janúar 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Áshamar. Tillagan gerir ráð fyrir rað-, par- og fjölbýlishúsalóðum á óbyggðu svæði innan íbúðarsvæðis ÍB-4. Tillagan er sett fram í greinargerð og á uppdrætti í mkv 1:1000, dags. 29. jan. 2019. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Hafnarsvæði í Vestmannaeyjum.

**Strandvegur - Hafnarsvæði H-1**
Á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. janúar 2019 og Bæjarstjórnar Vestmannaeyja þann 31. janúar 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á Hafnarsvæði (H-1) og Miðsvæði norðan Strandvegar (M-1)
Í tillögunni felst að breyting er gerð á byggingarskilmálum reita nr. D1 og D3, lóðir Ísfélags Vestmannaeyja við Strandveg 14A og 18. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv 1:2000, dags. 29. jan. 2019. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða auglýstar í samræmi við ákvæði skipulagslaga á tímabilinu 7. feb. til 21. mars 2019. Skipulagsgögn ligga frammi í safnahúsi Ráðshúströð og hjá umhverfis- og framkvæmdasviði að Skildingavegi 5. Skipulagstillögur eru einnig birtar á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar, **www.vestmannaeyjar.is**, undir: **Skipulagsmál**.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér auglýstar skipulagstillögur. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis- og framkvæmdasviðs Skildingavegi 5, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið **bygg@vestmannaeyjar.is**, eigi síðar en **21. mars 2019**.

*7. febrúar 2019*
***Skipulagsfulltrúi Vestmannaeyja***

**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

**Erum að byrja með smáskipa- og skemmtibátanámskeið sem standa frá 11. febrúar til 23. mars 2019.**
Skráning og nánari upplýsingar í símum 514 9602 og 665 1100 og einnig á þessum slóðum:

https://tskoli.is/namskeid/smaskipanamskeid/
https://tskoli.is/namskeid/skemmtibatanamskeid/



**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

### UST – Sviðsstjóri sviðs efna, eftirlits og veiðistjórnunar

capacent

Umhverfistofnun leitar að leiðtoga fyrir svið efna, eftirlits og veiðistjórnunar. Stofnunin gegnir mikilvægu hlutverki í þessum fjölbreyttu og krefjandi málaflokkum og er sviðstjóri leiðandi í stefnumótun og þróun málaflokkanna innan stofnunarinnar

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12727**

### Umhverfis- og auðlindaráðuneytið - Sérfræðingur á sviði umhverfismála

capacent

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing á skrifstofu umhverfis og skipulags með áherslu á hringræna hagkerfið, grænan lífstíl, minni neyslu og úrgangsforvarnir.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12725**

### Spennandi störf hjá Ríkiskaupum

intellecta

**Verkefnastjóri á Þjónustusviði**
**Teymisstjóri rammasamninga**
**Gæða- og skjalastjóri**

Nánari upplýsingar um störf teymisstjóra rammasamninga og verkefnastjóra veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225 og Ragnar Davíðsson, forstöðumaður Þjónustusviðs Ríkiskaupa (ragnar.davidsson@rikiskaup.is) í síma 530-1419. Upplýsingar um starf gæða- og skjalastjóra veitir Ari Eyberg.

Umsóknarfrestur er til og með
**18. febrúar 2019.**

Umsókn óskast fyllt út á
www.intellecta.is

### Mentor á Íslandi – Framkvæmdastjóri

Mentor á Íslandi óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir íslenska dótturfélagið. Leitað er að öflugum einstaklingi í krefjandi stjórnunarstarf, þar sem samskiptafærni og skipulögð vinnubrögð fá að njóta sín.

Nánari upplýsingar veitir:
Sverrir Briem
**sverrir@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með
**11. febrúar 2019.**

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**

### LÍN - Starfsmaður í ráðgjafadeild

capacent

Lánasjóður íslenskra námsmanna óskar eftir að ráða nýjan starfsmann til starfa. Um er að ræða starf starfsmanns í ráðgjafadeild. Í boði eru fjölbreytt starf til framtíðar fyrir réttan einstakling.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12729**

### Framkvæmdasýsla ríkisins – Ert þú arkitekt með skipulagshæfni?

capacent

Framkvæmdasýsla ríkisins leitar að drífandi og framsýnum liðsmönnum til að taka þátt í spennandi verkefnum á sviði opinberra framkvæmda, húsnæðisöflunar og tengdrar stefnumörkunar. Í boði eru fjölbreytt verkefni, sveigjanleiki í starfi og tækifæri til starfsþróunar hjá þekkingarstofnun í vexti..

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12726**

### Stofnfiskur – MANNAUÐSSTJÓRI

Mannauðsstjóri Stofnfisks tilheyrir mannauðsteymi Benchmark í Bretlandi og vinnur með þeim að innleiðingu mannauðsstefnu félagsins auk þess að bera ábyrgð á öðrum mannauðsmálum Stofnfisks.

Nánari upplýsingar veitir:
Inga S. Arnardóttir
**inga@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með
**10. febrúar 2019**

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**

### Lífland – SÖLURÁÐGJAFI

Lífland óskar eftir öflugum söluráðgjafa til starfa á landbúnaðarsviði fyrirtækisins. Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf sem felur m.a. í sér sölu á fóðri og öðrum landbúnaðarvörum til bænda.

Nánari upplýsingar veita:
Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir
**yrsa@hagvangur.is**
Gyða Kristjánsdóttir
**gyda@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með
**11. febrúar. 2019**

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**

# Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKT gjörið svo vel
Fullmeyrnað ÍSLENSKT Ungnautakjöt
ÍSLANDS NAUT Stolt kjötmeistarans
4.395 kr. kg
ÍN Ungnauta Ribeye
Ferskt og fullmeyrnað
4.395 kr. kg
ÍN Ungnauta Fillet
Ferskt og fullmeyrnað
ÍSLENSKT Ungnautakjöt
2.598 kr. kg
ÍN Ungnauta Gúllas
Ferskt
2.598 kr. kg
ÍN Ungnauta Snitsel
Ferskt
Íslenskt GRÍSAKJÖT af nýslátruðu
LÁGT VERÐ ALLA DAGA
598 kr. kg
Stjörnugrís Grísabógur
Ferskur, af nýslátruðu
1.298 kr. kg
SG Grísakótilettur
Með hvítlaukspipar, ferskt
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Stuðningur og ráðgjöf vegna krabbameina



**Lóa Björk Ólafsdóttir**
hjúkrunarfræðingur hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins

**Einstaklingar sem greinast með krabbamein og aðstandendur þeirra hafa ríka þörf fyrir sálfélagslegan stuðning.**

Að greinast með krabbamein er flestum mikið áfall og einnig þeim sem nákomnir eru. Margir fara í gegnum erfiðar tilfinningar eins og ótta, reiði, örvæntingu, depurð og sektarkennd auk þess sem óvissan um framtíðina getur tekið mikið á. Það er oft þarna sem viðkomandi og hans nánustu uppgötva í fyrsta sinn að þessi daglega rútína, eins og að fara til vinnu, sinna heimili og áhugamálum, er dýrmætari en við gerum okkur oft grein fyrir.

Það getur reynt verulega á að vera kippt skyndilega út úr hinu venjubundna lífi inn í heim veikindanna. Það ræðst þó oft af eðli sjúkdómsins og einstaklingsbundnum þáttum hversu mikil áhrif krabbameinið og meðferð hefur á líf fólks. Sennilega er þó óhætt að fullyrða að áhrifin séu alltaf einhver á daglegt líf, andlegt jafnvægi og lífssýn viðkomandi.

Rannsóknir sýna að einstaklingar sem greinast með krabbamein og aðstandendur þeirra hafa ríka þörf fyrir sálfélagslegan stuðning, bæði í veikindunum og eftir að krabbameinsmeðferð lýkur.

Í dag læknast mun fleiri af krabbameini en áður og einnig eru fleiri sem lifa með ólæknandi krabbamein í lengri tíma en áður hefur þekkst. Þetta eru gleðilegar staðreyndir sem kalla hins vegar á aukinn stuðning við þá sem takast á við einkenni og fylgikvilla til lengri tíma vegna krabbameins eða krabbameinsmeðferðar.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins býður upp á ráðgjöf og stuðning við þá sem hafa greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra. Fjölbreytt námskeið og opnir tímar eru einnig í boði. Þjónustan er einnig ætluð þeim sem hafa misst ástvin úr krabbameini. Ráðgjafarþjónustan hefur aðsetur í húsi Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8, á fyrstu hæð í heimilislegu og notalegu rými. Þar starfa sem ráðgjafar hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafar, sálfræðingur og kynfræðingur. Viðtalsþjónustan er fólki að kostnaðarlausu.

Starfsemin miðar að því að gefa viðkomandi verkfæri í hendurnar til að takast á við tilfinningar, hugsanir, streitu og líkamleg einkenni sem geta komið upp í veikindunum og eftir veikindin. Það er mikilvægt að þeir sem hafa greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra leiti eftir þessum verkfærum til að vinna úr reynslu sinni og til að geta sem best hugað að sér og sinni líkamlegu og andlegu heilsu til framtíðar. Nánari upplýsingar er að finna á krabb.is.

Í tilefni af Alþjóðlega krabbameinsdeginum, 4. febrúar, hafa krabbameinsfélög um allan heim sameinast í þriggja ára herferð sem gengur út á að fækka krabbameinstilfellum með forvörnum, þekkingu á einkennum, greiningu og meðferð. Hluti meðferðar er að hlúa á heildrænan hátt að þörfum þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandenda. Þar getum við orðið að liði með margþættum stuðningi og ráðgjöf. Við erum við símann á virkum dögum og hvetjum þá sem þurfa ráðgjöf eða stuðning til að hringja í síma 800 4040 eða senda okkur tölvupóst á netfangið radgjof@krabb.is.

# Að rjúfa grafarró



**Jón Hálfdanarson**
eðlisfræðingur

**En það eru lög í landinu, lög um kirkjugarða. Þau banna þennan framgang.**

Að minnsta kosti þrjú stór hótel eru í byggingu í miðbæ Reykjavíkur. Það gæti vantað fleiri. Fyrir næstu hótel er gott byggingarland með fögru útsýni við Suðurgötu – Hólavallakirkjugarður. Þess vegna er rétt að halda til haga aðferð borgaryfirvalda og verktaka til að byggja ofan í kirkjugarð. Þá gleymist hún ekki. Uppskriftin er svona:

1. Fáðu fornleifafræðing til að grafa í kirkjugarðinum og fjarlæga beinagrindur og líkkistur.
2. Hunsaðu myndir og fréttir fjölmiðla af beinagrindunum sem koma upp.
3. Haltu því fram að uppgröfturinn hafi farið fram við hliðina á kirkjugarðinum.
4. Þegar allar menjar um þá framliðnu hafa verið fluttar burtu er garðurinn augljóslega ekki grafreitur lengur.
5. Haltu því fram að saga og menning skipti þig mjög miklu máli.
6. Nú skaltu halda ótrauður áfram því það er létt verk að moka vígðri mold í burtu.

Er þetta grín? Nei, því miður. Við Austurvöll er verið að reisa stórt hótel. Viðbygging þess mun standa ofan í hluta gamla Víkurkirkjugarðs. Þar hefur þessari aðferð verið beitt. Herkastalinn hefur staðið auður í eitt ár. Heyrst hefur að fjárfestar hafi keypt hann til að bæta enn einu hóteli við og þá er stutt í kirkjugarðinn við Suðurgötu.

En það eru lög í landinu, lög um kirkjugarða. Þau banna þennan framgang. Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra hefur sýnt það þor að friðlýsa vestari hluta hins gamla Víkurkirkjugarðs. Eftir nokkrar vikur þarf Lilja að taka þá ákvörðun hvort hún breytir skyndifriðun, sem Minjastofnun hefur sett á hinn hlutann, í friðlýsingu. Sá hluti Víkurkirkjugarðs færi ella undir Hotel Parliament eins og verktakinn vill skíra hið nýja hótel. Ég styð Lilju eindregið til góðra verka og vona að sem flestir taki undir það!

# VINNINGASKRÁ

2. flokkur 2019
Útdráttur 5. febrúar 2019

**HAPPDRÆTTI SÍBS**
Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

**AÐALVINNINGAR kr. 5.000.000**

25593

**AUKAVINNINGAR kr. 100.000**

25592 25594

**PENINGAVINNINGAR kr. 500.000**

516 2562 8709 16221 30818 37958 44405 59299 61539 77198

**PENINGAVINNINGAR kr. 100.000**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1223 | 6557 | 13804 | 17697 | 21233 | 27508 | 32722 | 39098 | 48850 | 53982 | 59474 | 65253 | 69068 | 75303 | 79771 |
| 3243 | 6591 | 14320 | 18788 | 23068 | 27582 | 33601 | 40598 | 49089 | 54911 | 60304 | 65642 | 69865 | 75629 | 79914 |
| 3744 | 6828 | 14935 | 18825 | 23655 | 29876 | 33646 | 41084 | 49514 | 56396 | 60537 | 66068 | 70028 | 76264 | |
| 3790 | 7122 | 15745 | 18989 | 23889 | 31008 | 33947 | 42188 | 49614 | 56942 | 62435 | 66176 | 70715 | 77972 | |
| 4010 | 8635 | 16207 | 20790 | 23999 | 31512 | 34224 | 42278 | 50917 | 57615 | 62502 | 67544 | 71525 | 78589 | |
| 6402 | 11374 | 16660 | 20834 | 24117 | 32248 | 35115 | 42708 | 51859 | 58581 | 63565 | 68122 | 74299 | 78854 | |
| 6461 | 13576 | 17034 | 20924 | 27503 | 32541 | 37021 | 43857 | 52442 | 58805 | 64113 | 68519 | 74435 | 78913 | |

**PENINGAVINNINGAR kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 840 | 3412 | 9498 | 13485 | 17500 | 21642 | 24431 | 28240 | 30660 | 39873 | 44949 | 50881 | 55023 | 60533 | 66774 | 72791 | 76988 |
| 1246 | 3486 | 10322 | 13844 | 17508 | 22180 | 24893 | 28580 | 31488 | 41132 | 45489 | 51162 | 55422 | 62084 | 67259 | 73494 | 77157 |
| 1319 | 4426 | 10389 | 14755 | 17906 | 22485 | 25506 | 29056 | 31746 | 41380 | 45748 | 51467 | 55688 | 62202 | 67459 | 73501 | 77540 |
| 1980 | 4659 | 10802 | 14803 | 18592 | 22619 | 25608 | 29344 | 31780 | 41641 | 45782 | 51962 | 56038 | 62364 | 67618 | 74050 | 78465 |
| 2395 | 4873 | 10926 | 14882 | 19836 | 22904 | 25749 | 29475 | 32456 | 41818 | 45866 | 52384 | 56566 | 64109 | 68309 | 74450 | 78539 |
| 2528 | 5019 | 10967 | 14994 | 19871 | 22952 | 25831 | 29634 | 33982 | 42147 | 46407 | 52520 | 57037 | 64310 | 68458 | 74487 | 79112 |
| 2734 | 6196 | 11322 | 15775 | 20674 | 23574 | 26400 | 29752 | 35241 | 42817 | 46633 | 52770 | 57078 | 64628 | 70077 | 74873 | 79474 |
| 2823 | 6392 | 11465 | 16528 | 20882 | 23601 | 26889 | 29924 | 36168 | 43932 | 46788 | 53186 | 59311 | 64700 | 71586 | 75255 | 79650 |
| 2826 | 6400 | 11600 | 16550 | 21143 | 23605 | 26920 | 29928 | 37015 | 44721 | 47803 | 53282 | 59404 | 65505 | 71840 | 75564 | |
| 2860 | 7607 | 12011 | 16643 | 21442 | 23618 | 27297 | 30334 | 37982 | 44793 | 48408 | 54052 | 59780 | 65714 | 71908 | 76114 | |
| 2937 | 8008 | 12114 | 16970 | 21543 | 24140 | 27576 | 30400 | 39452 | 44822 | 49156 | 54558 | 60078 | 65987 | 72116 | 76365 | |
| 3352 | 8974 | 12429 | 16972 | 21549 | 24242 | 27829 | 30406 | 39535 | 44845 | 50301 | 54736 | 60335 | 66052 | 72362 | 76800 | |

**VÖRUÚTTEKT HJÁ HAGKAUPUM kr. 30.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 4886 | 9343 | 13410 | 18727 | 24322 | 28329 | 32616 | 38109 | 41172 | 46455 | 51593 | 57836 | 63389 | 68118 | 73869 | 78787 |
| 238 | 4965 | 9476 | 13585 | 18888 | 24385 | 28358 | 32841 | 38273 | 41228 | 46822 | 51611 | 57863 | 63476 | 68156 | 73915 | 78937 |
| 255 | 5076 | 9480 | 13841 | 19047 | 24499 | 28361 | 32941 | 38459 | 41243 | 46835 | 51697 | 58125 | 63484 | 68367 | 74002 | 79055 |
| 310 | 5371 | 9482 | 13894 | 19126 | 24501 | 28418 | 33511 | 38487 | 41308 | 46952 | 51799 | 58126 | 63658 | 68659 | 74203 | 79072 |
| 322 | 5471 | 9607 | 14082 | 19203 | 24583 | 28555 | 33765 | 38514 | 41333 | 47036 | 52219 | 58218 | 63764 | 68775 | 74277 | 79130 |
| 526 | 5625 | 9639 | 14147 | 19336 | 24776 | 28556 | 33774 | 38554 | 41439 | 47169 | 52712 | 58417 | 63965 | 68939 | 74399 | 79217 |
| 564 | 5684 | 10061 | 14204 | 19345 | 24791 | 28557 | 33886 | 38562 | 41478 | 47423 | 53025 | 58604 | 64018 | 69001 | 74452 | 79466 |
| 679 | 5872 | 10087 | 14319 | 19547 | 25180 | 28718 | 34018 | 38626 | 41501 | 47435 | 53073 | 58756 | 64060 | 69196 | 74631 | 79561 |
| 721 | 6042 | 10093 | 14753 | 20584 | 25253 | 28776 | 34042 | 38698 | 41528 | 47521 | 53528 | 59079 | 64149 | 69197 | 74698 | 79619 |
| 797 | 6382 | 10143 | 14790 | 20637 | 25294 | 28855 | 34080 | 38700 | 41556 | 47563 | 53640 | 59149 | 64265 | 69275 | 74888 | 79626 |
| 919 | 6391 | 10369 | 14956 | 20713 | 25334 | 29097 | 34239 | 38814 | 41568 | 47700 | 53653 | 59155 | 64437 | 69292 | 74890 | 79810 |
| 988 | 6451 | 10437 | 15136 | 20786 | 25336 | 29112 | 34597 | 38957 | 41866 | 47942 | 53943 | 59208 | 64573 | 69497 | 74946 | 79875 |
| 1044 | 6502 | 10537 | 15298 | 20907 | 25460 | 29209 | 34663 | 38993 | 41896 | 47985 | 54102 | 59296 | 64590 | 69664 | 75061 | |
| 1059 | 6765 | 10644 | 15402 | 20908 | 25544 | 29228 | 34728 | 39147 | 42135 | 47994 | 54318 | 59315 | 64645 | 69862 | 75126 | |
| 1250 | 6769 | 10870 | 15485 | 20934 | 25565 | 29380 | 34761 | 39259 | 42322 | 48103 | 54547 | 59482 | 64735 | 70054 | 75334 | |
| 1383 | 6790 | 10896 | 15562 | 21094 | 25579 | 29444 | 34809 | 39326 | 42725 | 48337 | 54808 | 59502 | 64777 | 70105 | 75589 | |
| 1397 | 6794 | 11141 | 15595 | 21161 | 25770 | 29554 | 34868 | 39345 | 42872 | 48370 | 54893 | 59512 | 64893 | 70631 | 75761 | |
| 1741 | 7019 | 11239 | 15597 | 21314 | 25805 | 29637 | 34959 | 39443 | 43330 | 48519 | 54926 | 59680 | 64938 | 70833 | 75878 | |
| 1806 | 7154 | 11528 | 15664 | 21386 | 25846 | 29682 | 35010 | 39501 | 43659 | 48579 | 54928 | 59715 | 65020 | 70954 | 75905 | |
| 1878 | 7250 | 11601 | 15727 | 21522 | 25913 | 29760 | 35077 | 39513 | 44002 | 48596 | 55041 | 59774 | 65047 | 70961 | 76092 | |
| 1965 | 7295 | 11776 | 15853 | 21551 | 25950 | 29971 | 35165 | 39607 | 44170 | 48800 | 55131 | 59830 | 65066 | 71399 | 76169 | |
| 2009 | 7296 | 11838 | 16107 | 21808 | 26046 | 29993 | 35316 | 39680 | 44219 | 48815 | 55172 | 59852 | 65172 | 71438 | 76423 | |
| 2029 | 7339 | 11841 | 16175 | 21838 | 26343 | 30186 | 35376 | 39793 | 44321 | 48898 | 55212 | 59926 | 65193 | 71740 | 76513 | |
| 2165 | 7398 | 11908 | 16308 | 22278 | 26473 | 30215 | 35719 | 39890 | 44368 | 49187 | 56039 | 60096 | 65341 | 71791 | 76534 | |
| 2220 | 7543 | 12394 | 16335 | 22338 | 26497 | 30702 | 35756 | 39904 | 44386 | 49277 | 56053 | 60689 | 65354 | 71867 | 76595 | |
| 2342 | 7630 | 12468 | 16365 | 22397 | 26674 | 30790 | 35761 | 40020 | 44399 | 49303 | 56169 | 60729 | 65491 | 71884 | 76743 | |
| 2390 | 7759 | 12501 | 16464 | 22809 | 26725 | 30816 | 35788 | 40078 | 44489 | 49447 | 56350 | 60862 | 65723 | 72012 | 76786 | |
| 2608 | 7766 | 12529 | 16483 | 22939 | 26797 | 30835 | 35855 | 40257 | 44500 | 50065 | 56405 | 60963 | 65885 | 72413 | 76805 | |
| 2698 | 7811 | 12534 | 16498 | 22946 | 26806 | 30865 | 35925 | 40275 | 44511 | 50300 | 56454 | 61186 | 66219 | 72459 | 76969 | |
| 2748 | 7864 | 12569 | 16538 | 23004 | 26831 | 30957 | 35939 | 40419 | 44569 | 50381 | 56465 | 61408 | 66318 | 72501 | 77624 | |
| 2759 | 7940 | 12619 | 16573 | 23112 | 26989 | 30969 | 36043 | 40452 | 44872 | 50406 | 56764 | 61918 | 66325 | 72532 | 77777 | |
| 2903 | 8051 | 12707 | 16981 | 23283 | 27127 | 31195 | 36275 | 40467 | 45027 | 50481 | 56832 | 61968 | 66329 | 72540 | 77799 | |
| 3237 | 8085 | 12747 | 17276 | 23431 | 27186 | 31206 | 36324 | 40524 | 45407 | 50489 | 56854 | 62019 | 66463 | 72566 | 77825 | |
| 3272 | 8170 | 12778 | 17297 | 23474 | 27307 | 31279 | 36346 | 40525 | 45503 | 50528 | 56940 | 62172 | 66671 | 72633 | 77957 | |
| 3402 | 8191 | 12803 | 17668 | 23566 | 27497 | 31484 | 36501 | 40567 | 45506 | 50604 | 56947 | 62212 | 66801 | 72827 | 78050 | |
| 3501 | 8262 | 12828 | 17817 | 23575 | 27573 | 31855 | 36545 | 40629 | 45604 | 50766 | 57024 | 62275 | 66887 | 72840 | 78058 | |
| 3785 | 8461 | 12917 | 18033 | 23598 | 27656 | 31859 | 36563 | 40726 | 45665 | 50798 | 57039 | 62290 | 67298 | 72901 | 78067 | |
| 4146 | 8841 | 12992 | 18263 | 23880 | 27697 | 31941 | 36605 | 40919 | 46116 | 50989 | 57042 | 62489 | 67363 | 73029 | 78208 | |
| 4162 | 8876 | 13073 | 18276 | 23953 | 27732 | 32326 | 36919 | 40994 | 46126 | 50994 | 57084 | 62736 | 67495 | 73087 | 78368 | |
| 4170 | 8888 | 13087 | 18304 | 23988 | 27904 | 32386 | 37114 | 41034 | 46274 | 51086 | 57361 | 63111 | 67751 | 73096 | 78527 | |
| 4284 | 9029 | 13207 | 18530 | 24015 | 28043 | 32397 | 37127 | 41037 | 46314 | 51418 | 57370 | 63243 | 67763 | 73471 | 78542 | |
| 4592 | 9280 | 13258 | 18620 | 24182 | 28253 | 32423 | 37489 | 41109 | 46328 | 51460 | 57569 | 63323 | 67894 | 73777 | 78675 | |
| 4835 | 9297 | 13330 | 18641 | 24307 | 28328 | 32584 | 37984 | 41166 | 46384 | 51479 | 57768 | 63358 | 67919 | 73803 | 78757 | |

**PENINGAVINNINGAR kr. 25.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 75 | 5134 | 10282 | 15189 | 19041 | 23568 | 27541 | 31406 | 36651 | 41360 | 44728 | 49865 | 55440 | 59350 | 65402 | 70108 | 75115 |
| 133 | 5364 | 10314 | 15194 | 19054 | 23744 | 27604 | 31445 | 36716 | 41366 | 44796 | 50047 | 55605 | 59472 | 65410 | 70143 | 75390 |
| 371 | 5755 | 10530 | 15275 | 19171 | 23750 | 27715 | 31684 | 36725 | 41381 | 44814 | 50221 | 55731 | 59689 | 65480 | 70183 | 75452 |
| 425 | 5984 | 10614 | 15351 | 19173 | 23784 | 27790 | 31879 | 36954 | 41388 | 44816 | 50235 | 55792 | 59722 | 65749 | 70240 | 75570 |
| 539 | 6061 | 10871 | 15481 | 19411 | 23939 | 27794 | 31995 | 36997 | 41493 | 44892 | 50322 | 55846 | 60002 | 66063 | 70527 | 75613 |
| 547 | 6081 | 11058 | 15632 | 19572 | 24004 | 27869 | 32013 | 37001 | 41551 | 45162 | 50579 | 55884 | 60115 | 66119 | 70577 | 75750 |
| 600 | 6139 | 11393 | 15673 | 19588 | 24018 | 27879 | 32054 | 37110 | 41592 | 45206 | 50646 | 55904 | 60235 | 66181 | 70612 | 75868 |
| 613 | 6275 | 11402 | 15998 | 19694 | 24144 | 28070 | 32066 | 37260 | 41665 | 45207 | 50959 | 56195 | 60393 | 66185 | 70660 | 75963 |
| 932 | 6308 | 11515 | 16132 | 19985 | 24204 | 28113 | 32102 | 37401 | 41755 | 45255 | 51179 | 56203 | 60396 | 66188 | 70695 | 76105 |
| 1194 | 6337 | 11554 | 16163 | 19988 | 24224 | 28151 | 32384 | 37502 | 41811 | 45304 | 51295 | 56213 | 60416 | 66385 | 70802 | 76172 |
| 1289 | 6482 | 11560 | 16265 | 20030 | 24433 | 28286 | 32535 | 37580 | 41843 | 45375 | 51441 | 56448 | 60502 | 66625 | 70811 | 76208 |
| 2182 | 6487 | 11728 | 16292 | 20236 | 24436 | 28461 | 32705 | 37583 | 41853 | 45599 | 51466 | 56458 | 60530 | 66695 | 70965 | 76251 |
| 2186 | 6630 | 11742 | 16297 | 20285 | 24551 | 28472 | 32850 | 37655 | 42075 | 45621 | 51492 | 56520 | 60604 | 66764 | 71012 | 76266 |
| 2236 | 6676 | 11768 | 16398 | 20312 | 24646 | 28522 | 32900 | 37742 | 42112 | 45694 | 51524 | 56606 | 60632 | 66782 | 71063 | 76271 |
| 2366 | 6830 | 11786 | 16555 | 20405 | 24980 | 28639 | 33026 | 37750 | 42141 | 45912 | 51526 | 56783 | 60714 | 66865 | 71082 | 76374 |
| 2461 | 6943 | 11801 | 16560 | 20414 | 25038 | 28708 | 33317 | 37754 | 42151 | 46150 | 51528 | 56808 | 60989 | 67014 | 71241 | 76487 |
| 2547 | 6975 | 11839 | 16598 | 20485 | 25094 | 28874 | 33338 | 37887 | 42162 | 46250 | 51561 | 56891 | 61065 | 67397 | 71293 | 76695 |
| 2665 | 6997 | 12037 | 16726 | 20829 | 25148 | 28948 | 33497 | 37975 | 42256 | 46494 | 51602 | 56909 | 61279 | 67478 | 71358 | 76783 |
| 2684 | 7300 | 12165 | 16845 | 20835 | 25166 | 29006 | 33534 | 38064 | 42410 | 46680 | 51731 | 57007 | 61467 | 67489 | 71379 | 76826 |
| 2812 | 7355 | 12168 | 16952 | 20897 | 25234 | 29031 | 33703 | 38388 | 42461 | 46876 | 51985 | 57070 | 61715 | 67536 | 71419 | 76897 |
| 2861 | 7551 | 12247 | 17079 | 20916 | 25407 | 29038 | 33714 | 38456 | 42540 | 46939 | 52042 | 57095 | 61717 | 67591 | 71430 | 76972 |
| 2948 | 7598 | 12353 | 17153 | 20932 | 25442 | 29145 | 33730 | 38586 | 42657 | 46946 | 52127 | 57164 | 61835 | 67635 | 71584 | 77020 |
| 3049 | 7618 | 12505 | 17187 | 21002 | 25450 | 29365 | 33974 | 38601 | 42662 | 47041 | 52135 | 57288 | 61853 | 67688 | 71844 | 77184 |
| 3052 | 7652 | 12526 | 17261 | 21017 | 25601 | 29539 | 33984 | 38637 | 42743 | 47088 | 52264 | 57313 | 61959 | 67850 | 71849 | 77228 |
| 3056 | 7702 | 12800 | 17279 | 21040 | 25653 | 29687 | 34006 | 38758 | 42941 | 47143 | 52360 | 57336 | 62209 | 68000 | 71963 | 77325 |
| 3165 | 7807 | 12916 | 17431 | 21152 | 25920 | 29832 | 34209 | 38818 | 42953 | 47280 | 52476 | 57405 | 62251 | 68031 | 72121 | 77661 |
| 3213 | 7918 | 13014 | 17566 | 21183 | 25996 | 29847 | 34336 | 38943 | 42973 | 47507 | 52665 | 57433 | 62781 | 68281 | 72228 | 78183 |
| 3242 | 8013 | 13034 | 17585 | 21293 | 26085 | 30050 | 34589 | 39048 | 43058 | 47527 | 52942 | 57494 | 62904 | 68290 | 72236 | 78223 |
| 3318 | 8022 | 13035 | 17649 | 21547 | 26173 | 30176 | 34680 | 39082 | 43062 | 47965 | 53311 | 57524 | 63330 | 68488 | 72265 | 78282 |
| 3355 | 8032 | 13302 | 17693 | 21652 | 26243 | 30211 | 34753 | 39148 | 43229 | 48040 | 53687 | 57600 | 63402 | 68733 | 72340 | 78491 |
| 3474 | 8055 | 13359 | 17765 | 21676 | 26388 | 30223 | 34786 | 39182 | 43367 | 48063 | 53728 | 57828 | 63415 | 68799 | 72450 | 78506 |
| 3488 | 8233 | 13438 | 17836 | 21744 | 26520 | 30238 | 34859 | 39224 | 43453 | 48132 | 53744 | 58244 | 63551 | 68837 | 72521 | 78513 |
| 3510 | 8494 | 13599 | 18011 | 21827 | 26524 | 30341 | 34860 | 39353 | 43546 | 48238 | 53752 | 58257 | 63820 | 69010 | 72641 | 78714 |
| 3692 | 8653 | 13942 | 18107 | 21900 | 26529 | 30357 | 35120 | 39438 | 43550 | 48341 | 54018 | 58322 | 63827 | 69014 | 72821 | 78741 |
| 3928 | 8959 | 13969 | 18132 | 21967 | 26686 | 30385 | 35212 | 39558 | 43618 | 48348 | 54148 | 58390 | 63891 | 69252 | 72849 | 78875 |
| 3990 | 9168 | 14106 | 18157 | 22003 | 26731 | 30437 | 35342 | 39670 | 43638 | 48447 | 54197 | 58514 | 64005 | 69287 | 73229 | 78929 |
| 4273 | 9260 | 14209 | 18215 | 22131 | 26790 | 30479 | 35401 | 39844 | 43646 | 48564 | 54206 | 58608 | 64058 | 69440 | 73313 | 79018 |
| 4341 | 9281 | 14219 | 18249 | 22202 | 26895 | 30481 | 35501 | 39969 | 43721 | 48620 | 54208 | 58612 | 64223 | 69460 | 73417 | 79102 |
| 4364 | 9478 | 14259 | 18266 | 22406 | 26937 | 30649 | 35522 | 40022 | 43807 | 48771 | 54330 | 58686 | 64697 | 69531 | 73511 | 79263 |
| 4381 | 9707 | 14452 | 18343 | 22472 | 26951 | 30676 | 35574 | 40429 | 43867 | 48863 | 54466 | 58706 | 64736 | 69626 | 73586 | 79485 |
| 4425 | 9756 | 14500 | 18397 | 22898 | 27027 | 30777 | 35812 | 40618 | 44066 | 48954 | 54781 | 58750 | 64746 | 69686 | 73781 | 79691 |
| 4436 | 9815 | 14576 | 18425 | 22909 | 27158 | 30926 | 35873 | 40653 | 44145 | 48958 | 54884 | 58833 | 64792 | 69699 | 73957 | 79744 |
| 4494 | 9842 | 14584 | 18433 | 22941 | 27235 | 30985 | 36165 | 40661 | 44175 | 49021 | 54943 | 58849 | 64802 | 69718 | 74032 | 79766 |
| 4871 | 9893 | 14668 | 18552 | 23032 | 27262 | 31110 | 36203 | 40728 | 44234 | 49106 | 55107 | 58865 | 64810 | 69719 | 74059 | 79777 |
| 4884 | 9993 | 14735 | 18732 | 23045 | 27305 | 31137 | 36247 | 40879 | 44285 | 49356 | 55160 | 58953 | 64843 | 69747 | 74137 | 79813 |
| 4949 | 10075 | 14886 | 18807 | 23451 | 27313 | 31292 | 36248 | 40926 | 44448 | 49405 | 55176 | 58963 | 64867 | 69762 | 74456 | 79828 |
| 5005 | 10158 | 15018 | 18813 | 23495 | 27349 | 31299 | 36277 | 40928 | 44521 | 49491 | 55255 | 59127 | 64884 | 69777 | 74900 | 79871 |
| 5027 | 10177 | 15063 | 18831 | 23543 | 27350 | 31303 | 36615 | 41186 | 44559 | 49769 | 55278 | 59143 | 65386 | 69781 | 74960 | 79973 |
| 5064 | 10241 | 15114 | 18848 | 23564 | 27411 | 31337 | 36633 | 41279 | 44703 | 49786 | 55416 | 59252 | 65388 | 70075 | 74972 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. febrúar 2019
Birt án ábyrgðar um prentvillur

# Gleðitíðindi fyrir Breiðholtið

**Aðstæður til íþróttaiðkunar á félagssvæði ÍR munu breytast svo um munar til batnaðar á næstu árum. Þar mun rísa fjölnota íþróttahús á næsta ári og kemur síðar í kjölfarið hús með parketgólfi og fimleikahús.**

**ÍÞRÓTTIR** Þriðjudagurinn í þessari viku var gleðidagur fyrir félagsmenn Íþróttafélags Reykjavíkur, ÍR, en þá var skrifað undir samning um byggingu á fjölnota íþróttahúsi á ÍR-svæðinu við Skógarsel. Forráðamenn ÍR og embættismenn borgarinnar undirrituðu þá samning þess efnis að nýtt 5.000 fermetra fjölnota íþróttahús verði reist á ÍR-svæðinu við Skógarsel. Nú hefur leyfi til byggingar verið veitt á þeirri lóð þar sem húsið á að rísa.

Framkvæmdir við byggingu hússins eru hafnar og áætlað er að það verði tekið í notkun í upphafi næsta árs. Húsið mun nýtast öllum ÍR-ingum vel en áætla má að það muni helst nýtast undir knattspyrnu og frjálsíþróttir. ÍR hefur á sínum snærum tíu deildir, en auk knattspyrnu og frjálsra íþrótta eru fimleikar, handbolti, körfubolti, skíði, júdó, taekwondo, karate og keila starfrækt í Breiðholtsfélaginu.

„Það eru þrjú ár síðan ég óskaði eftir því á fundi með Reykjavíkurborg að einhverjar framkvæmdir myndu hefjast á félagssvæði okkar á næstu árum. Það var tilfinningarík stund að sjá 11 vinnuvélar við störf á svæðinu okkar í vikunni. Þetta mun gjörbreyta landslaginu hjá okkur og bæta aðstöðuna umtalsvert. Það hafa engar meiri háttar framkvæmdir verið gerðar á æfingasvæði okkar síðan árið 1980 þannig að okkur finnst þetta vera orðið tímabært,“ segir Ingigerður H. Guðmundsdóttir, formaður ÍR, um framkvæmdirnar sem hófust í vikunni.

Húsið mun samanstanda af fjölnota íþróttasal, sem er á stærð við hálfan knattspyrnuvöll, auk æfingasvæðis fyrir frjálsar íþróttir í vesturenda hússins. Þá er gert ráð fyrir búningsaðstöðu, lyftingasal, geymslurýmum, tæknirými, salernisaðstöðu, aðstöðu fyrir áhorfendur og lyftu í hliðarbyggingu. Heildarkostnaður við þessi mannvirki er áætlaður 1,2 milljarðar króna.

Á svæði ÍR í Suður-Mjódd er einnig verið að búa til nýjan frjálsíþróttavöll ásamt þjónustuhúsi, sem nú þegar er uppsteypt. Frjálsíþróttavöllurinn verður tekinn í notkun í sumar. Einnig er gert ráð



Framkvæmdir hófust í gær á ÍR-svæðinu á nýju íþróttahúsi sem á að vera tilbúið á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Þetta mun gjörbreyta landslaginu hjá okkur og bæta aðstöðuna umtalsvert.**
>
> Ingigerður H. Guðmundsdóttir, formaður ÍR

fyrir byggingu íþróttahúss með parketgólfi þar sem mögulegt er að stunda handbolta, körfubolta og þær bardagagreinar sem félagið leggur stund á. Það hús verður með áhorfendasætum, en ekki hefur verið tímasett hvenær þær framkvæmdir hefjast. Þá er í bígerð að hefja byggingu á fimleikahúsi, en staðsetning og tímasetning á þeim framkvæmdum hefur ekki verið ákveðin. Samanlagt munu allar fyrrgreindu framkvæmdirnar kosta um það bil 2,3 milljarða króna.

„Það er auðvitað himinn og haf á milli þess hvernig aðstaðan er núna og hvernig þetta mun líta út þegar framkvæmdunum lýkur. Við erum með 2.800 iðkendur í félaginu og núverandi aðstaða er löngu sprungin. Þetta er mikil lyftistöng fyrir íþróttalífið í Breiðholtinu og nærumhverfi þess. Það hefur verið sameiginlegur skilningur okkar og Reykjavíkurborgar að húsið muni einnig þjónusta félög á borð við Leikni, Fylki og Víking sem eru okkar næstu nágrannar. Þetta hús getur að sjálfsögðu ekki verið fyrir öll félögin í Reykjavík, en það mun hjálpa til við að leysa aðstöðuvanda fyrrgreindra félaga. Það á eftir að útfæra það hvernig skipting á tímum verður í húsinu,“ segir Ingigerður um þá aðstöðu sem er að rísa.

Þetta er annað fjölnota íþróttahúsið sem rís í Reykjavíkurborg, en fyrir stendur Egilshöllin í Grafarvogi. Til samanburðar má nefna að í Kópavogi er eitt fjölnota íþróttahús og ein knattspyrnuhöll. Þar af leiðandi eru tvær hallir sem þjónusta þau tvö félög sem starfrækja fleiri en eina deild í Kópavogi, en þau níu félög sem gera slíkt hið sama í Reykjavík verða að gera sér tvær hallir að góðu. Egilshöll á að þjónusta öll félögin, en slíku er ekki til að dreifa í þessari höll sem er einungis ætluð ÍR-ingum og nágrönnum þeirra til afnota.

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

### Dominos-deild kvenna

**Stjarnan - Haukar 79-75**

**Stigahæstar:** Daniella Victoria Rodriguez 28/13 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 21 - LeLe Hardy 20/14 fráköst, Eva Margrét Kristjánsdóttir 16, Þóra K. Jónsdóttir 12.

**Keflavík - Valur 75-94**

**Stigahæstar:** Birna Valgerður Benónýsdóttir 23, Brittanny Dinkins 22, Bryndís Guðmundsdóttir 12 - Helena Sverrisdóttir 32/12 stoðsendingar, Heather Butler 26.

**Snæfell - Skallagrímur 79-42**

**Stigahæstar:** Kristen Denise McCarthy 26/20 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 10 - Shequila Joseph 12/12 fráköst, Brianna Banks 9, Maja Michalska 9.

**Breiðablik - KR 81-102**

**Stigahæstar:** Sanja Orazovic 23, Ivory Crawford 21, Ragnheiður Björk Einarsdóttir 13 - Kiana Johnson 50/16 fráköst/10 stoðsendingar, Unnur Tara Jónsdóttir 19.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| KR | 28 | Stjarnan | 22 |
| Keflavík | 28 | Skallagr. | 12 |
| Valur | 26 | Haukar | 10 |
| Snæfell | 24 | Breiðablik | 2 |

### Olís-deild kvenna

**Selfoss - KA/Þór 28-29**

**Markahæstar:** Perla Ruth Albertsdóttir 8, Hulda Dís Þrastardóttir 5 - Katrín Vilhjálmsdóttir 7, Martha Hermannsdóttir 6, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 5.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 25 | KA/Þór | 15 |
| Fram | 23 | Stjarnan | 10 |
| Haukar | 19 | HK | 7 |
| ÍBV | 17 | Selfoss | 4 |

### Enska úrvalsdeildin

**Everton - Man. City 0-2**

0-1 Aymeric Laporte (45+2.), 2-0 Gabriel Jesus (90+7.)..

## Valdís Þóra hóf leik á LPGA

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir hóf keppni á ISPS Handa-mótinu í Ástralíu í nótt. Mótið er hluti af LPGA-mótaröðinni, sterkustu mótaröð heims, og er þetta annað árið í röð sem Valdís tekur þátt í þessu sterka móti.

Skagamærin átti rástíma klukkan 02.40 að íslenskum tíma í nótt. **– kpt**




# Ráðið í starf landsliðsþjálfara í lok febrúar

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta hefur verið án þjálfara síðan Ívar Ásgrímsson lét af störfum sem þjálfari liðsins í lok nóvember. Ívar sem hafði þjálfað íslenska liðið síðan árið 2014 hætti störfum eftir tap gegn Bosníu Hersegóvínu.

Hannes S. Jónsson, formaður Körfuboltasambands Íslands, KKÍ, segir í samtali við Fréttablaðið að sambandið hafi nýtt tímann frá því að undankeppninni lauk til þess að fara yfir stöðuna. Afreksnefnd KKÍ sé með málið á sinni könnu og ráðning á næsta landsliðsþjálfara sé í góðum farvegi.

„Við höfum verið að hugsa málin, hvaða aðilar komi til greina í starfið, síðan Ívar hætti. Afreksnefnd KKÍ sér um að velja það hverjir koma til greina í starfið og leggur svo fram tillögu til stjórnar sambandsins sem sér um að semja við þann sem þykir hentugastur í starfið. Ég býst við því að það verði farið á fullt hvað undirbúning þessarar ráðningar varðar um miðjan febrúar og þjálfari svo ráðinn um mánaðamótin febrúar og mars,“ segir Hannes.



Bríet Sif í síðasta leik Ívars með liðið gegn Bosníu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Það eru komin nöfn á blað og við munum svo ræða við þá sem eru á blaði hjá okkur upp úr miðjum febrúar. Næsta verkefni hjá liðinu er þátttaka á Smáþjóðaleikunum í maí þannig að það liggur ekkert á ennþá að ráða þjálfara fyrir liðið. Það má hins vegar ekki gerast seinna en í byrjun mars þannig að næsti þjálfari fái tíma til þess að undirbúa liðið fyrir næstu leiki liðsins. Við munum vanda til verka og ráða þjálfara sem er í stakk búinn til þess að leiða uppbygginguliðsins næstu árin,“ sagði Hannes að lokum. – hó



Infantino með Guðna Bergssyni á HM í Rússlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Infantino áfram forseti FIFA

**FÓTBOLTI** Það er ljóst að Svisslendingurinn Gianni Infantino mun gegna starfi forseta FIFA næstu fjögur árin en hann verður sjálfkjörinn á næsta þingi sambandsins sem fer fram í París í sumar. Frestur til að skila inn framboðum í formannskjörið rann út á miðnætti á þriðjudaginn og bárust engin mótframboð gegn Infantino. Fyrrverandi leikmaður Tottenham, Raymond Vega, íhugaði mótframboð en ekkert varð úr því.

Lögmaðurinn Infantino tók árið 2016 við starfi forseta hjá Alþjóðaknattspyrnusambandinu af landa sínum, Sepp Blatter, sem var rekinn úr starfi vegna spillingar og mútuþægni. Infantino hefur þegar tilkynnt að liðum verði fjölgað á HM 2026 sem fer fram í Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó og hefur talað fyrir því að Katar deili næsta heimsmeistaramóti með nágrannaríkjum sínum.

Kosið verður þann 5. júní næstkomandi í París, tveimur dögum áður en heimsmeistaramótið í kvennaflokki hefst með leik Frakklands og Suður-Kóreu. – kpt

## Vilja halda Þóri næstu fimm ár

**HANDBOLTI** Forseti norska handboltasambandsins, Kåre Geir Lio, staðfesti í gær í samtali við VG að Þóri Hergeirssyni stæði nýr samningur til boða hjá norska handboltasambandinu til fimm ára þrátt fyrir vonbrigðin á síðasta Evrópumóti.

Norska liðið stóðst ekki væntingar á Evrópumótinu þar sem lærimeyjar Þóris féllu úr leik í milliriðlinum. Eftir tvo tapleiki í riðlakeppninni þurfti norska liðið að sætta sig við fimmta sætið og horfa á eftir Evrópumeistaratitlinum til Frakka sem eru nú ríkjandi heimsog Evrópumeistarar.

Undir stjórn Þóris hefur norska liðið unnið Evrópumótið þrisvar, unnið tvo heimsmeistaratitla og tvö Ólympíugull á tæpum tíu árum.

Hann á enn rúmt eitt og hálft ár eftir af samningi sínum sem rennur út eftir Evrópumótið í Noregi 2020 en Kåre Geir staðfesti að norska handboltasambandið hefði áhuga á að framlengja við Þóri.

„Við höfum verið að ræða við Þóri um nýjan samning og það hefur gengið vel. Það eru komin tíu ár og markmið okkar er að hann stýri liðinu í fimmtán ár hið minnsta,“ sagði Kåre Geir í samtali við VG. – kpt



## Merkisatburðir

**1301** Játvarður annar verður fyrsti prinsinn af Wales.

**1613** Mikael Romanov verður Rússakeisari.

**1821** John Davis sagður hafa stigið á Suðurskautslandið fyrstur manna.

**1898** Émile Zola dreginn fyrir dóm fyrir greinina „Ég ákæri“.

**1900** Breski Verkamannaflokkurinn stofnaður.

**1904** Yfir 1.500 hús brenna í Baltimore.

**1942** Húsmæðraskóli Reykjavíkur tekur til starfa.

**1964** Bítlarnir koma fyrst til Bandaríkjanna.

**1971** Siglingafélag Reykjavíkur stofnað.

**1971** Konur fá kosningarétt í Sviss.

**1974** Grenada fær sjálfstæði.

**1986** Jean-Claude Duvalier flýr Haítí.

**1992** Maastricht-samningurinn undirritaður.



Abdúlla konungur Jórdaníu og hin vinsæla Rania drottning sitja fyrir eftir krýningarathöfnina í júní árið 1999. NORDICPHOTOS/AFP

# Abdúlla verið konungur Jórdaníu í tuttugu ár

**Abdúlla hefur verið konungur Jórdaníu í 20 ár. Gengið hefur á ýmsu frá því hann tók við því embætti. Góðæri, hrun, stríð og Arabíska vorið hafa einkennt valdatíð hans. Þrátt fyrir kröfur um stofnun lýðveldis situr Abdúlla enn sem fastast og virðist ekki á útleið.**

Tuttugu ár eru í dag liðin frá því Hussein Jórdaníukonungur lést úr krabbameini og Abdúlla krónprins settist á hásætið fræga. Á þessum tuttugu árum hefur Jórdanía gengið í gegnum góðæri og hrun, og ófriður geisað allt í kring.

Þótt Abdúlla hafi tekið við sem konungur þann 7. febrúar 1999 var hann ekki krýndur fyrr en 9. júní. Um 800 erindrekar ýmissa ríkja sóttu veislu af því tilefni í Raghadan-höllinni. Og þótt Abdúlla hafi verið nýkrýndur konungur má segja að Rania drottning hafi vakið mesta athygli. Hún var á þeim tíma 29 ára, yngsta drottning heims.

Sem konungur Jórdaníu er Abdúlla ekki einvaldur heldur fara þingið og ríkisstjórnin með þó nokkur völd. Konungurinn er þó þjóðhöfðingi, æðsti yfirmaður hersins og hefur töluverð áhrif á gang mála í jórdanska stjórnkerfinu.

Þegar Abdúlla tók við völdum var hagkerfi Jórdaníu illa statt vegna Persaflóastríðsins. Efasemdir voru um að hinn nýi konungur væri í stakk búinn til að takast á við það erfiða verkefni að endurreisa hagkerfið, að því er kom fram í grein í Economist í febrúar 1991.

Abdúlla kom á töluverðum breytingum á jórdanska hagkerfinu. Fækkaði reglugerðum og jók frelsi. Það leiddi til þess að fjárfestar litu í auknum mæli til Jórdaníu og var hagvöxtur allt að átta prósent á milli 2004 og 2008. En þessi vöxtur gekk til baka við hrunið 2008 og óstöðugleika sem fylgdi Arabíska vorinu.

Í raun setti Persaflóastríðið mark sitt að miklu leyti á fyrstu ár Abdúlla í embætti. Hussein hafði neitað þátttöku og álitu Vesturlönd þá afstöðu eiginlegan stuðning við Saddam Hussein, einræðisherrann í Írak. Þessari afstöðu sneri Abdúlla við þegar ráðist var inn í Írak árið 2003. Abdúlla heimilaði Bandaríkjamönnum til að mynda að setja upp eldflaugakerfi í Jórdaníu en tók ekki þátt að öðru leyti. Jórdanía átti svo eftir að hýsa um 800.000 írakska flóttamenn.

Líkt og annars staðar í arabaheiminum létu mótmælendur í sér heyra um Arabíska vorið. Eftir röð mótmæla vegna versnandi efnahagsstöðu og jafnvel áköll um að lýðveldi yrði stofnað ákvað Abdúlla að sparka ríkisstjórninni og skipa Marouf Bakhit nýjan forsætisráðherra árið 2011. Mótmæli héldu hins vegar áfram og Abdúlla skipti aftur um forsætisráðherra vegna þess hversu illa honum þótti ganga að koma á umbótum. Awn Khasawneh varð forsætisráðherra. Þó ekki lengi, Fayez Tarawneh tók við skömmu síðar í starfsstjórn í þriðju uppstokkuninni á einu og hálfu ári.

Með kosningum í janúar 2013 tókst svo að lægja mótmælaöldurnar að mestu. Konungssinnar höfðu betur, enda sniðgengu andstæðingar kosningarnar. Lýðræðisumbótum var komið á, vægi atkvæða jafnað og dregið úr miðstýringu í jórdönsku stjórnkerfi.

Þrátt fyrir áköll um stofnun lýðveldis, stríð í grannríkjum, mótmæli og efnahagshrun situr Abdúlla sem fastast. Hann er í þriðja sæti á listanum yfir þá leiðtoga arabaheimsins sem lengst hafa setið. **thorgnyr@frettabladid.is**

---



✝

Bróðir minn,

**Ari Friðfinnsson**

frá Baugaseli,
Eiðsvallagötu 30, Akureyri,

lést 27. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á öldrunarheimilið Hlíð.

**Ingimar Friðfinnsson og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Stella Þorbjörg Steindórsdóttir**

Safamýri 71,

lést á heimili sínu 1. febrúar sl. Útför fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristinn Sæmundsson**
**Ingvar Kristinsson** **Sólveig Guðlaugsdóttir**
**Sæmundur Kristinsson**
**Stella Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Helgu Guðmundsdóttur**

frá Akureyri.

sem lést 18. janúar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Eini- og Grenihlíðar á hjúkrunarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun og hlýju.

**Guðmundur Svansson**
**Hafberg Svansson**
**Ólafur Svansson**
**Svanhildur Indiana Svansdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Sigmarsdóttir**

lést að morgni 29. janúar á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri. Útför hennar verður gerð frá Akureyrarkirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 13.30.

**Sveinn Bjarnason** **Alda Benediktsdóttir**
**Björg Bjarnadóttir**
**Sigmar Bergvin Bjarnason** **Þóra Berg Jónsdóttir**
**Alma Bjarnadóttir Perrone** **Antonio Perrone**
**Bjarni Bjarnason** **Margrét Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hafsteinn Sigurjónsson**

múrari,

lést miðvikudaginn 30. janúar 2019 á hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hans fer fram frá Dómkirkju Krists konungs, Landakoti, miðvikudaginn 13. febrúar kl. 13.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grundar fyrir góða umönnun og hlýju.

**Ólöf G. Hafsteinsdóttir** **Ásgrímur L. Ásgrímsson**
**Sólveig S. Hafsteinsdóttir** **Rannver H. Hannesson**
**Jórunn I. Hafsteinsdóttir** **Ólafur G. Magnússon**
**Marteinn Már Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hilmar Gunnlaugsson**

prentari,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 30. jan. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 15. Innilegar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir góða þjónustu og hlýlegt viðmót.

**Gunnlaugur Hilmarsson** **Reyndís Harðardóttir**
**Þorkell Svarfdal Hilmarsson** **Hrafnhildur Hartmannsd.**
**Gunnar Þór Hilmarsson**
**Hilmar Hilmarsson**
**Marta Þ. Hilmarsdóttir** **Vermundur Á. Þórðarson**
**Hildur María Hilmarsdóttir** **Þórarinn Þorfinnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

CompAir
by Gardner Denver




## CompAir skrúfuloftpressur







## Spjaldapressur

## Olíufríar skrúfupressur

## Kæliþurrkarar, síur, stimpilpressur og kútar










IÐNVÉLAR

Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | sala@idnvelar.is | www.idnvelar.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðaustan 8-15 og él, en léttskýjað S-lands. Bætir í vind SA-til í kvöld og líkur á éljum allra syðst. Frost 0 til 9 stig, mildast syðst.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -5° | -6° | -7° |
| 8 | 10 | 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -5° | -13° |
| 9 | 13 | 10 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -3° | -6° | -5° |
| 7 | 8 | 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | -4° | -11° |
| 12 | 13 | 12 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | 5 | | | | 7 |
| | 1 | 6 | 4 | | 7 | | 5 | |
| | | 7 | 8 | | | | | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 4 | | 3 | 9 | 6 | 1 | | | |
| 1 | | | | 7 | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | 2 | 5 | 8 | | 4 |
| | | | | 8 | 3 | | 2 | |
| 8 | 6 | | | 4 | | 1 | 3 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 2 | 6 | | | 7 |
| | 9 | | | | 7 | | 6 | 1 |
| | | 8 | | | | 9 | | |
| 4 | | | | | 9 | | | 2 |
| | 8 | 9 | 1 | | | | | 6 |
| 1 | | 3 | 5 | | | | | |
| | | | | | | 2 | | |
| | | | | | | | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | | 1 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 7 | 2 | 4 |
| 4 | | 6 | | | 3 | | 5 | |
| | | | | 5 | | | | |
| | 5 | 8 | 2 | | | | | 6 |
| | 4 | | 6 | | | | | |
| 2 | | | | 4 | | | | |
| | | | | | | 6 | | |
| | 2 | 1 | 7 | | | 9 | | 8 |
| 6 | | 9 | 5 | 8 | | | | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 6 | 1 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 | 6 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 9 | 6 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 9 | 6 | 8 | 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 8 | 6 | 9 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 5 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 5 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 1 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 9 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 3 | 6 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 2 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. fita
5. fæða
6. í röð
8. lyf
10. hvort
11. flumbru-gangur
12. högg
13. svín
15. málmur
17. nafnbót

**LÓÐRÉTT**
1. helmingafélag
2. skref
3. skjól
4. lofa
7. lindýr
9. blekking
12. skurður
14. bók
16. ekki

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | 9 | | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. skvap, 5. ala, 6. rs, 8. morfin, 10. ef, 11. asi, 12. slag, 13. gris, 15. nikkel, 17. titil.
**LÓÐRÉTT:** 1. sameign, 2. klof, 3. var, 4. prísa, 7. snigill, 9. falskt, 12. siki, 14. rit, 16. ei.

## Skák Gunnar Björnsson

Jón L. Árnason (2.432) átti leik gegn Björgvini Víglundssyni (2.092) í fimmtu umferð Skákhátíðar MótX.

**16. … Rxh3+! 17. gxh3** (17. Kh2 hefði veitt meiri mótspyrnu). **17. … Dxh3 18. Re2 Rxe2+ 19. Dxe2 He6 0-1.** Jón L. er í 2.-3. sæti með 4 vinninga ásamt Guðmundi Kjartanssyni. Hjörvar Steinn Grétarsson er efstur með fullt hús. Páll Andrason er efstur í b-flokki með 4½ vinning. Hannes er í 1.-12. sæti á alþjóðlegu móti í Lissabon.

**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir

**Svartur á leik**



## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

HVER VANN?
Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

# SAMSUNG

## SJÓNVARPSTILBOÐ

### HLJÓÐKERFI FYLGIR FRÍTT MEÐ

SOUNDBAR HW-N560 FYLGIR FRÍTT með sjónvarpi




Að verðmæti kr. 74.900,-

**UExxNU 8005 +**
**SOUNDBAR HW-N560 + BASSABOX**

| 55" | 65" | 75" | 82" |
|---|---|---|---|
| 189.900,- | 289.900,- | 399.900,- | 629.900,- |

SOUNDBAR MS660/1 FYLGIR FRÍTT með sjónvarpi




**QLED Q9 +**
**SOUNDBAR MS660**

Q9
Q myndvinnsla PQI 3700 QHDR -2000
Elite dimming. Einn kapall frá tækinu í tengibox.

| 55" | 65" | 75" |
|---|---|---|
| 360.000,- | 500.000,- | 749.900,- |

SOUNDBAR MS660/1 FYLGIR FRÍTT með sjónvarpi



**QLED Q7 +**
**SOUNDBAR MS661**

Q7
Q myndvinnsla, PQI 3200 Q-HDR1500 einn kapall
í tækið og síðan tengibox þar sem allt tengist við.

| 55" | 65" | 75" |
|---|---|---|
| 249.900,- | 349.900,- | 500.000,- |

**SOUNDBAR MS660- SVARTUR/GRÁR**

Að verðmæti kr. 69.900,-



*HÆGT AÐ VELJA Á MILLI 2JA LITA

SOUNDBAR HW-MS660-661
9 hátalarar innbyggðir og fjölmargir tengimöguleikar.

**SOUNDBAR MS661- GRÁR/SVARTUR**

Að verðmæti kr. 69.900,-



*HÆGT AÐ VELJA Á MILLI 2JA LITA

SOUNDBAR HW-MS660-661
9 hátalarar innbyggðir og fjölmargir tengimöguleikar.

**ORMSSON er eini viðurkenndi SAMSUNG Þjónustuaðilinn á Íslandi**

ORMSSON

Netverslun ORMSSON.IS

SAMSUNG SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

bauhaus.is

# BAUHAUS®

**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**



## Bað- og flísadagar

Ertu í framkvæmdahug?

**Allt að**

**50%**

**afsláttur**

af flísum sem hætta í sölu



**Allt að**

**50 %**

**afsláttur**

af smáhlutum sem hætta í sölu

Bað- og flísadagar standa yfir frá fimmtudeginum 7.febrúar og út sunnudaginn 10.febrúar.



# 25% afsláttur

af öllum baðinnréttingum frá Scanbad

Mv. almennt verð

SCANBAD BY DANSANI

## 25% afsláttur

af öllum PCI vörum



**15 kg Nanolight**

Alhliða létt límefni sem hentar fyrir lögn af hvaða tagi sem er, á veggi og gólf. Má nota jafnt innan- sem utandyra.

**2.996.-** ~~3.995.-~~



**4 kg Nanofúga**

Fúga fyrir keramík, mósaík vegg- og gólfflísar. Fæst í mörgum litum.

**1.496.-** ~~1.995.-~~



**Aquaducta sturtusett**

Með ferköntuðum 20 x 20 cm sturtuhaus, handsturtu með einni stillingu, og 1,5 metra slöngu. Blöndunartæki með Cold Touch fylgja.

**26.597.-** ~~37.995.-~~

Camargue



**Aquaducta sturtusett**

Með 20 cm kring-lóttum sturtuhaus, og handsturtu með 3 stillingum og 1,5 m. slöngu. Hægt að stilla stöngina. Blöndunartæki með Cold Touch fylgja.

**26.597.-** ~~37.995.-~~

Camargue

## 30% afsláttur

af öllum Camargue vörum



Camargue

**7.697.-** ~~10.995.-~~

**Calios blöndunartæki**

Fyrir sturtu, með baðkarsstúti. Krómuð. Hitastillt. Rósettur og hjámiðjur fylgja. 3 ára ábyrgð gegn leka.



# 25% afsláttur

af öllum sturtusettum og handlaugartækjum frá Grohe

Mv. almennt verð

GROHE

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

# Ford Focus valinn bíll ársins í Danmörku fyrir árið 2019

Hlaut yfirburðasigur í valinu og akstursánægja var helsta ástæðan, sem og rými og sá öryggisbúnaður sem er staðalbúnaður í bílnum.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is




Ford Focus fékk algjöra toppeinkunn hjá bílablaðamönnum í Danmörku og hann hafði afgerandi sigur í valinu á bíl ársins þar í landi.

Ford Focus fékk 187 stig í vali á bíl ársins í Danmörku og vann því öruggan sigur. Hann var með 55 fleiri stig en bíllinn sem varð í öðru sæti. Ford Focus er sérstaklega lofsamaður fyrir aksturseiginleika, hann er bíll fyrir þá sem hafa gaman af því að keyra en það er nokkuð sem Focus hefur verið þekktur fyrir í gegnum tíðina. Ford Focus skoraði einnig hátt varðandi öryggi enda vel búinn er það varðar, vélatækni fékk einnig mikið lof enda eru vélarnar sérlega sparneytnar en skemmtilega öflugar. Verðið er einnig mjög hagstætt, sérstaklega þegar tekið er tillit til ríkulegs búnaðar. Þetta er í áttunda sinn sem Ford vinnur þessi verðlaun í Danmörku. Til gamans má geta að það var Ford Capri sem vann þau þegar þau voru veitt í fyrsta sinn árið 1969 og fyrir nákvæmlega 20 árum, árið 1999, vann Ford Focus bíllinn þegar hann var fyrst kynntur á markað verðlaunin Bíll ársins í Danmörku.

**Akstursánægjan umfram allt**

Ford Focus hefur alla tíð frá 1998 verið þekktur fyrir að gefa viðskiptavinum sínum hagkvæman fjölskyldubíl þar sem þægindi og akstursánægja ná hærra stigi en aðrir bílar í sama flokki. Spurt út í ástæðu þess að Focus hefði unnið var svarið þetta: „Það er enginn vafi að það er akstursánægjan. Og að fólk fær bíl sem gefur því bros á vör þegar það sest undir stýri. Hann er á sama tíma orðinn plássbetri og fullt af nýjum eiginleikum í bílnum, og síðast en ekki síst mikilvægir öryggisþættir sem eru staðalbúnaður eins og til dæmis sjálfvirk neyðarhemlun, veglínuskynjari og umferðarskiltalesari. Þetta gefur Ford Focus margar stjörnur. Þar að auki er pláss fyrir alla fjölskylduna og gott hleðslupláss. Í Focus er allt það besta sem er á markaðnum núna.“ Alveg nýr Ford Focus er allra glæsilegasti Ford Focus bíllinn til þessa og hefur fengið frábæra dóma úti um allan heim.

**Hönnun með tilgang**

Alveg nýr Ford Focus hefur sportlegt ytra útlit, er sérlega rúmgóður að innan og vel búinn. Sérhver þáttur er hannaður til að gera akstursupplifunina enn ánægjulegri. Flottur stíll og fyrsta flokks gæði haldast í hendur við gott skipulag því öll stjórntæki eru í seilingarfjarlægð. Hönnuðir Ford hafa séð til þess að hvert smáatriði er úthugsað. Vélatækni gegnir lykilhlutverki í Focus. Hún hjálpar við að draga úr rekstrarkostnaði og losun en skilar á sama tíma krafti og góðum afköstum. Allar vélarnar búa yfir Auto-Start-Stop búnaði og standast einnig kröfur Euro 6 losunarstaðlanna. Ford Focus fæst hjá Brimborg og kostar frá 3.190.000 kr.



Audi E-Tron er einn af þeim 10 bílum sem komnir eru í úrslit.

## Tíu bílar í úrslitum bíls ársins

Í vikunni var kunngert hvaða 10 bílar munu keppa um titilinn bíll ársins í heiminum, en það eru 86 bílablaðamenn um heim allan sem velja bíl ársins. Tilkynnt verður um sigurvegarann á New York Auto Show í apríl. Skipuleggjendur World Car of the Year velja líka sigurvegara í 5 öðrum mismunandi flokkum, það er, lúxusbíll ársins, akstursbíll ársins, grænasti bíll ársins, borgarbíll ársins og best hannaði bíll ársins. Valnefndin á enn eftir að skera niður og tilkynna um þá þrjá bíla af þessum 10 sem endanlegt val stendur um og verður það tilkynnt á bílasýningunni í Genf í byrjun mars.

Bílarnir 10 sem valið stendur um nú eru þessir:

**Audi E-Tron**
**BMW 3 Series**
**Ford Focus**
**Genesis G70**
**Hyundai Nexo**
**Jaguar I-Pace**
**Mercedes-Benz A-Class**
**Suzuki Jimny**
**Volvo S60/V60**
**Volvo XC40**

# Stærsti sölumánuður hreinna rafbíla

Þau tímamót urðu í janúar að afhentir voru 93 hreinir rafbílar frá BL og hafa aldrei áður verið afhentir jafn margir í einum mánuði.

Alls voru 976 fólks- og sendibílar nýskráðir hér á landi í janúar, 45,9% færri en í sama mánuði 2018 sem jafnframt var metmánuður í sögulegu samhengi, með alls 1.805 nýskráningar. Af merkjum BL voru skráðir 345 bílar í nýliðnum janúar og var markaðshlutdeild fyrirtækisins í heild 35,3%. Þar af námu viðskipti einstaklinga, einyrkja og fyrirtækja án bílaleiga við BL 33,3% sem er veruleg hlutfallsstyrking. Þau tímamót urðu í janúar að afhentir voru 93 hreinir rafbílar frá BL og hafa aldrei



**Í janúar fóru 93 hreinir rafbílar frá BL. Þetta er í fyrsta sinn sem afhentir eru svo margir slíkir í einum mánuði.**

áður verið afhentir jafn margir slíkir bílar í einum mánuði.

Langsöluhæsta merki BL í janúar var Nissan sem alls 102 viðskiptavinir fengu afhenta. Í rúmlega helmingi tilfella var um að ræða hreina rafbíla, 49 Leaf og 8 sendi- og farþegabíla af gerðinni Nissan e-NV200. Næstsöluhæsta merki BL í janúar var Dacia með 73 nýskráningar og síðan Hyundai með 68 bíla. Alls voru 40 lúxusbílar nýskráðir frá BMW, Jaguar, Land Rover og Mini.

Aldrei hafa verið afhentir eins margir hreinir rafbílar hér á landi í einum mánuði og í janúar síðastliðnum þegar 93 bílar frá BL voru afhentir auk 12 tengiltvinnbíla. Rafbílarnir voru eins og áður segir 57 frá Nissan, en einnig voru 25 Hyundai Kona og Ioniq afhentir, auk bíla frá Renault og BMW. Tengiltvinnbílarnir voru alls tólf frá Jaguar Land Rover, Hyundai, BMW og Mini. Síðar í þessum mánuði bætist rafknúni vetnisbíllinn Hyundai Nexo í flóruna, en hann verður kynntur formlega laugardaginn 16. febrúar milli kl. 12 og 16 ásamt öðrum rafvæddum bílum Hyundai á Íslandi.

Bílaleigurnar nýskráðu 271 bíl í janúar, 203 færri en í sama mánuði í fyrra þegar þeir voru 474. Hlutfall nýrra bílaleigubíla í heildarskráningum fólks- og sendibíla í nýliðnum mánuði var 38,4%.




Fólksbílar/jeppar | Felli -og hjólhýsi | Mótorhjól | Tjaldvagnar/kerrur | Vatnsvernd | Vörubílar | Eftirvagnar | Sendibílar | Hestakerrur | Hópbílar

# Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS OV 20 342

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




*Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201*

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Ferðalag án ákvörðunarstaðar

LEIKHÚS

**Þitt eigið leikrit: Goðsaga**

**Ævar Þór Benediktsson**

**Þjóðleikhúsið – Kúlan**

**Leikstjórn:** Stefán Hallur Stefánsson
**Leikarar:** Snorri Engilbertsson, Baldur Trausti Hreinsson, Hilmir Jensson, Sólveig Arnarsdóttir og Lára Jóhanna Jónsdóttir.
**Leikmynd:** Högni Sigurþórsson.
**Búningar:** Ásdís Guðný Guðmundsdóttir.
**Lýsing:** Magnús Arnar Sigurðarson.
**Myndband:** Ingi Bekk.
**Tónlist og hljóðmynd:** Elvar Geir Sævarsson og Kristinn Gauti Einarsson.
**Leikgervi:** Valdís Karen Smáradóttir.
**Brúðugerð:** Aldís Davíðsdóttir.
**Kosningakerfi og aðrar sértækar tæknilausnir:** Hermann Karl Björnsson.
**Sýning í anddyri:** Högni Sigurþórsson, Reynir Þorsteinsson, Mathilde Anne Moran og Björgvin Már Pálsson.



„Verkefni leikhópsins eru ærin enda er sýningin flókin í framkvæmd og leik," segir gagnrýnandi Fréttablaðsins.

Norræn goðafræði er órjúfanlegur hluti af íslensku þjóðarsálinni og líka kjörið efni til fræðslu og skemmtunar fyrir unga leikhúsgesti. Síðastliðinn fimmtudag frumsýndi Þjóðleikhúsið Þitt eigið leikrit: Goðsaga eftir Ævar Þór Benediktsson. Leikhús er þess eðlis að áhorfendur upplifa aldrei sömu leiksýninguna en þessi sýning tekur þá hugmynd ennþá lengra. Áhorfendur eru hvattir til að taka virkan þátt í leikritinu á meðan á því stendur, bæði með framiköllum og rafrænni kosningu, og ákveða þannig hvað gerist næst.

Ævar Þór þarf varla að kynna fyrir nokkurri manneskju en hann hefur verið áberandi síðustu misseri. Fyrst sem Ævar vísindamaður í sjónvarpi, síðan sem höfundur sívinsælla barnabóka og kannski sérstaklega sem ötull baráttumaður bóklesturs í grunnskólum landsins. Ekki má þó gleyma að hann er leikari að mennt og markar Þitt eigið leikrit: Goðsaga endurkomu hans á leiksviðinu, nú í hlutverki höfundar.

Í bókum Ævars Þórs er mikið lagt upp úr því að lesendur hafi áhrif á framvinduna. Sama formið má finna í Þitt eigið leikrit: Goðsaga, sem er gífurlegt verk að vinna. Fyrir framan leikhússætin eru litlar fjarstýringar sem notaðar eru til að kjósa um næstu skref. Slík stjórnun er valdeflandi fyrir áhorfendur, og veitir mikla kæti, en verður til þess að mikill tími fer í framkvæmdina, á kostnað innihaldsins. Auðvitað er spennandi að sjá ærslaleik á leiksviðinu og heyra góða fimmaurabrandara en sagan sjálf er endaslepp. Norræna goðafræðin er notuð sem stökkbretti inn í sýninguna en sjaldan er kafað djúpt. Upplýsingamylsnum um goðin, Miðgarðsbörnin og jötnana er stráð yfir leiksviðið en þessar stórkostlegu sögur verða sjaldan meira en lím til að halda fjörinu saman. Sömuleiðis er innskotum um eðli leikhússins bætt við og mættu þau vera fleiri.

Verkefni leikhópsins eru ærin enda er sýningin flókin í framkvæmd og leik. Til allrar gæfu er leikhópurinn ekki af verri endanum. Snorri Engilbertsson leiðir sýninguna í hlutverki Loka Laufeyjarsonar en skemmtiþáttur hans að nafni Lokasvar myndar ramma sýningarinnar. Persónutöfrar hans lokka áhorfendur með sér í lið og lipurleiki hans á sviðinu var heillandi. Á frumsýningu var Sólveig Arnarsdóttir kosin söguhetjan og lék Miðgarðsbarnið Urði með persónutöfrana að vopni en var ekki nægilega örugg þegar kom að kómísku atriðunum. Hilmir Jensson hélt áhorfendum í hendi sér í hlutverki handarinnar Einars og einlægni hans var bráðfyndin. Lára Jóhanna Jónsdóttir lék Hel haglega en skorti breidd í túlkun sinni. Baldur Trausti Hreinsson sást afskaplega lítið í þessari útgáfu og náði aldrei að setja sitt mark á sýninguna.

Þitt eigið leikrit: Goðsaga er undir áhrifum frá skemmtiþáttum í sjónvarpi og líka bresku pantomime-hefðinni þar sem hefðbundin ævintýri eru sett í nútímalegan skemmtibúning og áhorfendur eindregið hvattir til að taka þátt. Leikstjóranum, Stefáni Halli Stefánssyni, tekst aldrei að færa þessar góðu hugmyndir á annað plan. Tilfæringar á milli atriða voru fínar en virkni inni í atriðum takmarkast við einfalda sviðsetningu fremur en að búa til raunverulega spennu, hvort sem er á milli persóna eða innan sögunnar.

Tæknivinnan á bak við Þitt eigið leikrit: Goðsaga er stórbrotin og gleðilegt er að sjá slíkan metnað í litlum sal á borð við Kúluna, sem má líka finna í forsalnum. Þar má helst nefna Hermann Karl Björnsson en hann sér um bæði kosningakerfið og fleiri tæknilausnir enda gífurlegt verk að vinna sem hann leysir afskaplega vel. Leikmynd Högna Sigurþórssonar stjórnast mikið af stóra skjánum þar sem kosningarnar fara fram og verður af þeim sökum flöt. Sömuleiðis er myndbandsvinna Inga Bekk ágæt en í stað þess að færa meira líf inn í leikhúsið þá fjarlægir hún áhorfendur frá því. Ásdís Guðný Guðmundsdóttir og Valdís Karen Smáradóttir skapa frábæra búninga og leikgervi þar sem nostrað er við smáatriðin. Þá verður líka að nefna brúðurnar sem Aldís Davíðsdóttir skapar en þær færa töfra leikhússins aftur inn í sýninguna. Tónlist Elvars Geirs Sævarssonar og Kristins Gauta Einarssonar er ekki endilega eftirminnileg en hljóðmyndin hittir í mark með hinum ýmsu prumpu- og ófreskjuhljóðum.

Þitt eigið leikrit: Goðsaga er gríðarlega metnaðarfull sýning þar sem höfundurinn setur markið hátt og sína stærstu aðdáendur, börnin, í fyrsta sæti. Nýjum barnaleikritum ber að fagna en lítið hefur farið fyrir þeim á þessu leikári. Sýningin í heild sinni líður fyrir heildarhugmyndina þar sem áherslan er sett á framkvæmdina og mismunandi leiðirnar í sögunni frekar en söguna sjálfa. Persónur úr norrænu goðafræðinni virðast vera gestir í þessum heimi frekar en aðalsöguhetjurnar.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Stemmingin í Goðheimum var góð en framkvæmd sýningarinnar var eftirminnilegri en sýningin.

# Víkingaferð um barokkheima

Stórtónleikar fara fram í Langholtskirkju laugardaginn 9. febrúar næstkomandi kl. 16.00. Fram koma fjórar norrænar barokksveitir í fremstu röð ásamt ungu tónlistarfólki frá tónlistarskólum í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Yfirskrift verkefnisins er „Víkingar mæta barokkinu" og eru tónleikarnir í Reykjavík þeir síðustu í röð þessa samnorræna verkefnis. Flutt verður klassísk barokktónlist og norræn þjóðlagatónlist frá barokktímabilinu.
Þátttakendur frá öllum löndunum hafa ferðast á milli Norðurlandanna í vetur og tónleikadagskráin hefur þegar verið flutt við góðar undirtektir í Stokkhólmi, Helsinki og Ósló með yfir 400 manns á sviðinu í stærstu atriðunum.



Viking barokk í Helsinki í nóvember á síðasta ári en í stærstu atriðunum voru rúmlega 400 manns á sviðinu .

Barokksveitirnar sem koma fram eru: Finnska barokksveitin (FiBO), Barokkaerne frá Noregi, Drottningholms barockensemble frá Svíþjóð og hin íslenska Symphonia Angelica ásamt nemendum úr Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna: Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Tónlistarskóla Kópavogs. Einsöngvarar eru Sigríður Ósk Kristjánsdóttir og Eyjólfur Eyjólfsson sem spilar einnig á langspil. Symphonia Angelica flytur íslensk þjóðlög með arabísku ívafi á tónleikunum. Guðmundur Ólafsson leikari mun leiða áheyrendur í gegnum þessa víkingaferð um barokkheima. Þarna ættu tónlistarunnendur, bæði börn og fullorðnir, svo sannarlega að eiga eftirminnilega stund.
Miðasala fer fram á tix.is.



Vetrarhátíðinni verður ýtt úr vör á morgun.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. FEBRÚAR 2019

**Hvað?** Setning Vetrarhátíðar
**Hvenær?** 19.45-20.15
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Vetrarhátíð verður sett við Hallgrímskirkju 7. febrúar með sýningu á verkinu Passage eftir listamannahópinn Nocturnal frá Nýja-Sjálandi sem er unnið í samvinnu við List í ljósi. Verkinu verður varpað á Hallgrímskirkjuturn. Unnið er með íslenska arfleifð og mun verkið vekja turninn til lífsins með mynd og hljóði.

**Hvað?** Námskeið um hrútskýringar og menndurtekningar
**Hvenær?** 16.00-18.00
**Hvar?** Askja, Sturlugötu 7
SKVÍS (Samtök kvenna í vísindum) standa fyrir hrútskýringa- og menndurtekninganámskeiði fyrir félagskonur. Námskeiðið er skemmtileg blanda af fyrirlestrum og umræðum. Við byrjum á að fræðast um hvað hrútskýringar og menndurtekningar eru og hvernig við getum brugðist við þeim.

**Hvað?** Líffærin brjótast út úr Ásmundarsal
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Ásmundarsalur, Freyjugötu 41
Á Vetrarhátíð mun sýningin Líffærin brjótast út úr Ásmundarsal og lýsa upp vetrarnóttina, myndverk og ljós bætast við sýninguna utandyra. Líffærin er sýning glerlíffæra í Ásmundarsal, unnin í samstarfi Ásmundarsalar og Corning Museum of Glass, Siggu Heimis, Gagarín og fleiri listamanna sem sjálfir hafa gefið líffæri og þegið og gæða hin köldu glerlíffæri lífi með ljósi og hljóði.

**Hvað?** Kosninganótt Röskvu
**Hvenær?** 19.30-24.00
**Hvar?** Akóges veislusalur, Lágmúla 4
Fimmtudaginn 7. febrúar klárast kosningar til Stúdentaráðs og ætlum við að fagna saman öllu frábæra fólkinu sem hefur komið að starfinu og kosningabaráttunni í Akóges veislusalnum í Lágmúla 4 á 3. hæð, að sjálfsögðu eru allir velkomnir.

**Hvað?** Ég dey
**Hvenær?** 20.00-22.00
**Hvar?** Borgarleikhúsið
Nýr einleikur eftir Charlotte Bøving þar sem hún nálgast dauðann á einlægan og sprenghlægilegan hátt. „Ég var orðin 50 ára þegar ég uppgötvaði að ég myndi á einhverjum tímapunkti deyja. Ég furðaði mig á því hvernig ég gat komist hjá því í svona langan tíma að horfast í augu við dauðann. Þessi sýning er unnin út frá þessari uppgötvun.“

**Hvað?** Af fingrum fram með Jóni Ólafs
**Hvenær?** 20.30-23.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Stefán Hilmarsson er óumdeilanlega einn vinsælasti söngvari vorra tíma og hefur sýnt að hann er marghamur í söngefnunum. Hann mun sýna allar sínar bestu hliðar og rifja upp músík Sálarinnar og Pláhnetunnar auk þess sem af nógu er að taka þegar sólóferillinn er annars vegar. Stefán er með eindæmum skemmtilegur og mun sanna það í Salnum.



Hugleikur Dagsson snýr aftur með Prump í Paradís.

**Hvað?** Prump í Paradís – Mommie Dearest
**Hvenær?** 20.00-22.30
**Hvar?** Bíó Paradís
Prump í Paradís snýr aftur! Hér er um að ræða mánaðarlegar kvikmyndasýningar í umsjá Hugleiks Dagssonar. Hugleikur mun sýna best/verstu kvikmyndir sögunnar. Myndir sem eru svo slæmar að þær eru eiginlega frábærar. Eða jafnvel svo frábærar að þær eru slæmar.

## Borgarleikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is

### Matthildur

Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 15.02 | Kl 19:00 U | Fös 22.03 | Kl. 19:00 U | Sun 31.03 | Kl 19:00 U | Fös 12.04 | Kl. 19:00 U |
| Lau 16.03 | Kl. 19:00 U | Lau 23.03 | Kl 19:00 U | Mið 03.04 | Kl. 19:00 U | Lau 13.04 | Kl 13:00 U |
| Sun 17.03 | Kl 19:00 U | Sun 24.03 | Kl. 19:00 U | Fös 05.04 | Kl 19:00 U | Sun 14.04 | Kl. 19:00 Ö |
| Mið 20.03 | Kl. 19:00 U | Mið 27.03 | Kl 19:00 U | Sun 07.04 | Kl. 19:00 U | Þri 16.04 | Kl 19:00 Ö |
| Fim 21.02 | Kl 19:00 U | Fim 28.03 | Kl. 19:00 U | Mið 10.04 | Kl 19:00 U | Mið 24.04 | Kl. 19:00 Ö |

### Elly

Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 07.02 | Kl. 20:00 U | Lau 16.02 | Kl. 20:00 U | Fös 01.03 | Kl. 20:00 Ö | Lau 09.03 | Kl. 20:00 Ö |
| Sun 09.02 | Kl. 20:00 U | Fös 22.02 | Kl. 20:00 Ö | Lau 02.03 | Kl. 20:00 Ö | | |
| Fös 15.02 | Kl. 20:00 U | Lau 23.02 | Kl. 20:00 Ö | Fös 08.03 | Kl. 20:00 Ö | | |

### Ríkharður III

Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 10.02 | Kl. 20:00 U | Sun 17.02 | Kl. 20:00 U | Fim 21.02 | Kl. 20:00 Ö | Sun 03.03 | Kl. 20:00 Ö |

### Fólk, staðir og hlutir

Litla sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið 13.02 | Kl. 20:00 U | Mið 20.02 | Kl. 20:00 U | Mið 27.02 | Kl. 20:00 U | Mið 06.03 | Kl. 20:00 Ö |
| Fim 14.02 | Kl. 20:00 U | Fös 22.02 | Kl. 20:00 U | Fim 28.02 | Kl. 20:00 U | Fim 07.03 | Kl. 20:00 Ö |
| Fös 15.02 | Kl. 20:00 U | Lau 23.02 | Kl. 20:00 U | Fös 01.03 | Kl. 20:00 U | Fös 08.03 | Kl. 20:00 Ö |
| Lau 16.02 | Kl. 20:00 U | Sun 24.02 | Kl. 20:00 U | Lau 02.03 | Kl. 20:00 U | | |

### Kvenfólk

Nýja sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 08.02 | Kl. 20:00 U | Sun 10.02 | Kl. 20:00 U | Sun 17.02 | Kl. 20:00 Ö | Sun 24.02 | Kl. 20:00 Ö |
| Lau 09.02 | Kl. 20:00 U | Fim 14.02 | Kl. 20:00 U | Fös 22.02 | Kl. 20:00 Ö | | |

### Kæra Jelena

Litla sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 U | Þri 16.04 | Kl. 20:00 U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 U | | |

### Kvöldvaka með Jóni Gnarr

Litla sviðið

| | |
|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 Ö |

### Ég dey

Nýja sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fim 07.02 | Kl. 20:00 Ö | Fös 15.02 | Kl. 20:00 Ö |

### Allt sem er frábært

Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Lau 11.05 | Kl. 20:00 |

## Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is

### Ronja Ræningjadóttir

Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. 10.02 | kl. 13:00 U | Sun. 03.03 | kl. 13:00 U | Sun 24.03 | kl. 13:00 U | Sun 14.04 | kl. 13:00 U |
| Sun.10.02 | kl. 16:00 U | Sun 03.03 | kl. 16:00 U | Sun 24.03 | kl. 16:00 U | Sun 14.04 | kl. 16:00 U |
| Sun. 17.02 | kl. 13:00 U | Sun 10.03 | kl. 13:00 U | Sun 31.03 | kl. 13:00 U | Sun 28.04 | kl 13:00 Ö |
| Sun. 17.02 | kl. 16:00 U | Sun 10.03 | kl. 16:00 U | Sun 31.03 | kl. 16:00 U | Sun 28.04 | kl. 16:00 Ö |
| Sun 24.02 | kl. 13:00 U | Sun 17.03 | kl. 13:00 U | Sun 07.04 | kl. 13:00 U | Sun 05.05 | kl. 13:00 Au |
| Sun. 24.02 | kl. 16:00 U | Sun 17.03 | kl. 16:00 U | Sun 07.04 | kl. 16:00 U | Sun 05.05 | kl. 16:00 Ö |

### Einræðisherrann

Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 08.02 | kl. 19:30 U | Lau. 16.02 | kl. 19:30 U | Lau. 02.03 | kl. 19:30 U |
| Lau. 09.02 | kl. 19:30 U | Fös. 22.02 | kl 19:30 Ö | Fös. 08.03 | kl 19:30 Ö |
| Fös. 15.02 | kl. 19:30 Ö | Lau. 23.02 | kl. 19:30 Ö | Lau. 09.03 | kl 19:30 |

### Jónsmessunæturdraumur

Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið. 27.02 | kl. 19:30 F | Fim. 07.03 | kl. 19:30 U | Fös. 22.03 | kl. 19:30 Ö | Fös. 12.04 | kl 19:30 |
| Fim. 28.02 | kl. 19:30 F | Fös. 15.03 | kl 19:30 Ö | Lau. 30.03 | kl 19:30 Ö | | |
| Fös. 01.03 | kl. 19:30 U | Lau. 16.03 | kl. 19:30 U | Lau. 06.04 | kl. 19:30 Ö | | |

### Þitt eigið leikrit

Kúlan

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 07.02 | kl. 18:00 U | Fim 21.02. | kl. 18:00 U | Lau 09.03 | kl. 15:00 U | Sun. 24.03 | kl 15:00 |
| Fös 08.02 | kl. 18:00 U | Lau 23.02 | kl. 15:00 U | Lau 09.03 | Kl. 17:00 U | Sun. 24.03 | kl 17:00 |
| Lau 09.02 | kl. 15:00 U | Fös 01.03 | kl. 18:00 U | Sun. 17.03 | kl. 15:00 U | Lau. 30.03 | kl 15:00 |
| Fim 14.02 | kl. 18:00 U | Lau 02.03 | kl. 15:00 U | Sun. 17.03 | kl. 17:00 U | | |
| Fös 15.02 | kl. 18:00 U | Lau 02.03 | KL. 17:00 U | Lau 23.03 | kl 15:00 U | | |
| Lau 16.02 | kl. 15:00 U | Fös. 08.03 | kl. 18:00 U | Lau 23.03 | Kl. 17:00 U | | |

### Súper

Kassinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 16.03 | kl. 19:30 U | Fös. 22.03 | kl. 19:30 U | Lau. 30.03 | kl. 19:30 U | Fim 11.04 | kl. 19:30 Ö |
| Mið. 20.03 | kl. 19:30 U | Mið. 27.03 | kl 19:30 U | Mið. 03.04 | kl. 19:30 U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 Ö |
| Fim. 21.03 | kl. 19:30 U | Fim. 28.03 | kl. 19:30 U | Lau 06.04 | kl. 19:30 U | | |

### Velkomin heim

Kassinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 09.02 | kl 19:30 U | Fös. 15.02 | kl. 19:30 Ö | Sun. 17.02 | kl. 19:30 |
| sun. 10.02 | kl. 19:30 U | Lau. 16.02 | kl. 19:30 | | |

### Mið-Ísland

Leikhúskjallarinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim. 07.02 | Kl. 19.30 U | Lau 09.02 | Kl. 22.00 | Fös. 15.02 | Kl. 22.00 Ö |
| Fös 08.09 | kl. 19:30 U | Fim. 14.02 | kl. 19:30 U | Lau. 16.02 | kl. 19:30 U |
| Lau 09.02 | kl. 19:30 | Fös. 15.02 | kl. 19:30 U | Lau. 16.02 | Kl. 22.00 U |

### Improv

Leikhúskjallarinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mið 13.02 | kl. 20:00 | Mið. 27.02 | kl. 20:00 | Mið. 13.03 | kl. 20:00 |
| Mið. 20.02 | kl. 20:00 | Mið. 06.03 | kl. 20:00 | | |

### Bara góðar

Leikhúskjallarinn

| | |
|---|---|
| Sun. 17.02 | kl. 20:00 Ö |





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Shoplifters//Búðaþjófar (ICE SUB) 17:30
Tryggð // The Deposit (ENG SUB) 18:00
Þýskir kvikmyndadagar-German Film Days
* Transit (GERMAN W/ENG SUB) 18:00
* The Silent Revolution(GER W/ENG SUB) 20:00
*Sýndar á þýsku með enskum texta*

Prump í Paradís m/Hugleiki Dagssyni
Mommie Dearest (ENGLISH-NO SUB) 20:00
Sérstakur gestur/kynnir: Páll Óskar
Damsel (ENGLISH-NO SUB) 22:15
First Reformed (ENGLISH-NO SUB) 22:15
Kalt stríð // Cold War (ICE SUB) 22:30



# Hrollvekjandi satíra um vonda hvíta karla



Christian Bale og Amy Adams eru óþægilega góð í hlutverkum Cheney-hjónanna þar sem Dick er óttalegur drulluhali á meðan frúin er mögnuð Lafði Macbeth.

KVIKMYNDIR

**Vice**

★★★★☆

**Leikstjórn:** Adam McKay
**Aðalhlutverk:** Christian Bale, Amy Adams, Steve Carell

Það er eitthvað skemmtilega geggjað við að Adam McKay er orðinn einn beittasti samfélagsrýnirinn í Hollywood eftir að hafa haslað sér þar völl með galsafengnum gamanmyndum á borð við Anchorman, Talladega Nights, Step Brothers og The Other Guys.

Annars er ekkert yfir þessum viðsnúningi að kvarta. Greining hans á rotnu fjármálakerfinu, The Big Short frá 2015, var vel heppnuð og nú býður hann með Vice upp á óþægilega skemmtilega tveggja klukkustunda vatnspyntingu.

Vice er sérkennileg mynd, djörf samsuða heimildarmyndar og pólitískrar satýru sem því miður er svo skelfilega raunsönn að það sækir að manni köfnunartilfinning að myndinni lokinni.

Eitt af því sem gerir Vice svo magnaða er að hún minnir okkur ruddalega á að eftir aðeins tvö ár með örvitann, sem kann ekki að hnýta á sig bindi, í Hvíta húsinu erum við búin að gleyma að það eru ekki nema rétt tíu ár síðan þar véluðu um miklu verri og hættulegri menn en Donald Trump.

**Fláráður varaforseti**

Myndin hverfist um Dick Cheney, alræmdan varaforseta George W. Bush, og rekur hvernig drykkfelldur lúser rífur sig upp og klifrar til æðstu metorða í Washington og endar sem valdamesti varaforseti Bandaríkjanna fyrr og síðar.

Fámáll og fláráður kemur Cheney sér í þá stöðu að hann og hans menn ráða öllu sem þeir vilja ráða með strengjabrúðuna George W. Bush í forgrunni. Voða klárir karlar sem létu ekkert gott af sér leiða en græddu á tá og fingri á meðan.

Christian Bale hefur unnið ófáa leiksigra á ferlinum en hefur aldrei risið jafn hátt og í túlkun sinni á Cheney. Þetta er miklu meira en bara enn eitt grímubúningahlutverkið þar sem leikara er breytt í raunverulega persónu með slatta af aukakílóum og haug af farða. Bale beinlínis umbreytist í Cheney og skilar þessum hættulega manni óþægilega vel.

Amy Adams er litlu síðri í hlutverki eiginkonunnar, Lynne Cheney, sem er mikill áhrifavaldur þar sem það er hún sem rífur vonlausa barfluguna upp á rassgatinu, smitar metnaðargirni sinni yfir á rónann og keyrir hann áfram til illra verka.

Þá er Sam Rockwell alveg dásamlegur Bush þótt hann virki að vísu aðeins meira sjarmerandi en fyrirmyndin en jafn heimskur. Sá frábæri gamanleikari Steve Carell flýgur hátt sem sótrafturinn Donald Rumsfeld sem er absúrdkómískur í þráhyggju sinni um að ráðast inn í Írak.

Allt er þetta sem sagt svolítið fyndið þótt þetta sé síður en svo hlægilegt enda sagan sem hér er sögð virkilega skelfileg. Ekki síst þar sem ekki sér enn fyrir endann á þeim hryllingi sem þessir kónar kölluðu yfir heimsbyggðina.



Steve Carell og Sam Rockwell eru frekar fyndnir í hlutverkum átakanlega ófyndinna manna, Rumsfeld og Bush.

**Súrrealísk samsuða**

Vice er um margt óvenjuleg bíómynd og ekki hægt að segja að hún sé aðgengileg. Fyrstu 50 mínúturnar eða svo minna frekar á heimildarmynd en leikna kvikmynd. Er meira eins og áróðursverk úr smiðju Michaels Moore eða áramótaannáll RÚV með áherslu á fantabrögð Bush-klíkunnar.

Ég hef heyrt eitthvað um að fólk hafi gefist upp á myndinni á þessum kafla en slíkt er mikið glapræði. Í fyrsta lagi er þessi hluti myndarinnar mjög áhugaverður og flæðir vel og síðan tekur enn betra við þegar McKay dúndrar í fimmta gír og gefur leikurunum lausan tauminn í túlkun á öllu þessu virkilega vonda fólki sem gætir þess þó að óhreinka aldrei á sér hendurnar.

Og sem heild smellur Vice saman sem áleitið og óvægið verk sem á erindi við okkur öll. Alltaf. Þetta er ekki falleg mynd en það er heimurinn ekki heldur og ekki skánaði hann við það að Cheney sá ekkert nema tækifæri í hryðjuverkaárásunum 11. september 2001. Tækifæri sem hann því miður nýtti til hins ýtrasta „and the rest is history“, eins og sagt er, nú eða bara kvikmyndin Vice.

Vituð þér enn, eða hvað?

**Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Um margt undarleg og erfið mynd sem segir mikilvæga sögu sem okkur væri hollast að rifja upp og gleyma aldrei. Og já, Christian Bale er frábær Dick Cheney. Skelfilega frábær.

Veldu Panodil sem hentar þér!

Verkjastillandi og hitalækkandi




**Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur.** Inniheldur paracetamól. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil




A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook, pinterest.com/a4fondur og á instagram.com/a4verslanir

Menningarumræða á virkum dögum á Rás 1




mán.-mið. kl. 16-17

Guðni Tómasson og Kristján Guðjónsson varpa ljósi á það sem er efst á baugi í menningu og listum.




mán.-fim. kl. 17-18

Umfjöllun um dægurmenningu, samfélagsmiðla og allt sem mótar líf okkar, í umsjón Eiríks Guðmundssonar, Önnu Gyðu Sigurgísladóttur og Önnu Marsibil Clausen.




föstudaga kl. 17-18

Farþegar í Lestarklefanum ræða um menningar- og listviðburði sem athygli vöktu í vikunni. Sendur út á Rás 1, RÚVmenning.is og RÚV2.



Hvar og hvenær sem þér hentar

Þú finnur uppáhaldsþættina þína í spilara RÚV, á RÚV.is eða í nýjum öppum RÚV fyrir snjalltæki.

RÁS 1 fyrir forvitna


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV.** Útsvar 2011-2012 Fljótsdalshérað – Grindavíkurbær.
**14.10 Úr Gullkistu RÚV.** 360 gráður.
**14.40 Úr Gullkistu RÚV.** Taka tvö – Róbert Douglas.
**15.25 Úr Gullkistu RÚV.** Popppunktur 2010 Spútnik – Hellvar.
**16.20 Úr Gullkistu RÚV.** Brautryðjendur – Ragnhildur Helgadóttir.
**16.50 Úr Gullkistu RÚV.** Landinn 2010-2011.
**17.25 Úr Gullkistu RÚV.** Ferð til fjár.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Anna og vélmennin**
**18.23 Bitið, brennt og stungið**
**18.36 Strandverðirnir**
**18.45 DaDaDans** Þennan dans geta ALLIR dansað! Hamingjan er hér. Lag og texti: Jónas Sigurðsson. Dansarar: Una Lea Guðjónsdóttir, Rut Rebekka Hjartardóttir, Helena María Davíðsdóttir, Embla María Davíðsdóttir, Gabríel Máni Kristjánsson, Arnaldur Halldósson. Danshöfundur: Sandra Ómarsdóttir.
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Ferðastiklur** Mosfellsheiði og Hengill.
**20.55 Rabbabari Þormóður og Starri**
**21.10 Gæfusmiður: Stan Lee's Lucky Man II** Önnur syrpa þessara bresku þátta um rannsóknarlögreglumanninn og spilafíkilinn Harry Clayton og armbandið hans sem veitir honum yfirnáttúrulega gæfu. Þegar Harry hittir hina dularfullu Isabellu, sem á sams konar armband, kemur hún öllu því sem hann hélt að hann vissi um armbandið sitt í uppnám.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Luther** Breskur sakamálaflokkur um harðsnúnu lögguna John Luther sem fer sínar eigin leiðir. Hann rannsakar röð óhugnanlegra morða ásamt samstarfskonu sinni, Catherine Halliday, en einhver virðist reyna að villa um fyrir þeim. Á sama tíma tekst Luther á við drauga sinnar eigin fortíðar og verður að ákveða hverja hann vill vernda og hverjum hann þarf að fórna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Ófærð** Pólskur verkamaður finnst myrtur í höfuðstöðvum virkjunarinnar á heiðinni og Víkingur er handtekinn, grunaður um verknaðinn. Halla Þórisdóttir er enn í bænum og heldur áfram sínum pólitísku vélráðum. En hugsanlega býr eitthvað fleira undir.
**00.00 Kastljós**
**00.15 Menningin**
**00.25 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.35** Saudi International
**12.55** Golfing World
**13.45** PGA Tour 2018 Special. Stories from PGA Tour
**14.35** Waste Management Phoenix Open
**19.35** Inside the PGA Tour
**20.00** AT&T Pebble Beach
Bein útsending frá AT&T Pebble Beach á PGA-mótaröðinni.
**23.00** Golfing World

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** Younger
**14.15** The Biggest Loser
**15.05** Ally McBeal
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** The Kids Are Alright
**20.10** Trúnó
**20.45** A Million Little Things
**21.35** The Resident
**22.20** How To Get Away With Murder
**23.05** The Tonight Show
**23.50** The Late Late Show
**00.35** NCIS
**01.20** NCIS Los Angeles
**02.05** Law & Order. Special Victims Unit
**02.50** Trust
**03.40** Agents of S.H.I.E.L.D.
**04.25** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Á tónsviðinu
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk Flakk - Mannlíf milli húsa - fjallað um arkitektinn Jan Gehl
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp Krakka RÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50** Paterno
**13.35** Dear Dumb Diary
**15.05** Temple Grandin
**16.55** Paterno
**18.40** Dear Dumb Diary
**20.10** Temple Grandin
**22.00** Between Two Worlds
**23.45** Jackie
**01.25** Woodshock
**03.05** Between Two Worlds

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Two and a Half Men
**07.50** Friends
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Anger Management
**10.00** Nettir Kettir
**10.45** Jamie Cooks Italy
**11.35** Á uppleið
**12.05** Dýraspítalinn
**12.35** Nágrannar
**13.00** Robin Williams. Come Inside My Mind
**14.55** Girl Asleep
**16.20** Major Crimes
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** The Big Bang Theory
**19.50** Splitting Up Together
**20.10** NCIS
**20.55** The Blacklist
**21.40** Magnum P.I
**22.25** Counterpart
**23.20** Room 104
**23.45** Real Time With Bill Maher
**00.50** Springfloden
**01.35** Mr. Mercedes
**02.35** Shameless
**03.30** Alex
**04.15** Alex
**05.05** Luck
**05.50** Luck

## STÖÐ 3

**19.10** Modern Family
**19.35** Mom
**20.00** Seinfeld
**20.50** The New Girl
**21.15** Supergirl
**22.00** Arrow
**22.45** Game of Thrones
**23.40** The Simpsons
**00.05** Bob's Burgers
**00.30** American Dad
**00.55** Mom
**01.20** Seinfeld
**01.45** Friends
**02.10** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Tottenham - Newcastle
**08.45** Premier League Review
**09.40** Afturelding - Selfoss
**11.10** Seinni bylgjan
**12.40** Domino's körfuboltakvöld
**14.20** Keflavík - Valur
**16.00** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**16.25** WBA - Brighton
**18.05** Premier League World
**18.35** NFL Gameday
**19.05** Njarðvík - Grindavík
**21.15** Búrið
**21.50** Keflavík - Valur
**23.30** Premier League World
**00.00** Lazio - Empoli

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Napoli - Sampdoria
**08.35** Inter - Bologna
**10.15** Ítölsku mörkin
**10.45** Real Madrid - Alaves
**12.25** West Ham - Liverpool
**14.05** Cardiff - Bournemouth
**15.45** Messan
**16.50** Kappræður KSÍ
**17.45** Everton - Manchester City
**19.25** Lazio - Empoli
**21.30** Leeds - Norwich
**23.10** Football League Show
**23.40** Njarðvík - Grindavík

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Heilsuhúsið
1979
HAMINGJUDAGAR!
Hafðu það gott allan sólarhringinn
Kal Crystal Magnesíum
2.627 kr.
~~3.502 kr.~~
Terra Nova D3 vítamín
1.417 kr.
~~1.889 kr.~~
Solaray Mega B-Stress
2.623 kr.
~~3.497 kr.~~
GÓÐA NÓTT
BYRJAÐU DAGINN RÉTT
MORGUNMATUR
KVEFBANI
PRÓTEINBOMBA
BETRI MELTING
UMHVERFISVÆN
KVÖLDMATUR
25%
afsláttur af völdum vörulínum til 10. febrúar
Sólgæti rauðar lífrænar linsur
351 kr.
~~468 kr.~~
Sólgæti lífrænt haframjöl 1 kg
442 kr.
~~589 kr.~~
Ecover þvottaefni fyrir litaðan þvott – áfyllingar fáanlegar
1.199 kr.
~~1.598 kr.~~
A. Vogel hóstasprey
2.271 kr.
~~3.028 kr.~~
A. Vogel sólhattur
1.141 kr.
~~1.521 kr.~~
Optibac – for every day
2.372 kr.
~~3.162 kr.~~
Terra Nova Digestive Enzyme
1.792 kr.
~~2.389 kr.~~
Pulsin Whey vanilluprótein
2.624 kr.
~~3.498 kr.~~
www.heilsuhusid.is
KRINGLAN • LAUGAVEGUR • LÁGMÚLI • SMÁRATORG • AKUREYRI • SELFOSS

# Ull frá Hvammstanga
## á tískuvikunni í París

Austurríska herramerkið House of the Very Island's valdi íslenska ull í hönnun sína á teppi og peysu og fékk afraksturinn frábærar viðtökur á tískuvikunni í París og verður í framhaldinu í sölu í hátískuverslunum.

Hafrún Karlsdóttir sem starfar fyrir merkið hafði milligöngu þar um en hún var í leit að góðri prjónaverksmiðju fyrir framleiðsluna. „Ég hef oft velt fyrir mér hvers vegna íslensk ull er svona lítið sjáanleg erlendis. Íslenska ullin er að mörgu leyti einstök og sérstaklega í ljósi þess að lömbin sem fæðast snemma á vorin fara út aðeins nokkurra daga gömul og lifa frjáls á íslenskum fjöllum og heiðum í hreinu lofti og með hreint æti.

Þar sem mikil vitundarvakning er varðandi uppruna vara og þá sérstaklega þegar kemur að dýraafurðum ætti íslenska ullin að hafa góða möguleika á að ryðja sér til rúms og skipa stærri sess í erlendri fataframleiðslu. Síðasta haust fékk ég tækifæri til að koma Markus og Karen, hönnuðum og eigendum House of the Very Island's, í samband við prjónaverksmiðjuna Kidka á Hvammstanga. Ég þekkti aðeins til þeirra þar sem ég hef nokkuð oft heimsótt verslunina með ömmu minni sem er búsett í Hrútafirði og er mikil prjóna- og hannyrðakona. Ég setti mig í samband við Kidka og þau voru opin fyrir samstarfinu sem gekk frábærlega vel og úr varð prjónapeysa og teppi, útfærð af House of the Very Island's og framleidd af Kidka."

> **ÞAR SEM MIKIL VITUNDARVAKNING ER VARÐANDI UPPRUNA VARA OG ÞÁ SÉRSTAKLEGA ÞEGAR KEMUR AÐ DÝRAAFURÐUM ÆTTI ÍSLENSKA ULLIN AÐ HAFA GÓÐA MÖGULEIKA Á AÐ RYÐJA SÉR TIL RÚMS OG SKIPA STÆRRI SESS Í ERLENDRI FATAFRAMLEIÐSLU.**

### Gæði vörunnar og góðar aðstæður mikilvægar

Hafrún segir afraksturinn hafa verið sýndan á herratískuvikunum í Mílanó, París og Kaupmannahöfn og að næst sé ferðinni heitið til New York. „Viðtökurnar hafa verið frábærar og mikill áhugi verið á vörunni sem verður meðal annars fáanleg í vefversluninni Ssense.com og Henrik Vibskov Boutique í Kaupmannhöfn og New York ásamt fleiri verslunum um allan heim næsta haust. En hér á landi fæst vörulínan í hönnunarversluninni Stefánsbúð.

Kúnninn var sammála um góð gæði íslensku ullarinnar og það er klárlega stór plús að varan er framleidd við viðunandi aðstæður á Íslandi en ekki í einhverri verksmiðju þar sem fólki er oft á tíðum boðið upp á mannskemmandi og hræðilegar aðstæður. Það er klárlega okkar, sem bæði framleiðum og kaupum tilbúna vöru, að kynna okkur hvar varan er framleidd og af hverjum." Hafrún segist sjá fullt af möguleikum fyrir íslensku ullina og vonast til að geta unnið með fleiri erlendum og innlendum hönnuðum til að koma því í kring.

bjork@frettabladid.is



**Hafrún Karlsdóttir starfar fyrir House of the Very Island's og segir íslenska ull eiga mikið inni.** MYND/SAGA SIG








**Vörur merkisins eru fáanlegar víða og meðal annars hér á landi í Stefánsbúð. Teppið sem framleitt er úr íslenskri ull vakti athygli á tískuvikunni í París.** MYND/CHRISTIAN BENESCH

HOLLARI GÖTUMATUR FRÁ GRIKKLANDI

# GYROS

## KJÚKLINGAVEFJA



Naanwich heilhveitiflatbrauð, kebabkjúklingur, jöklasalat, rauðlaukur, tómatar, fetaostur, tzatzikisósa og Sriracha chilisósa

1.595 kr.

NÝTT

## KJÚKLINGASALAT

með sesamdressingu

Kebabkjúklingur, sesamdressing, salatmix, tómatar og fetaostur

1.695 kr.



FÁANLEGT Á QUIZNOS UM ALLT LAND

olís

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ:
NORÐLINGAHOLTI · GULLINBRÚ · ÁLFHEIMUM · SÆBRAUT
MJÓDD · GARÐABÆ · MOSFELLSBÆ

LANDSBYGGÐIN:
BORGARNESI · AKRANESI · AKUREYRI · REYÐARFIRÐI
KEFLAVÍK · SELFOSSI · HELLU · VARMAHLÍÐ

Quiznos








Daði Freyr er spenntur fyrir verkefninu þó að hann segist ekki vita við hverju megi búast.

# Hugmyndaríkir táningar óskast strax

Verksmiðjan, nýsköpunarkeppni ungs fólks, verður sýnd á RÚV í vor og er raftónlistarmaðurinn **Daði Freyr** annar umsjónarmanna. Daði, sem er búsettur í Berlín, segist vera spenntur fyrir verkefninu.

Verksmiðjan, nýsköpunarkeppni fyrir ungt fólk á aldrinum 13 til 16 ára, verður sýnd á RÚV í vor en hugmyndaríkir táningar eru hvattir til að senda inn umsókn eigi síðar en í dag. Tónlistarmaðurinn vinsæli Daði Freyr er annar umsjónarmanna þáttanna ásamt Berglindi Öldu Ástþórsdóttur og heyrðum við stuttlega í honum yfir hafið þar sem hann er búsettur í Berlín þessa stundina.

Verksmiðjan hvetur ungt fólk til að taka eftir hugmyndum og umhverfi sínu og finna lausnir á ýmsum vandamálum, stórum sem smáum. Dómnefnd velur 30 hugmyndir sem verða þróaðar áfram í samstarfi við Fab Lab en þátttakendur fá jafnframt að vinna með fyrirtækjum í atvinnulífinu. Ein sigurhugmynd verður valin að lokum á lokahátíð Verksmiðjunnar og sú hugmynd á möguleika á að fara í framleiðslu auk þess sem vegleg verðlaun verða í boði. Fimm sjónvarpsþættir verða framleiddir um ferlið og sýndir á RÚV.

Daði Freyr er nú að vinna í nýju hljóðfæri sem hann mun frumsýna á lokahátíðinni þegar sigurvegari keppninnar verður tilkynntur. „Ég er að vinna í svokölluðum keytar með Fab Lab þar sem verður hægt að stýra ljósum með því að spila á hljóðfærið. Það er þó ennþá í þróun og ég mun frumsýna hljóðfærið á lokahátíðinni.“




Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, lét sig ekki vanta á opnun Verksmiðjunnar, enda er hún áhugasöm um að efla huga ungs fólks.



Berglind Alda er hitt andlit þáttanna – ung og upprennandi leikkona.

## Plata væntanleg

Daði er að vonum spenntur fyrir verkefninu þó að hann segist ekki vita við hverju sé að búast. „Ég veit ekki hvernig hugmyndum má í raun búast við því þetta er svo rosalega opið. Það kemur hvað sem er til greina, hvort sem það er hugbúnaður, einhvers konar vara sem gæti farið í búðir, hugmynd til að passa upp á náttúruna eða hvað sem er. Þetta verður vonandi fjölbreytt og ég er mjög spenntur að sjá hvað kemur út úr þessu.“ Sjálfur er Daði vanur að vinna úr hugmyndum en segir allan gang á því hvernig það ferli hjá honum sé í tónlistinni. „Ég er yfirleitt með einhverja smá hugmynd um hvað ég ætla að gera áður en ég byrja en um leið og ég er byrjaður að prófa mig áfram með mismunandi syntha, trommur, laglínur og svoleiðis, þá breytist lagið alltaf í eitthvað allt annað.“

Daði er eins og fyrr segir búsettur í Berlín og mun því vinna að þáttunum þaðan, og auðvitað að skapa hljóðfærið. „Ég bý í Berlín með konunni minni þar sem ég er mest bara að vinna í tónlist. Hún vinnur með Berlínum sem er fyrirtæki sem selur ferðir um Berlín með íslenskri leiðsögn auk þess að stunda fjarnám í mannfræði við HÍ.“ Daði Freyr hefur þó hvorki sagt skilið við tónlistina né aðdáendur sína á Íslandi en undir lok næsta mánaðar er væntanleg sex laga EP-plata frá honum. „Ég kem svo heim í sumar til að spila á tónleikum og svo ætla ég bara að gera meiri tónlist og hafa gaman af lífinu.“

Hægt er að fylgjast með og skrá sig til þátttöku á: ungruv.is/verksmidjan. **bjork@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


CHICKEN x PIZZA
CHIZZA
Tvær Zinger kjúklinga-
bringur, pizzasósa,
pepperóní og ostur
1.499 KR.
"it's finger
lickin' good"
599 KR.
Bættu við
gosi, frönskum
og Risa Hrauni
KFC



KLASSÍSK hönnun
BOGGIE
Stóll og 3ja sæta sófi
Slitsterkt áklæði. Grár, orange, brúnn, blár og rauður.
Stóll fáanlegur í sömu litum. Stærð sófa: 186 x 77 cm, H: 85 cm.
Fullt verð á sófa : 99.900 kr.
Fullt verð á stól : 54.900 kr.
20% AFSLÁTTUR BOGGIE
Þriggja sæta sófi
Aðeins 79.920 kr.
Stóll
Aðeins 43.920 kr.
DORMA Ú
LÝKUR UM
ÚTSALA 60% AFSLÁTTUR
GRAND
LÚXUS
baðsloppar, þykkir
L og XL
ÚTSALA 35% AFSLÁTTUR
Fullt verð: 5.990 kr.
Aðeins 2.396 kr.
ALLAR BAÐVÖRUR FRÁ ZONE
ZONE DENMARK
Skemmtileg dropala sófaborð.
Svört með eikarfótum
eða hvít með svörtum fótum.
Verð: 26.900 kr.
Svört með eikarfótum
eða hvít með svörtum fótum.
Þverm. 65 cm H: 44 cm
Verð: 22.900 kr.
ÚTSALA 60% AFSLÁTTUR
Sófaborð
Aðeins 10.760 kr.
Hornborð
Aðeins 9.160 kr.
Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 10-18 (Holtagarðar)
Mán. til fös. kl. 11-18.30 (Smáratorg)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566
Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda til 10. febrúar 2019 eða á meðan birgðir endast.

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Janúar útsalan

# { ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR }




## STÓRI BJÖRN dúnsæng

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR




QOD Stóri Björn dúnsæng
50% dúnn & 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.

Aðeins **9.950 kr.**

## Spring Air EXCELLENT heilsurúm með Classic botni

SPRING AIR



ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR
af Excellent dýnu
20% af botni

## SPRING AIR EXCELLENT
heilsurúm með botni

| Stærð í cm | Fullt verð | Útsöluverð |
|---|---|---|
| 120x200 | 125.900 kr. | 82.740 kr. |
| 140x200 | 139.900 kr. | 91.940 kr. |
| 160x200 | 159.900 kr. | 104.940 kr. |
| 180x200 | 179.900 kr. | 117.940 kr. |
| 192x203 | 194.900 kr. | 127.940 kr. |

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

- Pokagormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Bómullaráklæði
- Sterkur botn
- Steyptur svampur í köntum

DORMA

Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177



BAKÞANKAR
Guðrúnar Vilmundardóttur




## Kvennaslægð

Konur hafa löngum brugðið á margvísleg ráð til að reyna að bæta heiminn.

Í fyrsta bindi af þriggja binda útgáfu af 1001 nótt er sagan Kvennaslægð á bls 467. Sagan gerist í Bagdad, fyrir langalöngu. Yndisleg stúlka gengur fram hjá sölubúð og lætur það, eðlilega, fara í taugarnar á sér að á skilti yfir búðinni stendur: „Engin slægð er til nema karlmannaslægð, því hún er máttugri en kvennaslægð,“ í þýðingu Steingríms Thorsteinssonar.

Í stuttri endursögn kemur yndislega stúlkan kaupmanninum í vandræði, með slægð, en þegar hann spyr, örvæntingarfullur: Hvers á ég að gjalda, svarar hún einfaldlega að hún hafi verið að sýna honum fram á að þetta skilti væri út í hött.

„Þá fékk kaupmaðurinn undir eins einum af þrælum sínum gullpening og mælti: „Far þú til skrifarans og bið hann að skrifa með hinu fegursta letri, bláu og gullnu, þessi orð: „Engin slægð tekur kvennaslægð fram, því hún yfirstígur slægð karlmanna og er henni stórum fremri.“

Svo giftust þau.

Mér fannst alltaf furðulegt að hin yndislega stúlka vildi giftast manni sem hafði haft svo asnalegt skilti yfir búð sinni (hið fyrra). Og ekki finnst mér hann sýna mikinn félagslegan þroska með seinna skiltinu, það verð ég að segja.

Til þess er þó að taka að í upphafi sögunnar í 1001 nótt er tilgreint að kaupmaðurinn hafi verið fríður sýnum, fallega vaxinn, elskulegur og borið af öðrum mönnum.

Og hann sá að sér.

Þau bjuggu saman í velgengni, friði og fögnuði allt til æviloka.


FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk ON THE GO

Allir í bátana!

SUBWAY


VERKFÆRA-VEISLA!
20-30% afsláttur
Öll verkfærabox, rafmagns-, loft- og handverkfæri
BOSCH Einhell RYOBI TACTIX LUX TOOLS DREMEL STANLEY SKIL BAHCO
Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.



Nýtt blað á byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN